SIGRÍÐUR D. ÁSGEIRSDÓTTIR

*Tekur upp saumavélina þegar um hægist*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




HILLUR OG SKÁPAR

*Hugmyndarík hönnun og sniðugar lausnir*

Sérblað um hillur og skápa

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

4. febrúar 2010 — 29. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**

## Íslenskir víkingar umhverfismeðvitaðir



Nýju ljósi varpað á landnám í riti um fornleifauppgröft að Hofsstöðum í Mývatnssveit.

TÍMAMÓT 32

## Uppstokkun og uppgjör

„Ég hef fyrir því sterka tilfinningu að nú sé kominn verulegur skriður á uppgjörið eftir bankahrunið," skrifar Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

UMRÆÐAN 24



## Leitar að Sollu stirðu

Gunnar Helgason býst við fjölmörgum umsækjendum.

FÓLK 54

## Einstök byrjun



Aron Pálmarsson byrjar betur með landsliðinu en aðrir meðlimir bronsliðsins.

ÍÞRÓTTIR 48

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Úrkomulaust SV-lands** í dag verða austan 5-10 m/s en stífari við S-ströndina. Skýjað með köflum og él við ströndina, einkum NA-til. Frost víða 0-10 stig.

VEÐUR 4

# Lánuðu sér 5,3 milljarða

**Skiptastjóri þrotabús Saxbygg hefur stefnt Nóatúnsfjölskyldunni og eigendum Byggingarfélags Gunnars og Gylfa vegna sölu á erlendum fasteignaverkefnum til félags í þeirra eigu. Ekki er vitað hver á eignirnar nú.**

**VIÐSKIPTI** Skiptastjóri þrotabús fjárfestingarfélagsins Saxbygg hefur stefnt fyrri eigendum fyrirtækisins vegna sölu á erlendum fasteignaverkefnum til félaga þeim tengdum, lánveitinga Saxbygg til eigenda og ráðstöfunar eigna til fyrirtækja þeim tengdum. Lánin sem eigendur Saxbygg veittu sjálfum sér samanstanda af norskum krónum, evrum og pundum og hljóða upp á 5,3 milljarða króna á núvirði. Skiptastjóri vill að viðskiptunum verði rift.

Einar Gautur Steingrímsson skiptastjóri segir að eigendur Saxbygg, Nóatúnsfjölskyldan svokallaða og eigendur Byggingarfélagsins Gunnars og Gylfa, hafi stofnað fjögur einkahlutafélög. Þau heita Stenia, Aldersgate Invest, Brandenburg Invest og Cromwell Holdings sem var móðurfélag hinna þriggja. Inni í hverju hinna þriggja dótturfélaga voru erlend fasteignaverkefni; í Stenia norsk fasteignaverkefni, Aldersgate hélt utan um fasteignaverkefni í London í Bretlandi og í Brandenburg var verkefni í Berlín í Þýskalandi. Svo virðist sem Saxbygg hafi veitt félögunum þremur kúlulán til kaupa á fasteignunum. Eignirnar eru ekki lengur í félögunum og telur skiptastjóri að þær hafi verið seldar til fyrirtækja ytra árið 2008. Engir fjármunir virðast hafa skilað sér í bækur félaganna við sölu þeirra.

Skiptastjóri gerir bæði athugasemdir við að eignirnar voru seldar með kúlulánum og að þeim hafi verið ráðstafað áfram og því ekki innan seilingar. „Ekkert var greitt við söluna heldur átti að greiða það síðar. Það sættum við okkur ekki við," segir Einar Gautur skiptastjóri.

Björn Ingi Sveinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Saxbygg, er framkvæmdastjóri allra fyrirtækjanna sem um ræðir. „Ég hef ekkert um þetta að segja, ekki nokkurn skapaðan hlut," segir hann í samtali við Fréttablaðið.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

- jab / sjá síðu 20



**HANDBOLTAÆÐI** Frábær árangur íslenska landsliðsins í handbolta á síðustu tveimur stórmótum hefur heldur betur glætt áhuga þjóðarinnar á íþróttinni, eins og sjá mátti á þessum krökkum í Flataskóla í Garðabæ, þar sem þeir léku sér í handbolta utandyra, og það á gervigrasi. Ár og dagar eru síðan það tíðkaðist að spila handbolta utanhúss. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Steed Lord í Ameríku:

## Auglýsa með stórstjörnum

**FÓLK Íslenska hljómsveitin Steed Lord kemur fram í nýrri tískuauglýsingu fyrir fyrirtækið WESC með leikurunum Jason Lee og Peter Stormare. Lee er hvað þekktastur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum My Name Is Earl en Stormare hefur leikið í kvikmyndum á borð við Fargo og Dancer in the Dark. Auglýsinguna má sjá á heimasíðu fyrirtækisins. Steed Lord er nú að leggja lokahönd á nýja breiðskífu og ætlar að fara í ferðalag um Bandaríkin í mars og apríl.**

- fgg / sjá síðu 54

Risapottur í Víkingalottó næst:

## Stefnir í 1.600 milljóna pott

**GETRAUNIR** Enginn var með allar tölur réttar í Víkingalottóinu í gærkvöldi og gekk stóri potturinn því ekki út. Fyrsti vinningur var rúmar 300 milljónir.

Potturinn verður þar af leiðandi þrefaldur næst og það þýðir að í honum gætu orðið upp undir 1,6 milljarðar króna fyrir sex rétta og ofurtölu. Verður það stærsti vinningur í sögu Íslenskrar getspár.

- sh

Árni Sigfússon segir Reykjanesbæ ekki í gjörgæslu eftirlitsnefndar sveitarfélaga:

# Ekki alvarlegar athugasemdir

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Það er enginn að segja að bréfið sé hrein syndakvittun en þetta eru ekki alvarlegar athugasemdir," segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, um bréf sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur sent vegna fjárhagsáætlunar 2010.

Í bréfinu kemur fram að ekkert verði aðhafst að svo stöddu, en varnaðarorð um forsendur fjárhagsáætlunarinnar og fjárhagsstöðu ítrekuð og óskað sé eftir ársfjórðungslegum upplýsingum um stöðuna. Það segir Árni eðlilegt.

„Mér finnst ekki sanngjarnt að það sé horft á að við séum í einhverri gjörgæslu eða undir einhverri smásjá," segir Árni. Eðlilegt sé að menn vilji fylgjast með því að hagræðing í rekstri gangi eftir. Hann vill ekki kvitta upp á að offjárfesting hafi verið í Reykjanesbæ síðustu ár.

- pg / sjá síðu 16





**BT bæklingurinn**

er í blaðinu í dag og einnig á www.bt.is






## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, er svona taktföst hrynjandi í tónlistinni núna?*

„Að sjálfsögðu vonum við að tónlistin finni rétta taktinn í næstu uppsveiflu.“

Gunnar Guðmundsson er framkvæmdastjóri Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda. Í Fréttablaðinu í gær sagði Gunnar að algert hrun hefði orðið í sölu tónlistar.

Bjarni Benediktsson á ekki von á því að saksóknari ræði við hann vegna rannsóknar á bótasjóði Sjóvár:

# Ég ber ekki ábyrgð á Milestone og Sjóvá

**VIÐSKIPTI** Þeir sem fara með rannsókn á málefnum Sjóvár og Milestone hafa ekki rætt við Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, um aðkomu hans að viðskiptum félaganna. Hann á ekki von á því að það verði gert.

DV hefur að undanförnu fjallað um tengsl Bjarna Benediktssonar og félagsins Vafnings við Sjóvá og Milestone, og ekki síst það hvernig bótasjóður Sjóvár var notaður í misheppnaðar fjárfestingar erlendis. Segir í DV í gær að Bjarni hafi gegnt lykilhlutverki í viðskiptafléttu sem gekk út á að gera Milestone og ættingjum Bjarna af Engeyjarættinni, eigendum félagsins BNT, kleift að koma 45 milljörðum úr landi til að greiða bankanum Morgan Stanley skuld og bjarga þannig Milestone frá falli.



**BJARNI BENEDIKTSSON** Segir aðkomu hans að viðskiptunum ekki óeðlilega. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bjarni veðsetti hlutabréf í félaginu Vafningi, sem hélt utan um fasteignaviðskipti með lúxusíbúðir í Makaó. Áður hafði hann veitt sjálfum sér umboð til veðsetningarinnar, ásamt tveimur öðrum stjórnarmönnum BNT, þeim Jóni Benediktssyni og Gunnlaugi Sigmundssyni, fyrrverandi þingmanni Framsóknarflokksins og föður núverandi formanns.

„Mín aðkoma að þessu máli liggur alveg fyrir,“ segir Bjarni. „Hún var fólgin í því að veita Glitni veð í hlutafélaginu Vafningi til tryggingar á láni sem Glitnir hafði veitt því. Aðra aðkomu að málinu hafði ég ekki,“ segir hann.

Hann hafi ekki vitað um þau viðskipti með bótasjóð Sjóvár sem nú eru til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. „Það hefur legið fyrir frá því að byrjað var að fjalla um þetta mál að það var verið að endurfjármagna skuldir og mér var kunnugt um að viðræður ættu sér stað við Glitni um að eiga þátt í þeirri endurfjármögnun. Ég ber ekki ábyrgð á ákvörðunum sem Sjóvá tekur í þessu máli, ég ber ekki ábyrgð á því sem Milestone-stjórnendur gera í þessu máli, ég ber einungis ábyrgð fyrir hönd þeirra félaga sem ég sit í stjórn fyrir og í þessum fréttaflutningi er verið að færa á mína ábyrgð ákvarðanir sem voru aldrei á mínu borði,“ segir hann. **- sh**

Réttarhöld í Þýskalandi:

## Demjanjuk er sagður veikur

**ÞÝSKALAND, AP** Réttarhöldum yfir grunuðum stríðsglæpamanni, hinum 89 ára gamla John Demjanjuk, var frestað í gær eftir að læknar sögðu hann þurfa á meðferð að halda vegna blóðleysis.



**JOHN DEMJANJUK**

Hann á við alvarleg veikindi að stríða, en hefur engu síður þótt fær um að taka þátt í réttarhöldunum, sem fram fara í München. Vonast var til að halda mætti þeim áfram fljótlega.

Demanjuk er sakaður um að hafa tekið þátt í að myrða nærri 28 þúsund manns í útrýmingarbúðum þýskra nasista. **- gb**

Ný skýrsla um krabbamein:

## Hægt að fækka tilfellum mjög

**BRETLAND, AP Koma mætti í veg fyrir um það bil 40 prósent af öllum krabbameinsveikindum heims ef fólk hætti að reykja, hætti ofáti, drægi úr áfengisdrykkju, stundaði reglulega líkamsþjálfun og fengi bólusetningar gegn veirum sem valda krabbameini.**

**Þetta segja sérfræðingar hjá alþjóðastofnun gegn krabbameini, sem í gær sendu frá sér, í tilefni alþjóðlega krabbameinsdagsins, skýrslu um þær aðgerðir sem grípa þarf til svo draga megi úr krabbameinsvandanum.**

**Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO segir að rekja megi áttunda hvert dauðsfall í heiminum til krabbameins. - gb**

# Taílenskum nuddara var úthýst án ástæðu

**Félagsmálaráðuneytið rannsakaði ekki nógu vel mál taílenskrar konu sem var synjað um atvinnuleyfi sem nuddari á Álftanesi, segir umboðsmaður Alþingis. Eigandi nuddstofunnar vill afsökunarbeiðni frá fimm félagsmálaráðherrum.**

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis segir félagsmálaráðuneytið ekki hafa farið að lögum þegar taílenskri konu var synjað um atvinnuleyfi á nuddstofu á Álftanesi. Hugsanlega hafi ráðuneytið bakað sér skaðabótaskyldu en það sé úrlausnarefni dómstóla.

Bogi Jónsson, eigandi nuddstofunnar, segir það myndi verða gott að fá eitthvað til að minnka skaðann. „Ef þeir fimm félagsmálaráðherrar sem hafa haft með málið að gera og forstjóri Vinnumálastofnunar myndu biðja mig opinberlega afsökunar þá myndi ég láta það nægja,“ segir Bogi.

Á árinu 2006 hugðist Bogi ráða taílenska mágkonu sína til starfa á nuddstofu sem hann var að koma upp við veitingastað sinn Gullna hliðið á Álftanesi. Mágkonan er með sérmenntun í nuddfræðum frá Wat Po-skólanum sem sagður er sá virtasti í Taílandi. Stofa Boga hafði einmitt þessa tegund nudds sem sérsvið.

Vinnumálastofnun og síðar félagsmálaráðuneytið höfnuðu atvinnuumsókn mágkonu Boga. Ekki var talið að fullreynt væri að fá til starfa sambærilegan nuddara af evrópska efnahagssvæðinu þótt Bogi hafi auglýst starfið á þeim vettvangi. Hann hafi gert of þröngar og óraunhæfar kröfur. Þær voru meðal annars að viðkomandi hefði stundað nám í Konunglega Wat Po-heilsufræðiskólanum og talaði taílensku til að geta kynnt sér nýjustu strauma og stefnur í nuddinu. „Þau laun sem hún ætti að fá samkvæmt ráðningarsamningi bentu ekki til að verið væri að greiða fyrir langt nám eða mikla þekkingu launþegans,“ segir þess utan í áliti umboðsmanns um rök hinna opinberu aðila.



**BOGI JÓNSSON** Var neitað um að flytja inn sérhæfðan nuddara frá Taílandi og segir það hafa kippt grundvellinum undan rekstri nuddstofu hans á Álftanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umboðsmaður Alþingis segir félagsmálaráðuneytið hvorki hafa byggt synjun sína á lögum né kannað málið nógu vel áður en ákvörðun var tekin. Ekki hafi verið sýnt fram á að Bogi hefði bersýnilega gert óhóflegar kröfur til viðkomandi starfsmanns.

Bogi segir niðurstöðuna ekki koma sér á óvart en að málalyktir nú, nærri fjórum árum eftir upphaf málsins, komi vonum seinna. „Baðhúsið hjá mér stóð autt í tvö ár á meðan ég var að þrjóskast við að ná þessu í gegn og það hefur aldrei komist almennilega í gang út af þessari vitleysu því maður var ekki öruggur með starfsmann,“ segir hann.

Þótt mágkonan hafi ekki fengið atvinnuleyfið á sínum tíma segir Bogi að hún hafi komið hingað síðar í heimsókn. „Og nú er hún gift og á sína fjölskyldu hér.“

gar@frettabladid.is



**Á LEIÐ TIL KÍNA** Pandan Tei Shan kemur til Kína í dag ásamt félaga sínum, Mei Lan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Góðar móttökur í Kína:

## Pandan fær að læra kínversku

**KÍNA, AP** Starfsfólk dýragarðs í Kína er staðráðið í að taka vel á móti tveimur risapöndum, sem koma þangað frá Bandaríkjunum í dag. Önnur þeirra fær sérstaka tungumálakennslu til þess að skilja kínverska starfsfólkið.

Mei Lan heitir hún og kom í heiminn í dýragarði í Atlanta fyrir þremur árum. Með henni er send pandan Tei Shan, sem fæddist á sama stað fyrir fjórum árum.

Foreldrar þeirra voru upphaflega sendar til Bandaríkjanna frá Kína, en samkvæmt samkomulagi landanna voru þær aðeins til láns og ber að skila bæði þeim og afkvæmum þeirra til Kína. **- gb**

## SAKAMÁL

### Innbrotsþjófur handtekinn

Innbrotsþjófur var handtekinn í Hafnarfirði í fyrramorgun. Hann hafði meðal annars stolið fartölvu úr húsi í bænum en náðist, ekki langt frá vettvangi. Hann er grunaður um að hafa fleira misjafnt á samviskunni.

### Sektaður út af löggubol

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í 25 þúsund króna sekt, sem greiðist í ríkissjóð, fyrir að spóka sig í einkennisbol lögreglu við veitingastaðinn Broadway í Ármúla í Reykjavík.




Íbúðalánasjóður á orðið hátt í 400 íbúðir víða um land:

# Sækir um afslátt á gjöldum

**SVEITARFÉLÖG** Íbúðalánasjóður hefur sent sveitarfélögum erindi þar sem sótt er um afslátt á fasteignagjöldum vegna staðgreiðslu. Þá er óskað eftir að sorphirðugjöld falli niður, í þeim eignum sem standa auðar.

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir að rekstrarkostnaður sjóðsins af íbúðum sé orðinn talsverður. Sjóðurinn eigi orðið hátt í 400 íbúðir, en hafi á árum áður átt 50 til 100. Því hafi verið leitað til sveitarfélaga með þetta erindi, hagur beggja gæti veirð að mætast á miðri leið.

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fengust þau svör að dæmi væru um að sveitarfélög hefðu veitt slíkan afslátt. Það væri ákveðið hagræði fyrir sveitarfélög að fá fasteignagjöldin greidd í einu lagi, frekar en í allt upp í tíu gjalddögum. Sveitarstjórnir hefðu í raun sjálfdæmi hvernig þær brygðust við þessum erindum, en mikill meirihluti sveitarfélaga hefði engar reglur um afslátt.

Þá þekkist það einnig að sveitarfélög felli niður sorphirðugjald ef íbúðir standa auðar. Þá er sorpílátum skilað inn. Það getur hins vegar verið erfitt að úrskurða um slíkt í fjölbýlishúsum og þá eru fyrrum eigendur oft og tíðum áfram í húsnæði eftir að sjóðurinn hefur tekið það yfir. **- kóp**



**ÍBÚÐIR** Íbúðalánasjóður ber mikinn rekstrarkostnað af um 400 íbúðum sem sjóðurinn á nú. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Þýsk gæðaframleiðsla
7 mm
1.490kr/m²
1.990kr/m²
Plastparket
Egger, Eikarplankalíki, Euroclic-krækja.
Þýsk gæðaframleiðsla
146948
EGGER
FYRIR BÍLSKÚR, SVALIR OG STIGAGANGA
2.190kr/m²
Frostþolnar
Gólfflís Petra Serena
30x30sm, gegnheilar, 8,6mm þykkar
8630030
FYRIR BÍLSKÚRINN OG ÞVOTTAHÚSIÐ
9.990
Skolvaskur
Plast
8031333
HEIMILISDAGAR
FRÁBÆRT VERÐ
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS
NILFISK
KRAFTMIKIL HÁÞRÝSTIDÆLA
110 Bör
15.995
HÁÞRÝSTIDÆLA NILFISK
110 Bar, 1400W, sjálfvirkt mótorstopp
sem sparar vatn og rafmagn.
5m rafmagnskapall, 5 m slanga, sápubrúsi
5254241
FYRIR BÍLSKÚRINN OG GEYMSLUNA
Hillurekkar
verð frá:
7.995
HENRAD
20%
afsláttur
Henrad ofnar
3 ára ábyrgð
2.990
3.695
JOTUN
PROFF
pva interiør
Jotaproff 3 ltr.
Gæða veggmálning gljástig 7.
7119858
3 ltr.
2.999
3.899
Tjöruhreinsir 1ltr
699
999
TJÖRU
Bílkústur
Claber
5081645
5023570
Aðeins brot af úrvalinu!
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 03.02.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 125,96 | 126,56 |
| Sterlingspund | 201,57 | 202,55 |
| Evra | 176,30 | 177,28 |
| Dönsk króna | 23,677 | 23,815 |
| Norsk króna | 21,656 | 21,784 |
| Sænsk króna | 17,484 | 17,586 |
| Japanskt jen | 1,3921 | 1,4003 |
| SDR | 195,64 | 196,80 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
231,409

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**GEIMFLAUGIN** Íranskir stjórnmálamenn fylgdust með. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar stæra sig:

## Sendu lítil dýr út í geiminn

**ÍRAN, AP** Íranar skýrðu frá því að þeir hefðu sent nokkur lítil dýr út í geiminn með geimflaug, sem skotið var á loft í gær.

Meðal dýranna er mús, tvær skjaldbökur og á annan tug orma.

Mahmoud Ahmadinejad forseti sagði þetta sýna að Íranar hefðu yfir nægri tæknikunnáttu að ráða til þess að slá Vesturlöndum við.

Embættismaður í utanríkisráðuneyti Írans sagði að flauginni hefði verið skotið út fyrir gufuhvolfið, en síðan hafi hún fallið niður til jarðar í fallhlífum. Fullyrt var að dýrin hefðu lifað af ferðalagið. - gb

### SLÖKKVILIÐ

**Kveikt í barnavagni**

Kveikt var í barnavagni í stigagangi fjölbýlishúss í Kópavogi í gærkvöldi. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu skapaðist nokkur hætta en greiðlega gekk að slökkva eldinn. Reykræsta þurfti stigaganginn.

### LEIÐRÉTTING

Fyrir mistök voru tveir hluthafalistar rangir í úttekt Markaðarins í gær yfir eignarhald fyrirtækja. Norvik á Byko að fullu en Vestia, eignarhaldsfélag Landsbankans á Húsasmiðjuna. Þá á Vestia 36 prósenta hlut í bílaumboðinu Öskju en ekki 100 prósent. Sömuleiðis vantaði nafn Pétur Gunnarssonar á meðal hluthafa Eyjunnar. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Endurgreiðslur Tryggingastofnunar vegna tannréttinga fylgja ekki verðlagsþróun:

# Ekkert hækkað síðan 2004

**HEILBRIGÐISMÁL** Endurgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins (TR) vegna tannréttinga barna og ungmenna hafa haldist óbreyttar síðan 2004.

Samkvæmt 11. grein reglugerðar um þátttöku TR í kostnaði við tannlækningar, veitir TR styrk upp á allt að 150 þúsund krónur vegna tannréttinga. Sú upphæð væri nú tæpar 224 þúsund krónur ef hún hefði fylgt verðlagsþróun, eða 74 þúsund krónum hærri.

Í reglugerðinni er miðað við sérstaka gjaldskrá heilbrigðisráðherra. Tannlæknar þurfa aftur á móti ekki að fylgja henni og geta verðlagt þjónustu sína að vild. Að sögn Reynis Jónssonar, tryggingatannlæknis hjá TR, eru gjaldskrár tannlækna allt að 150 prósent hærri en gjaldskrá ráðherra.



**SEGÐU AAAA**… Styrkur TR vegna tannréttinga væri 74 þúsund krónum hærri ef hann fylgdi verðlagsþróun.

Að sögn Gísla Vilhjálmssonar tannréttingasérfræðings er algengt að tannréttingameðferð kosti á bilinu 700 þúsund til einnar milljónar króna.

Samkvæmt því getur styrkur TR numið 15 til 21,4 prósent af kostnaðinum, en væri 22,4 til 32 prósent af kostnaði ef styrkur TR fylgdi verðlagsvísitölu.

Að sögn Reynis er það heilbrigðisráðherra að ákveða hvort gjaldskrá eigi að vera tengd við verðlagsþróun eða ekki. „Hins vegar hefur ekki reynt á að semja um slíkar breytingar, því tannlæknar hafa ekki verið tilbúnir til samninga.“ - bs

Rannsóknir á hvölum:

## Merkingar sýna ferðalög hvala

**HAFRANNSÓKNIR** Hafrannsóknastofnun merkti nýlega tvo hnúfubaka skammt innan við Æðey í Ísafjarðardjúpi. Upplýsingar hafa borist um ferðir annars þeirra, en sá synti út úr Ísafjarðardjúpi daginn eftir merkingu 28. janúar.

Þaðan hélt hvalurinn ákveðið til vesturs og inn í grænlenska lögsögu. 2. febrúar var hnúfubakurinn staddur um 460 kílómetra vestur af Snæfellsnesi, um 170 kílómetra frá strönd Grænlands.

Stofnunin hefur að undanförnu merkt nokkra hvali og tæknin hefur gefið upplýsingar sem nýtast í rannsóknum á hvölum hér við land og um allan heim. - shá

# Ráðherra ósammála bæjarstjórn um HSS

**Heilbrigðisráðherra telur að Reykjanesbær hafi ekki fjárhagslega getu til að taka yfir rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Bæjarstjóri segir málið ekki snúast um fjármál sveitarfélaga heldur að snúa frá áralöngu stefnuleysi.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir fullkomlega raunhæft að sveitarfélagið taki yfir rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) og verkefnið snúist ekki um fjármál sveitarfélaga. Heilbrigðisráðherra er því ósammála.

Vegna niðurskurðar hjá HSS vill bæjarstjórn Reykjanesbæjar viðræður við stjórnvöld og sveitarfélög á Suðurnesjum um aðkomu eða yfirtöku á rekstri stofnunarinnar. Bókun þessa efnis var samþykkt af öllum bæjarfulltrúum í Reykjanesbæ á þriðjudagskvöld.

„Þetta snýst um að gera samning við ríkið um að taka við þessu verkefni og treysta sér til að það fjármagn sem ríkið leggur til nýtist betur með okkur og starfsmönnum HSS en í gegnum ráðuneytið, tilskipanir þess og stöðugar breytingar á stefnu,“ segir Árni og tekur dæmi um misvísandi ákvarðanir þriggja heilbrigðisráðherra um rekstur skurðstofa á HSS. „Þetta verður að breytast og við treystum okkur til að halda úti stefnu fyrir stofnunina lengur en ríkið og ná fram hagræðingu með þeirri þekkingu sem hér er fyrir.“

Árni segir enga ástæðu til að halda að verkefnið sé stærra eða flóknara en þau verkefni sem sveitarfélagið sinnir nú þegar og nefnir rekstur grunnskólans sem dæmi. Hann segir það rétt að sveitarfélagið geti ekki tekið á sig fyrirætlaðan niðurskurð heldur sé hugsunin sú að fá það fjármagn sem ætlað var til HSS áður en niðurskurðarkrafan var sett fram. Það sé raunhæft í ljósi þess niðurskurðar sem HSS hefur þegar þurft að sæta.



**FRÁ REYKJANESBÆ** Gríðarleg óánægja er í Reykjanesbæ vegna niðurskurðar. Því er haldið fram að sparnaðarkrafan sé langtum meiri en annars staðar á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra segist almennt hlynnt því að sveitarfélögin sinni sem mestu af nærþjónustunni en hér sé ekki rætt um lögbundið verkefni sveitarfélaga. „Þess vegna hlýtur maður fyrst að spyrja hvernig sveitarfélagið er fjárhagslega í stakk búið til þess að sinna þessari þjónustu. Miðað við fréttir frá eftirlitsstofnun sveitarfélaga og ársreikninga sveitarfélagsins þá held ég að öllum megi vera það ljóst að Reykjanesbær er ekki fær um að taka við þessari þjónustu sem er rekin með tapi og dregur eftir sér milljóna halla, því miður.“

Álfheiður segir að ósk um fjárframlag umfram fjárlög ársins 2010 sé óraunhæf. „Ég sé ekki hvar heilbrigðisráðuneytið ætti að taka 150 milljónir utan fjárlaga til að afhenda Reykjanesbæ.“ Hún segir að stjórnun HSS sé í höndum stofnunarinnar og á hennar ábyrgð. „Hendur stofnunarinnar eru bundnar af einu og það eru fjárlög.“

svavar@frettabladid.is

Mælingar Vegagerðarinnar:

## Umferð dregst verulega saman

**UMFERÐARMÁL Talningar Vegagerðarinnar sýna að minni umferð var í nýliðnum janúar en á sama tíma í fyrra. Umferðin á sextán talningarstöðum á hringvegi var ríflega þremur prósentum minni. Janúarumferðin hefur ekki dregist saman á liðnum árum fyrr en nú á árinu 2010.**

**Umferðin á Suðurlandi minnkaði um 5,6 prósent og 3,6 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Umferðin eykst aftur á móti á Norður- og Austurlandi um fjögur prósent og 1,3 prósent.**

**Á sama tíma í fyrra jókst umferð milli ára á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu um 11,3 prósent og 1,2 en dróst saman á Austur- og Norðurlandi um 13,2 prósent og 1,8 prósent.** - shá

Metanólverksmiðja:

## Starfsleyfi gefið út tímabundið

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun (UST) hefur gefið út starfsleyfi fyrir Carbon Recycling International ehf. og fyrirtækinu þar með heimilað að reka tilraunaverksmiðju til að framleiða metanól úr koldíoxíði. UST bárust tvær athugasemdir sem fallist var á og höfðu talsverð áhrif á skilyrði starfsleyfisins.

Skipulagsstofnun benti á að verksmiðjan væri tilraunaverksmiðja í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum. UST mætti því ekki leyfa framleiðslu metanóls lengur en í tvö ár án mats á umhverfisáhrifum.

Þá kom fram í athugasemd Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að rétt væri að gera frekari kröfur um hreinsun fráveitu. - shá






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**SUMS STAÐAR ÉL**
Þrátt fyrir dálítil él, einkum norðan og austanlands, verður áfram ljómandi gott veður á landinu næstu daga og á heildina litið lítur helgin vel út. Horfur eru á hæglætis veðri um nánast allt land og bjartviðri um vestanvert landið um helgina.



**Á MORGUN**
Austan 5-10 m/s.

**LAUGARDAGUR**
Stíf austanátt syðst, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 17° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 0° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 8° |
| Mallorca | 14° |
| New York | 5° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | -4° |
| París | 8° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# ÚTSÖLU LOK

4.-7. febrúar

Allt að 90% Afsláttur

## Götumarkaðsstemmning

Komdu og gerðu frábær kaup á allra síðustu dögum útsölunnar í Smáralind.
Útsölunni lýkur á sunnudaginn! Frábær tilboð og algjört verðhrun.

ENNEMM / SIA / NM38750

Opið til kl. 21 í dag

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

## KJÖRKASSINN



*Á að seinka klukkunni á haustin á ný miðað við gang sólar?*

| | |
|---|---|
| Já | 62% |
| Nei | 38% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Kaupir þú þér einhvern tíma tónlist?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Endurskoða þarf hafnalög að mati nefndar samgönguráðherra:

# Vandinn liggur í skuldabagga

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Nefnd samgönguráðherra gerir það að tillögu sinni að hafnalög verði endurskoðuð. Eins að verkaskipting hafna verði auðvelduð og úrelding gerð möguleg. Þá er talið æskilegt að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga verði falið að hafa sérstakt eftirlit með rekstri þeirra.

Kristján L. Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skipaði nefndina í febrúar 2009 til að gera tillögur um hvernig bregðast mætti við fjárhagsvanda hafna.

Nefndin telur að vandi hafna liggi meðal annars í of miklum skuldum, lágum tekjum og að tekjustofnar séu ekki fullnýttir. Þá sé fækkun hafna sem hafi tekjur af afla og vöruflutningum athugunarefni og aflagning sjóflutninga.



**VESTMANNAEYJAHÖFN** Í öllum sjávarbyggðum landsins er höfnin þungamiðjan, og á það ekki síst við um Eyjar. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar beint. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Vegna þessa er talið æskilegt að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga verði falið að hafa sérstakt eftirlit með rekstri þeirra enda oft um veigamikinn hluta af rekstri sveitarfélaga að ræða.

Nefndin gerir að tillögu sinni að veittir verði styrkir til að úrelda stakar hafnir eða að úrelda stök hafnamannvirki með tilliti til breytts hlutverks. Hafnamannvirki, sem eingöngu eru ætluð til samgangna, eins og ferjubryggjur, verði styrkt að fullu af ríkisvaldi og verði í eigu þess. Einnig að meta með nákvæmni hagkvæmni þess að færa flutninga af vegum á sjó. **- shá**

Reyndu að smygla fíkniefnum:

# Þrennt áfram í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLA Tveir karlmenn og ein kona, öll Litháar á þrítugsaldri, hafa verið úrskurðuð í áframhaldandi gæsluvarðhald til 17. febrúar að kröfu lögreglunnar.**

**Fólkið er grunað um aðild á innflutningi á þrem kílóum af metamfetamíni og 4.200 MDMA-töflum til landsins. Fíkniefnin fundust í bíl í Færeyjum en áfangastaður hans var Ísland. Tveir aðrir Litháar voru handteknir í tengslum við rannsókn málsins og eru þeir enn í haldi lögreglu í Færeyjum. Málið er rannsakað í samvinnu við lögregluyfirvöld í Færeyjum og Litháen með aðkomu Europol og tollyfirvalda á Íslandi. - jss**

Formaður viðskiptanefndar:

# Forstjórar FME verða kallaðir fyrir nefndina

**STJÓRNMÁL Formaður viðskiptanefndar Alþingis telur mjög mikilvægt að fá botn í það hvort eitthvað sé hæft í ásökunum hollenskra yfirvalda um að fulltrúar íslenska fjármálaeftirlitsins hafi logið að þeim um stöðu Landsbankans í fyrra.**



**LILJA MÓSESDÓTTIR**

**Þess vegna verða núverandi og fyrrverandi forstjórar Fjármálaeftirlitsins kallaðir fyrir nefndina í þarnæstu viku. Þetta sagði Lilja Mósesdóttir, formaður hennar, í samtali við Ríkisútvarpið í gær. Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, hefur óskað eftir því að fyrrverandi stjórnendur Seðlabankans og núverandi bankastjóri verði einnig kallaðir fyrir nefndina. - sh**

# Tvö ár fyrir að níðast á stúlku í fjögur ár

**Karlmaður nær áttræðu var í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi og til greiðslu miskabóta fyrir að hafa tælt unga stúlku með gjöfum til að hafa við sig nánast daglega samræði og önnur kynferðismök um árabil frá því að stúlkan var 14 ára.**

**DÓMSMÁL** Karlmaður nær áttræðu, Sveinbjörn Tryggvason, hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hafa tælt unga stúlku til að hafa við sig nánast daglega samræði og önnur kynferðismök. Hann var dæmdur til að greiða henni 1,2 milljónir í miskabætur. Athæfi mannsins stóð yfir frá 2001 til 2007. Stúlkuna tældi hann með peningum, skartgripum, fatnaði og fleiri gjöfum.

Stúlkan kærði manninn til lögreglu í mars 2008. Hún kvaðst hafa séð hann fyrst árið 2000, er hún var þrettán ára. Þá afgreiddi hún í kjötborði Hagkaupa á Smáratorgi, þar sem maðurinn kom til að versla. Stúlkan var svo á leið heim úr vinnu, fótgangandi og illa klædd í vondu veðri, þegar maðurinn stöðvaði bifreið sína og bauð henni far. Hann bauð henni við sama tækifæri vinnu og lét hana hafa símanúmer sitt, svo og fimm þúsund krónur í peningum, samkvæmt framburði hennar. Nokkru síðar hafði maðurinn svo samband við stúlkuna og fór með hana í skartgripabúð, þar sem hún mátti velja sér gjöf.

Fljótlega fór maðurinn svo að bjóða stúlkunni heim til sín og bauð henni meðal annars að nota ljósabekk sem hann var með á heimili sínu. Eftir nokkur skipti bað hann hana að afklæðast og tók af henni vídeómyndir nakinni. Svo fór hann að káfa á stúlkunni og færði hana síðar inn í herbergi með billjardborði, sem hann lagði hana upp á. Þar beitti hann hana ýmiss konar hrottalegri kynferðislegri misneytingu. Fáeinum mánuðum eftir að maðurinn tældi stúlkuna til sín hóf hann að hafa samfarir við hana. Stundum sýndi hann henni vídeómyndir sem hann hafði tekið af henni nakinni, þegar hann var að misnota hana, stundum klámefni.




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Dæmdi manninn í tveggja ára fangelsi, óskilorðsbundið. Dóminum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Þegar stúlkan var fjórtán ára fór hún að neyta fíkniefna. Kvaðst hún hafa deyft sig með efnum áður en hún heimsótti manninn. Hún fór í meðferð 2007, þegar hún var hætt að hitta hann.

Í framburði stúlkunnar kom fram að maðurinn hefði meðal annars borgað fyrir hana bílpróf og gefið í skyn að hann ætlaði að gefa henni bíl, enda ætti hann fyrirtækið Egil Vilhjálmsson ehf. Hefði hann keypt bíla í þessum tilgangi og látið þá standa í hlaðinu hjá sér, en selt þá ef stúlkan hlýddi honum ekki. Eitt sinn læsti hann hana inni í herbergi í fjóra tíma þar sem hann var ósáttur við hana.

Maðurinn ætlar að áfrýja dómi héraðsdóms til Hæstaréttar.

jss@frettabladid.is



**Í HÖFN** Á sjötta hundrað leyfa voru gefin út til veiðanna í sumar.

Strandveiðar um allt land:

# Lítið magn var flutt úr landi

**SJÁVARÚTVEGUR** Strandveiðibátar voru gerðir út frá nánast öllum útgerðarstöðum landsins, alls 53 höfnum. Rúmlega 70 prósent aflans var seldur á fiskmörkuðum.

Þetta kom fram í svari Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

Á heimasíðu Landssambands smábátaeigenda segir að það veki athygli að „aðeins rúm tvö prósent aflans var fluttur óunninn úr landi. Afli strandveiðibáta hefur því nánast allur verið unninn hér innanlands og þannig skapað fjölda starfa hjá fiskvinnslufólki.“ **- shá**

Þingmaður Samfylkingar:

# Álftanes þarf nauðasamninga

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Sveitarfélagið Álftanes þarf að fara í nauðasamninga vegna fjárhagsvandræða. Þetta var haft eftir Magnúsi Orra Schram, þingmanni Samfylkingarinnar, í fréttum Ríkisútvarpsins í gær.**

**Magnús segir að nú verði í veg fyrir fólksflótta úr sveitarfélaginu, en þegar séu merki um að fólk flytjist annað. Magnús Orri telur að til greina komi að setja á fót sérstaka stjórn yfir sveitarfélaginu, sem myndi þá fara með málefni þess á meðan unnið er úr fjárhagsvandanum. - sh**

## HOLLAND

### Wilders fer fyrir rétt

Frávísunarkröfu orðháksins Geert Wilders, eins umdeildasta þingmanns Hollands, var hafnað fyrir dómi í gær. Þar með þarf hann að svara til saka fyrir ummæli sín, sem þykja fela í sér hatursáróður gegn múslimum.

## SVISS

### Tveir fangar frá Guantánamo

Stjórnvöld í Sviss samþykktu í gær að taka við tveimur föngum frá Guantánamo-búðum Bandaríkjahers á Kúbu. Fangarnir tveir eru frá Kína, bræður af þjóð Úígúra, og ættu ekki von á góðum móttökum færu þeir til Kína.

„Vertu þinn eigin fjármálastjóri með Netgreiðsluþjónustu Byrs.“



Kannaðu málið á byr.is
Þetta er miklu minna mál en þig grunar.

Fjárhagsleg heilsa í heimabanka

BYR SPARISJÓÐUR

Stríðsglæpadómstólnum gert að taka mál Súdanforseta upp að nýju:

# Vilja kæra fyrir þjóðarmorð

**HOLLAND, AP** Stríðsglæpadómstólnum í Haag hefur verið uppálagt af áfrýjunardómstól að endurskoða niðurstöðu sína um að ákæra ekki Omar al-Bashir, forseta Súdan, fyrir þjóðarmorð í Darfur-héraði. Niðurstaða dómstólsins í Haag er talin leggja grunninn að því að al-Bashir komist upp með að hafa skipulagt þjóðarhreinsanir í héraðinu.

Stríðsglæpadómstóllinn sendi frá sér ákæru á hendur forsetanum í mars fyrir ýmsa aðra glæpi. Þetta var í fyrsta sinn sem stríðsglæpadómstóllinn gaf frá sér ákæru á hendur sitjandi þjóðarleiðtoga. Forsetinn neitaði sök. Sameinuðu þjóðirnar telja að um 300 þúsund manns hafi fallið í átökum uppreisnarmanna og stjórnarhers í Darfúr og sex milljónir manna séu á vergangi. Saksóknari sagði þá að al-Bashir bæri ábyrgð á morðum, nauðgunum og pyntingum í héraðinu auk þess sem hann sé ábyrgur fyrir að fjölmargir íbúar hafi verið fluttir nauðugir frá heimilum sínum um leið og öllum eigum þeirra hafi verið rænt.

Síðan í mars hefur forsetinn ferðast til þeirra ríkja sem eru honum vinsamleg en afturkallað heimsóknir til ríkja sem hann telur líkleg til að framselja hann til Haag.

Súdanstjórn hefur rekið þrettán líknarsamtök úr landi á tæpu ári og aukið enn á neyð milljóna manna sem þjást vegna stríðsástandsins sem hefur varað lengi í héraðinu. **- shá**



**OMAR AL-BASHIR SIGURREIFUR** Ógnarstjórn forsetans er talin sú versta í heimi af líknarsamtökum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




24 Hagkaup OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir utanríkisráðherra Rússa?*
2. *Hvar segjast grunaðir gjaldeyrisbraskarar hafa lært að braska?*
3. *Hverjir drápu dýragarðsdýr í Sófíu í Búlgaríu fyrir helgi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Dómsmálaráðherra skoðar hvort ráðuneytið geti úrskurðað um gjafsókn í málum gegn sjálfu sér:

# Hugsanlegt vanhæfi ráðuneytis verður skoðað

**STJÓRNSÝSLA** Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segist ekki telja að hún eða starfsfólk dómsmálaráðuneytisins séu vanhæf til að úrskurða um það hvort veita eigi fólki gjafsókn í málum gegn ráðuneytinu. Þetta segir hún vegna orða hæstaréttarlögmannsins Ragnars Aðalsteinssonar, sem í gær gagnrýndi meðferð ráðuneytisins á gjafsóknarumsókn íransks hælisleitanda. Hún hyggst hins vegar ætla að kanna málið betur.

Hælisleitandinn hafði óskað eftir gjafsókn til að reyna að fá synjunarúrskurði Útlendingastofnunar, og síðar dómsmálaráðherra, um hælisvist hans hnekkt. Hann fékk gjafsókn í héraði, tapaði þar málinu, og vildi síðan einnig fá gjafsókn fyrir Hæstarétti. Þeirri umsókn var hafnað.

Ragnar gagnrýndi þetta í fréttum RÚV í gær og sagði að þar sem dómsmál hælisleitandans var höfðað gegn ráðuneytinu hefði átt að vísa umsókn hans um gjafsókn annað.



RAGNAR AÐALSTEINSSON



RAGNA ÁRNADÓTTIR

Þessu er ráðherra ósammála og bendir á að allar umsóknir um gjafsókn fari fyrir sérstaka gjafsóknarnefnd. Synji hún umsókn megi ekki veita gjafsóknina „Gjafsóknarnefnd er sjálfstæð og lýtur ekki boðvaldi ráðherra og ekki hefur hingað til verið talið að ráðuneytið eða ráðherra sé vanhæfur þegar kemur að málum sem beint er gegn því,“ segir hún. Þau mál hafi verið allnokkur í gegnum tíðina. „Og mér er ekki kunnugt um að vafi hafi fyrr risið um hæfi ráðherra eða starfsmanna ráðuneytis.“

Sjálf eigi hún ekki persónulegra hagsmuna að gæta í málinu og sé því ekki vanhæf. „Allt að einu gefur þetta mál mér tilefni til að kanna það til hlítar hvort ráðuneytið eigi að beina því til annars stjórnvalds að taka afstöðu þegar um ræðir mál sem beinist að ákvörðun sem tekin hefur verið í ráðuneytinu,“ segir hún. **- sh**

Hreppsnefndarmenn:

## Segja ummæli ærumeiðandi

**STJÓRNSÝSLA** Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps segir að umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hafi viðhaft illa ígrunduð ummæli í úrskurði sínum um að hafna skipulagi í neðrihluta Þjórsár, þar sem gert var ráð fyrir virkjunum. Nefndin telur ummælin byggð á óáreiðanlegum heimildum og vera ærumeiðandi.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Er þar vísað til þess að haldið sé fram að sveitarstjórnarmenn hafi persónulega þegið aukagreiðslur frá Landsvirkjun í tengslum við skipulagsgerðina. „Þetta er rangt, sveitarstjórn hefur ekki þegið nein önnur laun né aðrar greiðslur en þær sem sveitarsjóður hefur greitt fyrir,“ segir í bókun sveitarstjórnar. **- kóp**

Leyfi fyrir símastaur framlengt:

## Mastur fær að standa í Ásbyrgi

**FJARSKIPTI Tæplega nítján metra hár símastaur, sem símafyrirtækið Og fjarskipti reisti við mynni Ásbyrgis í leyfisleysi síðastliðið vor, fær að standa fram á næsta haust. Frá þessu segir á vefnum nordurlandid.is.**

**Leyfi fyrir staurnum hefur verið framlengt um átta mánuði og skal sá tími nýttur til að finna varanlega lausn á fjarskiptum á svæðinu.**

**Fulltrúi Vinstri grænna í sveitarstjórn Norðurþings segir staurinn vera mikið lýti og krefst þess að hann verði fjarlægður strax, enda hafi fyrirtækið haft nægan tíma til að leysa fjarskiptamál á svæðinu.** **- sh**

# Foreldrar hafa hagsmuni barna í forgangi í kreppunni

**Foreldrar setja börn sín í félagslegan og fjárhagslegan forgang í kreppunni, samkvæmt upplýsingum „Barnanna í borginni“. Börnum líður almennt vel, fleiri börn kaupa skólamáltíðir og vanskil hafa minnkað.**



**Í STARFI OG LEIK** Svo virðist sem gildismat og gildi séu að breytast í þá veru að foreldrar forgangsraði tíma sínum og fjármunum í þágu barnanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MENNTAMÁL** „Upplýsingar sem lágu fyrir hjá okkur fram að áramótum eru þær, að börnunum líður almennt vel nú á krepputímum. Foreldrar virðast setja þau í félagslegan og fjárhagslegan forgang.“

Þetta segir Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkur og stjórnandi Menntasviðs Reykjavíkurborgar, sem fer fyrir teyminu „Börnin í borginni“.

Teymið hefur starfað frá því í október 2008, eða frá bankahruni. Hópurinn samanstendur af starfsmönnum Reykjavíkurborgar sem vinna með börnum í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Í teyminu eru einnig fulltrúar frá menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkur, Mannréttindaskrifstofu og Samfok.

Teymið hittist reglulega og fer yfir stöðu mála. Leitað er upplýsinga hjá skólastjórum og þannig reynt að fá sem heildstæðasta mynd af líðan barna í borginni.

„Upplýsingar um vanskil á greiðslum vegna skólamáltíða barna segja okkur að vanskilin eru minni, ef eitthvað er, en þau voru á árinu 2007, sem dæmi. Þá kaupa nú fleiri nemendur mat en áður,“ segir Ragnar. „Sama máli gildir um leikskólann og frístundaheimilin.“

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur rekur meðal annars söfnin í borginni.

„Það er mjög gleðilegt að segja frá því að allar uppákomur á söfnunum virðast falla vel í kramið hjá foreldrum og börnum, því þau eru mjög vel sótt af fjölskyldufólki. Ályktunin er þessi að fólk virðist forgangsraða sínum tíma í þágu barnanna okkar og standa vörð um velferð þeirra.“

Ragnar segir vissulega alltaf einhverja einstaklinga sem falli ekki inn í meðaltalið. Unnið sé með þá á einstaklingsgrundvelli í samvinnu við velferðarþjónustuna.

„En heildarniðurstaðan er sú að börnunum í borginni líður vel. Þau sækja skólann vel og stunda námið vel. Foreldrar eru duglegir við að koma til aðstoðar inn í það starf hjá skólanum sem þeir eru kallaðir til. Þetta er hin almenna staða byggð á upplýsingum frá skólastjórum í borginni.“

Spurður hvort niðurstaðan sé í raun sú að kreppan hafi þjappað fjölskyldunni saman í starfi og leik, segir Ragnar að svo virðist sem gildismat og gildi séu að breytast í þá veru að foreldrar forgangsraði tíma sínum og fjármunum í þágu barnanna.

**jss@frettabladid.is**




Atvinnuleysi þurrkaðist út í byrjun vikunnar:

## Fiskvinnsla hefst aftur á Grenivík

**SJÁVARÚTVEGUR** Atvinnuleysi á Grenivík þurrkaðist út í byrjun vikunnar þegar bolfiskvinnsla hófst á ný í plássinu eftir átta mánaða hlé, eins og RÚV sagði frá í kvöldfréttum á þriðjudag.

Það er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Gjögur sem hefur í samstarfi við heimamenn á Grenivík hafið þar fiskvinnslu í húsnæði sem áður hýsti saltfiskvinnslu Brims.

Sú starfsemi var lögð niður í júní síðastliðnum.

Vinnslan er ferskur bolfiskur beint til útflutnings ásamt frystingu.

Miklar endurbætur voru gerðar á tækjabúnaði, enda vinnslan frábrugðin því sem áður var.



**GRENIVÍK** Eftir átta mánaða hlé á bolfiskvinnslu var hún hafin á ný á Grenivík í byrjun vikunnar. MYND/ÚR SAFNI

Forsvarsmenn fyrirtækisins vona að starfsemin aukist þegar frá líður. **- shá**


RISA
ÚTSALA
REKKJUNNAR
SÍÐUSTU DAGAR!
30 TIL 70% AFSLÁTTUR
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
35% AFSLÁTTUR
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.
SVEFNSÓFAR
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá 104.860 kr.
HEILSUKODDAR
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá 5.915 kr.
SÆNGURFÖT
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá 4.830 kr.
ATH! Myndirnar eru aðeins til hliðsjónar og eiga ekki endilega við tilboðin sem gefin eru upp.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



**SEX DAGA GAMALL** Hann er ekki enn orðinn fagurbleikur eins og fullorðnu flamingófuglarnir, þessi ungi sem fæddist 27. janúar í dýragarði í Kólumbíu. NORDICPHOTOS/AFP

Glitnir gerir 8 milljarða kröfu í félagið Sólin skín sem er gjaldþrota:

# Baugur lánaði stórfé án veða

**VIÐSKIPTI** Glitnir gerir átta milljarða króna kröfu í félagið Sólin skín, sem var í eigu Baugs, Fons, Glitnis og Kevins Stanford. Baugur Group lánaði fyrirtækinu þrjá milljarða króna án nokkurra trygginga. Sólin skín er gjaldþrota og eignalaust.

Sólin skín var úrskurðað gjaldþrota í lok síðasta árs. Tilgangur félagsins var að fjárfesta í hlutabréfum í bresku verslanakeðjunni Marks & Spencer. Kröfur í þrotabúið nema alls þrettán milljörðum króna. Þær gætu orðið hærri en frestur til að lýsa kröfum er ekki runninn út.

Samkvæmt upplýsingum fréttastofu Stöðvar 2 eru kröfur skilanefndar Glitnis til komnar vegna beinna lánveitinga til félagsins, en þessum kröfum virðist síðar hafa verið breytt í samninga um framvirk hlutabréfaviðskipti.




**HÖFUÐSTÖÐVAR VIÐ KIRKJUSAND** Kröfur Glitnis eru átta milljarðar en í heild eru þær þrettán milljarðar. Kröfulýsingarfrestur er ekki runninn út. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Stefán Hilmarsson, fyrrverandi fjármálastjóri Baugs, sagði í samtali við fréttastofu að kröfur Glitnis hefðu eingöngu verið vegna framvirkra hlutabréfaviðskipta. Stefán sagði að Glitnir banki hefði gert veðkall á félagið rétt fyrir bankahrunið haustið 2008 og í kjölfarið selt hlutabréfin í Marks & Spencer. Hann sagði að bankinn þyrfti að svara því hvers vegna hann væri að gera kröfur í þrotabú Sólarinnar núna upp á átta milljarða króna. Ekki fengust svör við því hjá skilanefnd Glitnis í gær. - þþ

Bandaríkjaher í Pakistan:

## Mannfall dró að sér athygli

**PAKISTAN, AP Fall þriggja bandarískra hermanna í árás á stúlknaskóla í norðvestanverðu Pakistan í gær varð til þess að varpa kastljósi fjölmiðla að veru Bandaríkjahers í landinu, sem til þessa hefur verið reynt að láta fara hljótt.**

**Bandaríkjaher segir hermennina hafa verið á æfingu í samstarfi við pakistanska herinn.**

**Þrjár stúlkur og einn pakistanskur hermaður, sem var í fylgd Bandaríkjamannanna, létu einnig lífið. Árásin þykir sigur fyrir uppreisnarmenn úr röðum talibana og Al Kaída.** - gb



**ÚR EVE ONLINE** Þeir sem leika sér í EVE Online geta látið gott af sér leiða og hjálpað til við uppbyggingu á Haítí.

Leikfé EVE Online til hjálpar:

## Fjársöfnun fyrir Haítí í leik CCP

**TÆKNI Íslenski tölvuleikjaframleiðandinn CCP hefur blásið til fjársöfnunar fyrir fórnarlömb jarðskjálftans á Haítí. Það sem er óvenjulegt við söfnunina er að hún á sér stað í leiknum EVE Online, og geta spilarar þannig látið ákveðið magn af gjaldmiðli leiksins, sem kallast ISK, af hendi rakna til bágstaddra.**

**Í leiknum er unnt að verja leikfénu til kaupa á framlengdu „flugleyfi", eins og það er kallað, sem er í raun eins mánaðar viðbótarskráning í leikinn. Nú er hægt að kaupa slík leyfi með því fororði að féð renni beint til Haítí.**

**Forsvarsmenn CCP vara spilara þó við óprúttnum svindlurum sem kynnu að reyna að græða á framtakinu.** - sh

# Bandaríski herinn þarf að búa sig undir breytingar

**Kynslóðaskipti í Bandaríkjunum valda því að samkynhneigðir hermenn þurfa varla að fara mikið lengur í felur með kynhneigð sína. Þingið býr sig undir að breyta umdeildum lögum frá tíma Bills Clinton.**

**BANDARÍKIN, AP** Þótt Barack Obama nái líklega fram því stefnumáli sínu að gera samkynhneigðum kleift að gegna herþjónustu án mannskemmandi feluleiks, þá verður það ekki vegna þess að sannfæringarkraftur hans sé svo öflugur, heldur væri skýringin einfaldlega sú að kynslóðaskipti eru að verða í bæði bandarískum stjórnmálum og innan raða bandaríska hermanna.

Flestir þeir hermenn, sem bera hitann og þungann af átökunum í Írak og Afganistan, eru ungir og láta sig engu skipta hver kynhneigð félaga sinna er. Skoðanakannanir, sem gerðar hafa verið meðal þeirra, staðfesta þetta.

Almennt hefur þróunin í bandarísku samfélagi einnig verið í þá áttina, að réttindum samkynhneigðra er gert hærra undir höfði. Þannig eru hjónabönd samkynhneigðra nú lögleg í fimm af alls fimmtíu ríkjum Bandaríkjanna.

Þessi afstöðubreyting nær inn fyrir veggi þjóðþingsins í Washington. Í haust lýsti Barack Obama Bandaríkjaforseti því yfir, að hann vilji breyta lögum sem banna samkynhneigðum hermönnum að skýra opinskátt frá kynhneigð sinni, þótt þeim sé ekki bannað að gegna herþjónustu.

„Ekki spyrja, ekki segja" er meginregla þessara laga, sem Bill Clinton fékk þingið til að samþykkja árið 1993. Hann hafði reynt að fá þingið til að samþykkja að afnema bann við því að samkynhneigðir gegni herþjónustu, en mætti mikilli andstöðu meðal þingmanna og niðurstaðan varð þessi málamiðlun, sem samkynhneigðir hafa þó aldrei getað sætt sig við.




**MÓTMÆLI Í WASHINGTON** Í október kom baráttufólk fyrir réttindum samkynhneigðra saman fyrir utan Hvíta húsið í Washington til að fagna yfirlýsingu Obama um að hann vilji aflétta banni við því að samkynhneigðir hermenn skýri frá kynhneigð sinni. NORDICPHOTOS/AFP

Nú á þriðjudaginn sagðist yfirmaður bandaríska heraflans, Mike Mullen, vera þeirrar skoðunar að þessa reglu beri að afnema. Leyfa eigi samkynhneigðum að gegna herþjónustu án frekari málalenginga.

Hann sagði það hreinlega rangt að samkynhneigðir þurfi að ljúga til um það, hverjir þeir séu, til þess að fá að gegna herþjónustu.

Robert Gates, varnarmálaráðherra í ríkisstjórn Obama, segist styðja stefnu forsetans, en sagði herinn þurfa heilt ár til að undirbúa breytinguna.

Svo virðist sem yfirstjórn hersins hafi þegar byrjað undirbúninginn, því sífellt færri hermenn eru reknir úr hernum fyrir að tjá sig um samkynhneigð sína. - gb



**BOEING 787 DREAMLINER** Koltrefjar eru víða notaðar í iðnaði, sér í lagi þar sem hanna þarf sterka en létta hluti, svo sem í flugiðnaði.

Koltrefjaverksmiðja:

## Framkvæmdir bíða rétts tíma

**IÐNAÐUR** Forsvarsmenn UB koltrefja í Skagafirði segjast enn vongóðir um að hægt verði að reisa koltrefjaverksmiðju í Skagafirði en staða á heimsmarkaði er hins vegar sú að ekki verður raunhæft að hefja framkvæmdir fyrr en eftir eitt til þrjú ár.

Feykir.is hefur þetta eftir Snorra Styrkárssyni, forstöðumanni verkefnisins, sem segir mikinn áhuga á verkefninu erlendis, eins og heimsóknir fimm samstarfsaðila til Íslands sýni. Fall á sölu koltrefja eftir hrun þýðir að verkefnið frestast. Eftirspurnin eftir koltrefjum er nú aðeins helmingur framleiðslugetu þeirra verksmiðja sem nú eru starfandi.

Snorri segir að hugmyndir um koltrefjaverksmiðju á Akureyri hafi engin áhrif á áætlanir UB koltrefja. - shá

Endurheimtuhlutfall húsnæðislána og mögulegar afskriftir bankanna:

# Segjast ekki hafa metið svigrúmið

**EFNAHAGSMÁL** Enginn viðskiptabankanna þriggja gefur upp hvaða endurheimtuhlutfall hann miðar við á húsnæðislánum, út frá virði lánasafna sem fengin voru úr gömlu bönkunum, eða hversu mikið svigrúm bankarnir hafi til afskrifta. Þeir segjast ekki hafa metið þetta endanlega, óljóst sé hvort endurheimtuhlutfallið sem miðað er við sé rétt.

Samkvæmt útreikningum Marinós G. Njálssonar, tölvunarfræðings og stjórnarmanns í Hagsmunasamtökum heimilanna, úr skýrslu AGS frá nóvember, hafa bankarnir um 44 prósenta svigrúm til afskrifta. Mark Flanagan, sendifulltrúi AGS á Íslandi, mun hafa sagt á fundi með Hagsmunasamtökum heimilanna að AGS vilji að þetta svigrúm sé nýtt að fullu.

Blaðið hefur spurt bankana hvert heildarsvigrúm hvers og eins banka sé, og hvort þeir hafni fullyrðingu Flanagans. Það gera þeir ekki beint út.



**HEIMILIN** Mikið hefur verið rætt um hversu mikið bankarnir geti afskrifað af skuldum landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Bankarnir gerðu ráð fyrir ákveðinni endurheimtu á húsnæðislánasafni við verðmat á yfirteknu lánasafni," segir í svari Íslandsbanka. Hluti svigrúmsins sé lagður til hliðar fyrir lán sem tapast að fullu. Því komi ekki í ljós fyrr en á næstu árum hvort endurheimtuhlutfallið sem miðað er við reynist rétt. Afskriftir séu metnar í hverju tilfelli. Bankinn gefi ekki út viðmið um það. Ljóst sé að til töluverða afskrifta komi.

Frá Arion banka heyrist að ekki sé tímabært að meta heildarsvigrúmið. Lánasöfnin hafi verið metin á áætluðu raunvirði, en ekki sé beint samhengi milli matsvirðis lánasafna og þess svigrúms sem bankarnir hafa til að aðstoða skuldara.

Hjá Landsbanka er sagt að þörf sé á „verulegu svigrúmi" til að mæta afskriftum.

„Tölur AGS eru á þeirra ábyrgð og erfitt að leggja mat á þær. Ljóst er þó að þetta [44 prósentin] er meðaltalstala sem aldrei verður yfirfærð beint á bankana í heild eða einstaka viðskiptavini," segir í svari Landsbanka. - kóþ

Ríkið og Landsbjörg:

## Samstarf um slysavarnaskóla

**ÖRYGGISMÁL Samgönguráðuneytið og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa gert með sér nýjan þjónustusamning til þriggja ára um rekstur Slysavarnaskóla sjómanna. Samningsupphæð er 61,2 milljónir króna á ári.**

**Samningurinn er um starfrækslu Slysavarnaskóla sjómanna sem hefur það markmið að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og almennri fræðslu um slysavarnir á sjó.**

**Skal skólinn halda námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn á helstu útgerðarstöðum landsins og annast öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi.** - shá

Beðið um aðstoð almennings vegna þjófnaðar:

# Lögregla á Suðurnesjum leitar risavatnstanks

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglustjórinn á Suðurnesjum rannsakar nú óvenjulegt þjófnaðarmál. Horfinn er 30 þúsund lítra vatnstankur á grænum eftirvagni.

Vagninn er sagður vera fjögurra hásinga, 9,5 metra langur og 2,55 metrar á breidd. Honum var stolið úr Sandgerði í haust sem leið.

Þeir sem upplýsingar hafa um málið er bent á að hafa samband við lögregluna á Suðurnesjum í síma 420-1800. - jss



**HORFNI VATNSTANKURINN** Tankurinn sem lögregla á Suðurnesjum leitar nú að er engin smásmíði og vafalaust erfitt að leyna honum.




**KOSNINGAR Í NÁND** Júlía Tímosjenko forsætisráðherra vill forsetaembættið í kosningum sem fram fara í Úkraínu næstkomandi sunnudag. Í framboði á móti henni er stjórnarandstæðingurinn Viktor Janúkovitsj. NORDICPHOTOS/AFP

Skýrir valkostir í forsetakosningum í Úkraínu:

# Tengsl við Rússland eða Vestur-Evrópu

**ÚKRAÍNA, AP** Valkostir Úkraínubúa í seinni umferð forsetakosninganna á sunnudaginn virðast óvenju skýrir, en munur frambjóðendanna er þó töluvert minni en fyrir nokkrum árum.

Annars vegar Júlía Tímosjenko, forsætisráðherrann með gyllta hárið og fléttukransinn, sem boðar nánari tengsl við Vesturlönd og vill ganga í Evrópusambandið.

Hins vegar er stjórnarandstæðingurinn Viktor Janúkovitsj, fyrrverandi forseti sem í eina tíð var kerfiskall í þjónustu Sovétríkjanna og boðar náin tengsl við Rússland, þótt hann vilji ekki lengur að Úkraína sameinist hreinlega Rússlandi.

Úkraínubúar skiptast nánast í tvo jafnfjölmenna hópa. Í austanverðu landinu býr rússneskumælandi fólk sem treystir á náin tengsl Úkraínu við Rússland, en vestan til býr fólk sem mælir á úkraísku, tortryggir Rússland og þykir opnara fyrir vestrænum áhrifum.

Tungumálin tvö eru reyndar náskyld og munurinn stundum vart greinanlegur.

Munurinn á áherslu frambjóðendanna tveggja hefur einnig minnkað frá því Júlía Tímosjenko var, ásamt Viktor Jústsjenko, núverandi forseta, í fararbroddi appelsínugulu lýðræðisbyltingarinnar gegn Janúkovitsj og stjórn hans fyrir fimm árum.

Efnahagskreppan hefur sett strik í reikninginn, dregið mjög úr vinsældum Tímosjenko og gert landið í reynd háðara Rússlandi en árið 2004.

Hugsanlegt er að nýjar fréttir af handtöku fimm Rússa í Úkraínu hafi einhver áhrif á afstöðu kjósenda. Mennirnir eru sakaðir um að hafa stundað njósnir fyrir Rússland. Fullyrt er að þeir hafi reynt að komast yfir viðkvæmar upplýsingar.

Þeir voru handteknir í síðasta mánuði og er einn enn í haldi en hinir fjórir voru sendir úr landi. - gb



Íslensk stjórnvöld hafa gert samstarfssamning um ættleiðingar frá Filippseyjum:

# Tugir barna til Evrópu á ári

**SAMFÉLAGSMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa gert samstarfssamning um ættleiðingar frá Filippseyjum til Íslands. Félagið Íslensk ættleiðing hefur fengið löggildingu til að hafa milligöngu um ættleiðingarnar, segir Hörður Svavarsson, formaður félagsins.

„Landið er ekki mjög stórt ættleiðingarland, en það væri líka rangt að segja að ættleiðingar þaðan séu fátíðar,“ segir Hörður.

Nokkrir tugir barna frá Filippseyjum hafa verið ættleidd í Evrópu á ári hverju undanfarið. Skilyrði um lágmarksaldur eru heldur rýmri þar í landi en annars staðar, og þurfa væntanlegir kjörforeldrar að vera 27 ára eða eldri. Biðtími eftir barni er svipaður og hjá öðrum samstarfslöndum Íslenskrar ættleiðingar, um þrjú ár.



**BÖRN** Ástandið á munaðarleysingjahælum er víða afar erfitt. NORDICPHOTOS/AFP

Íslensk ættleiðing er með löggildingu til ættleiðingar barna frá Kína, Kólumbíu, Indlandi, Tékklandi, Makedóníu og Nepal.

Félagið taldi sig vera með sams konar löggildingu vegna Taílands, en í ljós hefur komið að íslensk stjórnvöld þurfa að gera nýjan samstarfssamning við taílensk stjórnvöld til þess að hægt sé að ættleiða börn þaðan til Íslands, að því er fram kemur á vef félagsins.

Um 100 íslensk pör og um þrjátíu einstæðar konur bíða þess nú að geta ættleitt börn. Ættleiðingar innanlands eru afar fátíðar, og þurfa væntanlegir kjörforeldrar því að leita út fyrir landsteinana. **- bj**

Selt úr þrotabúi Kraftvéla:

## Kraftvélar í rekstur á ný

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið Kraftvélar er tekið til starfa á ný. Það var lýst gjaldþrota 20. janúar. Tveimur dögum síðar var það auglýst til sölu og síðan var selt úr þrotabúinu 25. janúar. Fyrrverandi eigandi keypti nafnið og lausamuni.

Reynir Kristinsson lögmaður, sem kom að skiptunum fyrir hönd Landsbankans, segir ferlið eðlilegt. Mikilvægt geti verið að klára svona mál fljótt, bæði fyrir starfsfólk og viðskiptavini. Með í kaupunum hafi fylgt skuldbindingar við starfsfólk.

Lager fyrirtækisins var ekki seldur, heldur leysti Landsbankinn hann til sín. **- kóp**



**HYLUR ANDLIT SITT** Benedikt páfi tók þátt í bænahaldi í Péturskirkjunni í Róm á þriðjudag og brá þá meðal annars þessum forláta oblátubuðki fyrir andlit sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STYRKUR AFHENTUR** Afhending styrks til stjórnar Krafts fór fram á veitingastaðnum Nauthól.

Sparkað til stuðnings:

## Stúdentafélög styrkja Kraft

**FÉLAGSMÁL Stúdentafélag HR og Stúdentaráð HÍ afhentu stjórn Krafts, félags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein, styrk sem safnaðist á góðgerðaknattspyrnuleik skólanna í Kórnum fyrr í vetur. Samtals söfnuðust rúmlega 300 þúsund krónur.**

**Kraftur og stúdentahreyfingarnar vilja þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg og tóku þátt í þessum fyrsta opinbera góðgerðaleik skólanna.** **- shá**



**NASA VIÐ AUSTURVÖLL** Dómur er fallinn vegna líkamsárásar sem átti sér stað fyrir utan skemmtistaðinn Nasa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Karlmaður á þrítugsaldri:

## Sekt og skaðabætur eftir árás

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í 100 þúsund króna sekt vegna líkamsárásar. Þá er hann dæmdur til að greiða þeim sem hann réðst á 200 þúsund krónur.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa veist að öðrum manni fyrir utan skemmtistaðinn Nasa í Reykjavík og skallað hann í andlitið. Fórnarlambið hlaut töluverða áverka, meðal annars brotnuðu tvær tennur.

Árásarmaðurinn kannaðist við að hafa skallað hinn í ennið en ekki í andlitið. Hann á fjögur fíkniefnabrot að baki og einn fangelsisdóm. **- jss**

# Aðild að ESB efldi fullveldið

**Ulf Dinkelspiel, fyrrum Evrópumálaráðherra og aðalsamningamaður Svía í viðræðum við ESB, segir bæði Íslendinga og Svía trega í taumi í Evrópumálum. Svíar vilji kasta sænsku krónunni. Veik mynt styðji ekki fullveldi.**

**EVRÓPUMÁL** Margt er líkt með Svíum og Íslendingum í afstöðu íbúa landanna til Evrópusamstarfs. Ulf Dinkelspiel, fyrrverandi Evrópumálaráðherra og aðalsamningamaður Svíþjóðar í aðildarviðræðunum landsins við Evrópusambandið (ESB), segist hafa verið minntur á þetta þegar hann sá niðurstöður skoðanakönnunar hér um afstöðu til aðildar að ESB. Allt fram á síðustu metra aðildarviðræðna og að kynningu samnings í Svíþjóð hafi þar mælst fleiri á móti aðild en með henni.

„Við vorum oft skrefi á eftir nágrannaþjóðunum hvað Evrópusambandið varðar,“ sagði Ulf í erindi sem hann flutti í Norræna húsinu fyrir skömmu og vísaði til þess að Þegar Bretland, Írland og Danmörk gengu í sambandið árið 1972 þá hafi Svíar látið nægja fríverslunarsamning við ESB. Nú segir Ulf að Svíar hafi dregist aftur úr á ný, með því að hafa ekki enn tekið upp evru í stað sænsku krónunnar. Um leið er han n þess fullviss að Svíar taki upp evruna og að fyrir því sé nú meirihlutafylgi í landinu. „Sjálfstæði þjóðarinnar krefst þess ekki að haldið sé í sveiflugjarnan og óstöðugan gjaldmiðil,“ sagði hann í lok fundar á þriðjudaginn.

Hann hefur nýverið lokið við gerð bókarinnar Evrópubúinn ófúsi (Den motvillige europén eða The Reluctant European). Í henni fer hann yfir aðdraganda og aðildarferli Svíþjóðar í Evrópusambandið. Ráðandi þættir í ákvörðun Svía segir hann eins eiga við hér á landi. Eftir fall múrsins í byrjun tíunda áratugarins hafi hlutleysissjónarmið ekki lengur átt við vegna utanríkisstefnu Svíþjóðar við Austrið og Vestrið. Þá hafi legið fyrir að Svíar, líkt og Íslendingar nú, tækju yfir bróðurpart löggjafar ESB, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES), án þess að hafa nokkur áhrif á þá lagasetningu. „Innganga var í raun spurning um að efla fullveldið,“ sagði hann.

Ulf Dinkelspiel segir engan vafa á að Íslendinga bíði hörð samningalota við Evrópusambandið vegna aðildarumsóknarinnar. Reynsla hans hafi samt verið sú að aðildarsamningar við sambandið hafi verið mun auðveldari en EES-samningarnir. „Þar var verið að sveigja ESB inn á nýja slóð. Í aðildarviðræðunum höfðum við þegar tekið upp bróðurpartinn af löggjöfinni og í raun að gangast inn á reglur sem búið var að móta.“

Um leið sagði hann lykilatriði að umsóknarferlið og allir fletir þess séu opnir og gagnsæir þannig að fólk geti á öllum tímum vegið og metið kostina og samninginn sem fyrir liggi. „Við tókum raunsæa afstöðu í að kynna samninginn. Í ESB bíður ekki himnaríki og það verður ekkert helvíti að standa utan, sagði ég gjarnan, en bætti um leið við að mat mitt væri að kostirnir við aðild væru mun meiri en ókostirnir.“ **olikr@frettabladid.is**



**Í NORRÆNA HÚSINU** Húsfyllir var á fyrirlestri Ulfs Dinkelspiel, fyrrverandi Evrópumálaráðherra Svía og aðalsamningamanns landsins í viðræðum við Evrópusambandið (ESB), í Norræna húsinu fyrir rúmri viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### STUTT ÁGRIP UM ULF DINKELSPIEL

Ulf Dinkelspiel hefur gegnt lykilhlutverki í samningamálum Svíþjóðar á löngum ferli sem embættis- og stjórnmálamaður. Reynsla hans í þeim efnum er sögð meiri en nokkur annar getur státað af þar í landi, sé jafnvel einstök í Evrópu. „Hann vann að samningaviðræðunum um Evrópska efnahagssvæðið á sínum tíma en þá var hann ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneyti Svíþjóðar. Dinkelspiel sinnti síðan embætti Evrópumálaráðherra frá árinu 1990 til 1993. Aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið stóðu síðan yfir frá 1992 til 1994 en Dinkelspiel var aðalsamningamaður Svíþjóðar enda Evrópumálaráðherra og síðar einnig viðskiptaráðherra á þessum tíma. Þá var hann í forsvari fyrir Evrópuhreyfinguna í landinu þegar að þjóðaratkvæðagreiðslunni kom haustið 1994. Dinkelspiel hefur að auki nær fjögurra áratuga reynslu í sænsku utanríkisþjónustunni,“ segir í kynningu Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki á Dinkelspiel, en þessar stofnanir, ásamt sænska sendiráðinu, stóðu fyrir fundinum með honum.

Heimamenn ósáttir við áætlaða legu fyrirhugaðs sjóvarnargarðs við Vík:

# Varnargarðurinn verði utar

**ÖRYGGISMÁL** Sveitarstjórn Mýrdalshrepps vill að lega á fyrirhuguðum sjóvarnargarði við Vík verði endurskoðuð.

Að sögn sveitarstjórnarinnar kemur fram í nýrri greinargerð verkfræðistofunnar Mannvits fyrir Mýrdalshrepp að Siglingastofnun og Vegagerðin hafi ekki metið nýja veglínu og sjóvörn út frá þjóðhagslegum hagsmunum. Hvor stofnunin um sig hafi aðeins horft til sinna þátta. Færa þurfi sjóvarnargarðinn utar en Siglingastofnun geri ráð fyrir. „Það er í samræmi við sjónarmið Landgræðslunnar sem hefur haldið fram þeim sjónarmiðum að sjóvarnargarður þurfi að vera sem lengst frá byggðinni þannig að unnt verði að hemja sandrok sem óhjákvæmilega má eiga von á úr fjörunni við viss veðurskilyrði,“ segir sveitarstjórnin.

Mýrdælingar hafa lengi bent á mikið landbrot sem ógni byggðinni í Vík. Eins og fram hefur komið hefur Alþingi nú samþykkt 100 milljóna króna framlag í gerð 730 metra varnargarðs. Ekki er gert ráð fyrir garðinum í aðalskipulagi Mýrdalshrepps en sveitarstjórnin vonast til að breytingar á skipulaginu gangi í gegn nú í febrúar. Heimamenn gera athugasemdir við fleira en legu garðsins. „Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir útsýnispöllum, gönguleiðum, bakkavörnum og frárennslisútrás við Víkurá,“ segir sveitarstjórnin. **- gar**



**VIÐ VÍK Í MÝRDAL** Siglingastofnun áætlar nýjan sjóvarnargarð þrjátíu metra frá íþróttavellinum í Vík. Heimamenn vilja garðinn utar til að hefta betur sandrok. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikill áhugi á styrkjum:

## Þjónusta við langveik börn

**VELFERÐARMÁL Um þrjátíu sveitarfélög sóttu um styrki í tengslum við átak til að efla stuðnings- og nærþjónustu fyrir langveik börn og börn með ofvirkni og athyglisbrest.**

**Alls var sótt um styrki fyrir um 80 verkefni.**

**Þrjú ráðuneyti, félags- og tryggingamála, heilbrigðis- og mennta- og menningarmálaráðuneyti, standa að átakinu, ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga.**

**Markmið átaksins er sagt vera að tryggja þjónustu í samræmi við þarfir barnanna og fjölskyldur þeirra, óháð því hvar hún er flokkuð í stjórnkerfinu. Verið er að fara yfir úthlutanir og ákvarðanir verða kynntar um leið og þær liggja fyrir.** **- kóp**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tvær kannabisræktanir**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann um 25 kannabisplöntur við húsleit í fjölbýlishúsi í Hafnarfirði í fyrradag. Í íbúð í fjölbýlishúsi í Breiðholti fundust 30 plöntur auk græðlinga.

Breytt verðskrá á Héraði:

## Borgar minna fyrir refinn

**VEIÐI Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur breytt verðskrá vegna refa- og minkaeyðingar.**

**Er þetta gert þar sem samningarnir við veiðimenn voru lausir og fjármagn það sem ætlað var til refa- og minkaeyðingar dugði ekki síðustu tvö ár. Fá veiðimenn nú 13.500 krónur fyrir vetrarveiddan ref en fengu áður 18.000. Fyrir grenjadýr verðar borgaðar 9.000 krónur í stað 12.000 áður og fyrir yrðlinga verða greiddar 4.500 krónur í stað 6.000 áður. Áfram verða greiddar 3.500 krónur fyrir mink og þá verður gjald fyrir nýtt greni óbreytt en fyrir það eru greiddar 20.000 krónur.** - th

Bandaríkjaforseti tekur ekkert mark á gagnrýni og hótunum Kínverja vegna yfirvofandi heimsóknar:

# Obama ætlar að hitta leiðtoga Tíbeta

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti lætur gagnrýni kínverskra stjórnvalda sem vind um eyrun þjóta.

Hann lýsti því yfir á þriðjudag að hann ætli sér að hitta Dalaí Lama, leiðtoga Tíbeta, þegar hann kemur til Bandaríkjanna síðar í mánuðinum þrátt fyrir að Kínverjar segi þetta skaða enn frekar samskipti ríkjanna, sem þó eru stirð fyrir.

Kínverjar ítrekuðu andstöðu sína í gær, og sögðust bæði andvíg heimsókn Dalaí Lama til Bandaríkjanna og algerlega andvíg því að hann eigi fund með Bandaríkjaforseta.

Í síðustu viku staðfestu bandarísk stjórnvöld einnig að þau ætli sér að selja vopn til Taívan. Kínverjar brugðust ókvæða við og hótuðu Bandaríkjunum efnahagslegum refsiaðgerðum, sem muni beinast gegn þeim fyrirtækjum sem taka þátt í vopnasölunni.

Kínversk stjórnvöld telja bæði Tíbet og Taívan vera héruð í Kína og hafa jafnan mótmælt harðlega þegar önnur ríki hyggjast hafa minnstu samskipti við hvort heldur fulltrúa útlagastjórnar Tíbets á Indlandi, sem Dalaí Lama er í forystu fyrir, eða stjórnvalda á Taívan. - gb



**BARACK OBAMA** Vopnasala til Taívans jafnt sem fundur með Dalaí Lama hafa vakið hörð viðbrögð Kínverja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Á SUÐURLANDSVEGI** Bílaumferð um Suðurland hefur dregist saman frá því í fyrra.

Kreppan líka á þjóðvegi eitt:

## Bílaumferð er minni en áður

**SAMGÖNGUR** Talsvert minni bílaumferð var nú í janúar en janúar í fyrra. Þetta kemur fram á heimasíðu Vegagerðarinnar. Þar segir að á sextán talningarstöðum við hringveginn hafi umferðin minnkað um þrjú prósent. „Mest dróst umferðin saman á Suðurlandi en hún jókst hins vegar á Norður- og Austurlandi,“ segir Vegagerðin sem kveður umferðina í janúar fram að þessu hafa aukist frá ári til árs þar nú. Umferðin á Suðurlandi minnkaði um 5,6 prósent og á höfuðborgarsvæðinu um 3,5 prósent. Á Norðurlandi jókst umferð um 4,0 prósent og á Austurlandi um 1,3 prósent. - gar

Ferðalög í janúar:

## Fleiri fóru til útlanda í janúar 2010 en í fyrra

**FERÐIR Tæplega nítján þúsund erlendir gestir fóru frá landinu um Leifsstöð í janúarmánuði síðastliðnum, 1.200 færri en í janúar árið 2009. Fækkaði því erlendum gestum í janúar um sex prósent milli ára. Fleiri Íslendingar fóru hins vegar utan í janúar í ár en í fyrra eða 7,4 prósent fleiri, voru 18.500 árið 2009 en tæplega tuttugu þúsund í nýliðnum mánuði.**

**Að því er fram kemur í fréttatilkynningu Ferðamálastofu fjölgaði breskum ferðamönnum um tæp tólf prósent og hafa þeir aldrei verið fleiri í janúarmánuði. Í heild er fækkun frá öðrum markaðssvæðum þótt fjölgun sé frá einstökum löndum til dæmis Hollandi og Kanada og Kína.** - sbt

Rithöfundasamband Íslands:

## Vill að RÚV endurskoði afstöðu sína

**ÁLYKTUN** Stjórn Rithöfundasambands Íslands hefur samþykkt ályktun þar sem Ríkisútvarpið er hvatt til að endurskoða afstöðu sína til innlendrar dagskrárgerðar og íslenskrar kvikmyndagerðar.

„Á örlagatímum er fátt nauðsynlegra einni þjóð en skýr mynd af sjálfri sér og því sem á henni brennur,“ segir í ályktuninni. „Hinn sameiginlegi fjölmiðill allra landsmanna ætti því fremur að bæta í en draga úr, hvað þá skera alfarið niður. Hið fornkveðna á við nú sem fyrr: Þekktu sjálfan þig!“ - th



## „ORÐRÉTT“

*Aðgát skal höfð í nærveru sálar*

**„Þegar Jake talar um að hann fíli að Jane sé hætt að fara í brasilískt vax þurfti ég að leggja frá mér snakkið.“**

TRAUSTI ÞÓR ÞÓRÐARSON KVIKMYNDAGAGNRÝNANDI.
**DV 3. janúar 2009**

*Hvað með eiginkonuna?*

**„Það hefur ekkert áhugavert fallið í fangið á mér enn þá ef ég á að segja satt.“**

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON, LANDSLIÐSÞJÁLFARI Í HANDBOLTA.
**Fréttablaðið 3. febrúar 2009**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MÓEIÐUR JÚNÍUSDÓTTIR

## *Var að skila lokaritgerð í guðfræði*



„Það er nú það helst að frétta af mér að ég var að skila inn lokaritgerð til embættisprófs í guðfræði við Háskóla Íslands fyrir nokkrum dögum. Þannig að nú er útskrift í febrúar næst á dagskrá,“ segir Móeiður Júníusdóttir, fyrrverandi söngkona en núverandi guðfræðingur og nemi í kennslufræðum, spurð hvað sé af henni að frétta.

„Ritgerðin fjallar um lútherstúlkanir á Íslandi, ég fjalla sérstaklega um bók eftir Magnús Jónsson, fyrrverandi prófessor við guðfræðideild HÍ sem skrifaði bók um Lúther sem kom út árið 1907. Inn í ritgerðina fléttast svo viðhorf aldamótakynslóðarinnar til trúarinnar, það var mikið að gerast á þessum tíma. Margir voru gagnrýnir á trúna og ný stefna kom fram í guðfræði, sem stundum hefur verið kölluð aldamótaguðfræði, sem var töluvert frjálslynd.“

Móeiður segir hafa verið mjög athyglisvert að skoða umræður í kringum aldamótin 1900, margt hafi minnt á umræðu dagsins í dag. „Það voru miklar breytingar og óróleiki á þessum tíma, rétt eins og í dag.“

Móeiður hefur undanfarið séð um sunnudagaskólann í Dómkirkjunni og unnið að verkefnum í Kjalarnesprófastskalli. „Ég var meðal annars að ganga frá nýju fræðsluhefti til að nota í fermingarfræðslunni þar,“ segir Móeiður sem segir líklegt að hún sæki um brauð í framtíðinni, en ekki strax. „Ég hef núna mikinn áhuga á að starfa við fræðslu innan þjóðkirkjunnar, fræðsla og prestsstörf eru reyndar nátengd og svo er söngurinn þarna líka, enda tónlist og trú samofin,“ segir Móeiður.

## LOÐNA
### MIKILVÆGT ÓLÍKINDATÓL

■ Loðnu er að finna í nyrstu höfum jarðarinnar. Hún er í Hvítahafi, Barentshafi, við N-Noreg, Ísland, Grænland og einnig er hún norðan Kanada. Í N-Atlantshafi og Barentshafi eru fjórir sjálfstæðir loðnustofnar.

■ Loðnan er uppsjávarfiskur sem leitar til botns á grunnsævi til þess að hrygna, en að mestu leyti er hún langt norður í höfum í leit að æti.

■ Loðnan hrygnir að mestu leyti við suður- og suðvesturströnd Íslands en eitthvað mun þó vera um að hún hrygni út af Vestfjörðum og við Norður- og Norðausturland.

✳alið er að loðnan drepist að langmestu leyti að hrygningu lokinni.

Tímamót í sögu kvennabaráttunnar rædd hjá Unifem:

# Mánaðarlegir fyrirlestrar

Kvennaráðstefnan í Peking árið 1995 og Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verða til umræðu hjá Unifem á Íslandi á laugardaginn. „Þessi klukkutíma fundur er hluti af mánaðarlegri fyrirlestraröð,“ útskýrir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra Unifem á Íslandi. „Brynhildur G. Flóvenz, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, mun fræða okkur um Kvennasáttmálann og Sigríður Lillý Baldursdóttir um ráðstefnuna í Peking,“ segir Steinunn en Sigríður, sem er forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, var formaður undirbúningsnefndar stjórnvalda vegna ráðstefnunnar á sínum tíma. Steinunn bendir á að Kvennasáttmálinn hafi komið út í íslenskri þýðingu rétt fyrir jólin í tilefni tímamótanna og vert sé að vekja athygli á því. Einnig standi til fundur kvennanefnda Sameinuðu þjóðanna í marsbyrjun en þá verður farið yfir það hvernig ríki heimsins hafa staðið við skuldbindingar sínar.



STEINUNN GYÐU- OG GUÐJÓNSDÓTTIR

„Á sambærilegum fundi árið 2005 varð niðurstaðan sú að öll loforð höfðu verið svikin. Nú er að sjá hvort orðið hafa einhverjar breytingar,“ segir Steinunn sem lofar fróðlegum klukktíma.

Fundurinn fer fram hjá Unifem, Laugavegi 24 og hefst klukkan eitt. Að loknum erindum Brynhildar og Sigríðar verða umræður. - sbt


# FASTEIGNA-FÉLAG ÓSKAST!

Óska eftir fasteignafélagi til kaups, skuldsett félög líka skoðuð.

Skilyrði er að fasteignir félagsins séu á höfuðborgarsvæðinu og að bróðurpartur þeirra sé í útleigu.

Umbjóðendur mínir skoða félög sem eiga eignir hvort heldur sem er í atvinnu- og/eða íbúðarhúsnæði.



Allar nánari upplýsingar:

**Kristján Kristjánsson**
*fyrirtækjaráðgjöf*

**kristjankr@simnet.is**
**Sími 869 4164**




**ÚLFAR MEÐ GRIPINN** Líkanið er tveir metrar og 69 sentímetrar að lengd, en fyrirmyndin var hundrað sinnum stærri, eða 269 metrar. Um þessar mundir er að hann að smíða í skipið björgunarbáta, nákvæmlega eins og þá sem voru í skipinu, bara minni.
MYND / PÁLL ÖNUNDARSON

# Titanic sjósett í vor

**Úlfar Önundarson hefur horft ótal sinnum á stórmyndina Titanic. Það er ekki söguþráðurinn sem heillar hann heldur skipið fræga en hann vinnur nú að gerð líkans af Titanic í hlutföllunum einn á móti 100. Stefnt er á sjósetningu líkansins snemma í sumar.**

Úlfar hefur um árabil smíðað smáskip í frístundum í bílskúrnum sínum heima á Flateyri við Önundarfjörð. Fyrri skip hafa þó ekki verið jafn flókin smíði og það sem hann hefur í smíðum núna, eftirgerð af hinu sögufræga farþegaskipi Titanic. Smíðað í hlutföllunum einn á móti 100 er lengdin á gripnum 269 sentimetrar.

Spurður um hvernig það kom til að hann hóf smíðina segir hann Pál bróður sinn hafa rekist á frétt af Finna sem ætlaði að smíða líkan af Titanic í fullri stærð og nota sem hótel lengst inni í landi í Finnlandi. Hann hvatti Úlfar til að vera á undan Finnanum með sína gerð af Titanic.

Þannig hófst smíðin sem hefur tekið allar frístundir um kvöld og helgar hjá Úlfari. „Ég fann teikningar af skipinu á Netinu sem ég nota en þær eru þannig að það er erfitt að smíða eftir þeim. Það hafa verið gerð ótal líkön af Titanic en segja má að smiðirnir þurfi alltaf að taka sér eitthvað skáldaleyfi því teikningarnar eru ekki mjög nákvæmar,“ segir Úlfar sem sjálfur hefur einnig notað stórmynd James Cameron, Titanic, til að skoða skipið en nákvæm líkön af skipinu voru gerð fyrir þá mynd. „Mitt líkan er ein útfærslan í viðbót.“

Úlfar segir það hafa komið sér á óvart hversu mikað af áhugafólki um Titanic er til í heiminum. „Á Netinu má finna ótal klúbba áhugafólks um Titanic. Það er athyglisvert en Titanic er ekki stærsta sjóslys sögunnar en örlög skipsins hafa eigi að síður heillað ótrúlega marga.“



**UM BORÐ** Tæknin gerir orðið allt kleift, og þessi tölvugerða mynd sýnir Úlfar um borð í eigin líkani.
MYND / PÁLL ÖNUNDARSON

Sem kunnugt er fórst Titanic í jómfrúarferð sinni árið 1912. Skipið rakst á ísjaka eftir fjögurra daga siglinu og fórust 1.517 af 2.223 sem voru um borð. Of fáir björgunarbátar voru um borð í skipinu en einnig brotnuðu margir þeirra við sjósetningu. Úlfar segir að hönnunargallar hafi verið á Titanic, skipið hafi ekki verið nógu sterkt til að bera þunga sinn.

Þess má geta að sú hugmynd hefur komið upp að smíða líkan af ísjakanum sem skipið rakst á og setja á Sólbakkalón á Flateyri þar sem líkanið verður sjósett. Áhugasamir geta virt skipslíkön Úlfars fyrir sér á lóninu en þar sigla þau öll sumur. Sjálfur hefur hann lítið verið á sjó þrátt fyrir að vera fæddur og uppalinn á Flateyri. Áhugann á skipslíkanasmíðinni má hins vegar rekja til æskuáranna en Eysteinn Gíslason Skáleyjarbóndi kenndi líkanasmíði í barnaskólanum.

Sem fyrr segir stefnir Úlfar á að ljúka við Titanic í vor, um þessar mundir er hann að smíða björgunarbátana. Í þá, eins og skipið allt, notar hann obechi-við sem er mjög hentugur í líkanasmíð, léttur og kvistalaus. Fleiri myndir af Titanic Úlfars er að finna á heimasíðunni www.pallio.net.

sigridur@frettabladid.is


LÁTTU ÞÉR EKKI VERÐA KALT
Í FJARÐARKAUPUM FÆRÐU ÚRVAL AF HLÝRRI SMÁVÖRU FRÁ ICEWEAR Á FRÁBÆRU VERÐI
3.582,- KR./STK.
3.582,- KR./PAR
2.520,- KR./STK.
CUTE STRIPE
100% íslensk ull
Fáanlegt í fleiri litum
HJÁLMUR
VETTLINGAR
TREFILL
2.446,- KR./STK.
1.998,- KR./PAR
2.446,- KR./STK.
VÍK
100% ull
Handprjón
HÚFA
HJÁLMUR
VETTLINGAR
1.710,- KR./PAR
1.053,- KR./STK.
NORWEGIAN
85% ull, 15% nælon
(Rúskinn í lófa og þumli)
ENNISBAND
HANSKAR
1.044,- KR./PAR
795,- KR./PAR
ANGORA SOKKAR
Stærðir: 36-40 og 41-46
(Silicon punktar á iljum hindra að fólk renni til)
ANGORA SOKKAR
Stærð: 36-40
FK
FJARÐARKAUP
ICE WEAR
... fyrir allar aðstæður
hönnun: skissa

**FRÉTTAVIÐTAL:** Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar

# Bæjarfélaginu hvorki veitt syndakvittun né sett í gjörgæslu

**Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir að Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga hafi hvorki gefið bæjarstjórninni syndakvittun né sett fjármál bæjarins í gjörgæslu með bréfi þar sem tilkynnt er um að nefndin óski eftir ársfjórðungslegum upplýsingum um rekstur sveitarfélagsins í ár.**

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur sent Reykjanesbæ bréf vegna fjárhagsáætlunar 2010 og ætlar ekki að hafast að í málum sveitarfélagsins að svo stöddu en ítrekar varnaðarorð um forsendur rekstraráætlunar og fjárhagsstöðu. Þrátt fyrir áætlanir um sjö milljarða hagnað árið 2009 vegna sölu á eignum í HS Orku séu skuldir yfir eðlilegum mörkum. Kallað er eftir ársfjórðungslegum upplýsingum um rekstur þessa árs með samanburði við rekstraráætlun 2010.

„Mér finnst ekki sanngjarnt að það sé horft á að við séum í gjörgæslu eða undir einhverri smásjá,“ segir Árni Sigfússon. „Niðurlag bréfsins er að það verði ekki aðhafst frekar, að svo stöddu. Það eru ítrekuð varnaðarorð um óvissu í rekstrarforsendum og fjárhagsstöðu. Það er niðurstaða þessa erindis.“



**ÁRNI SIGFÚSSON** Bæjarstjóri Reykjanesbæjar segir að athugasemdir Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga hafi ekki komið á óvart. Meginniðurstaðan sé sú að EFS ætli ekki að grípa til aðgerða, þótt eðlilega vilji nefndin fylgjast vel með því hvernig fjárhagsáætlun gengur eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Hvorki syndakvittun né í gjörgæslu

„Það er bara eðlilegt að menn fái ársfjórðungslega upplýsingar,“ segir Árni. „Það er enginn að segja að bréfið sé hrein syndakvittun en þetta eru ekki alvarlegar athugasemdir. Það er eðlilegt að nefndin óski eftir þessum upplýsingum. Tekjurnar sem við áætlum að komi inn á næstu árum eru meðal forsendna fyrir bættri rekstrarstöðu. Það er eðlilegt að menn vilji fylgjast með því að hagræðing í rekstri gangi eftir.“

*Eftirlitsnefndin minnir á nauðsyn þess að peningalegar eignir, sem fengust við 11,7 milljarða króna sölu eigna í HS Orku, verði nýttar til að greiða niður skuldir.*

„Við metum eftir aðstæðum hvað er eðlilegast að greiða niður,“ segir Árni. „Ég hef bent á að meðal þeirra eigna er 6,3 milljarða króna skuldabréf sem greiðist upp árið 2016. Við höfum val um hvort við seljum það bréf eða eigum það og söfnum á það vöxtum. Við höfum talið skynsamlegra að geyma það en selja.“ Árni segist ekki túlka bréf nefndarinnar þannig að hún sé að leggja að sveitarfélaginu að selja skuldabréfin. „Ég held ekki að hún sé að leggja áherslu á það, heldur á að það fjármagn, sem við höfum, verði frekar nýtt í að greiða skuldir en að fara í nýjar fjárfestingar. Við tökum undir það.“

*Í ykkar áætlun var byggt á forsendum um fjölgun starfa, fjölgun íbúa og auknar skatttekjur. Er slík bjartsýni réttlætanleg í miðri kreppunni?*

„Við gerum ráð fyrir að árið 2010 verði erfitt vegna þess að mörg verkefni sem eru komin af stað eru ekki komin að fullu til framkvæmda. Við gerum ráð fyrir að 60% af þeim störfum sem hér eiga eftir að verða til á svæðinu á næstu þremur árum komi til fólks sem býr í Reykjanesbæ. Við gerum áætlun um að á næstu þremur árum aukist skatttekjur um 1,5 milljarða, sem hefur mikil og jákvæð áhrif á reksturinn. Capacent hefur unnið nýja greiningu á áhrifum nýrra atvinnuverkefna á skatttekjur Reykjanesbæjar. Þær niðurstöður benda til að tekjuaukningin verði umtalsvert meiri en þeir 1,5 milljarðar sem við gerum ráð fyrir. Það er afskaplega ánægjuleg niðurstaða en hún er sýnd veiði en ekki gefin. Við teljum að við höfum farið varlega í sakirnar í okkar áætlun og höldum okkur við hana.“

Þau nýju verkefni sem Árni vísar í að muni standa undir auknum umsvifum og skatttekjum á næstunni eru álver Norðuráls í Helguvík, gagnaver Verne Holding í Ásbrú, sjúkrahús á Ásbrú, ýmis verkefni tengd flugþjónustu og framkvæmdir vegna væntanlegrar kísilverksmiðju. Hann segir að þarna sé farið varlega í sakirnar. Til dæmis sé ekki gert ráð fyrir auknum tekjum af ferðaþjónustu og ýmsum öðrum verkefnum sem undirbúin hafa verið á síðustu árum.

„En við gerum ráð fyrir að byggingarframkvæmdir við álverið í Helguvík hefjist á vormánuðum og að fólk verði ráðið í tengslum við það. Það er búið að ljúka við fjármögnun sjúkrahússins á Ásbrú og byggingarframkvæmdir eru að fara af stað. Menn þekkja hvar gagnaverið stendur; það er verið að ljúka frágangi fjárfestingarsamnings vegna þess á Alþingi. Allt eru þetta verkefni sem líta ágætlega út og eiga ekki að tefjast frekar.“

### Einhver áhætta um hraða uppbyggingarinnar

*Það er margt óljóst varðandi þessa uppbyggingu. Orkusölusamningar liggja ekki fyrir og virkjanaleyfi vegna stækkunar Reykjanesvirkjunar hefur ekki verið gefið út. Er réttlætanlegt við þær aðstæður að leggja tekjur af þessum verkefnum til grundvallar í fjárhagsáætlun?*

„Þá má spyrja ríkisstjórnina og Seðlabankann á hverju þeir byggi þær forsendur að hér rísi efnahagur á forsendum álvers í Helguvík. Ef við trúum ekki á að þetta sé að gerast veit ég ekki hverjir eiga að gera það. Við höfum verið að berjast fyrir þessu í fimm ár.

Hins vegar eru fjórir áfangar í álverinu. Fyrsti áfangi er 90.000 tonn og þar eru menn búnir að leggja hlutina saman og sjá tækifæri til að fara af stað. Það er haft eftir forsvarsmönnum Norðuráls. Það er þeirra að meta aðstæður og forsendur fyrir sínum ákvörðunum og þeir treysta sér til að fara af stað. Menn taka einhverja áhættu af því hversu hratt þeir geta byggt upp og það er Norðurál sem þarf að taka afstöðu til þess.“

Árni segist telja að gengið verði frá orkusölusamningum á næstu vikum vegna fyrstu áfanga álversins.

*Þegar horft er til baka í ljósi fjárhagsstöðu bæði Reykjanesbæjar og margra annarra sveitarfélaga: Hvar var farið of geyst og hvað hefðu menn átt að gera öðruvísi?*

„Ég tel að við höfum tekið réttar ákvarðanir í upphafi. Við búum á láglaunasvæði. Við stóðum frammi fyrir spurningunni: Ætlum við að gera þetta að annars eða þriðja flokks samfélagi, sem veitir lélega þjónustu, eða ætlum við að byggja upp auknar skatttekjur? Við ákváðum að byggja upp nýjar skatttekjur og draga fram kosti svæðisins til að taka á móti nýjum atvinnutækifærum. Það hefur kostað fjárfestingar. Þær eru að skila þeirri niðurstöðu að stór verkefni eru að koma inn og þau munu snúa við rekstri sveitarfélagsins. Út á það hefur þetta alltaf gengið. Auðvitað er ákveðin áhætta tekin og við höfum orðið fyrir áföllum. Við bjuggumst ekki við því að 900 manns misstu störf hjá Varnarliðinu. Það hefur gengið ágætlega að breyta því áfalli í tækifæri. Við áttum líka ekki von á öðru en hugmyndir um stálpípuverksmiðju gætu gengið eftir en þau fóru forgörðum.“

### Ekki offjárfesting

Árni segist ekki kvitta undir það að það hafi verið offjárfesting í Reykjanesbæ. Bærinn hafi fjárfesta í því að byggja upp stuðning við fjölskyldufólk, góða skóla og vistlegt og fjölskylduvænt umhverfi. Þegar nefnt er að fjölmargar íbúðir standi auðar í bænum, bæði á Vallarsvæðinu og í öðrum hverfum, bendir hann á að sú fjárfesting þýði að Reykjanesbær geti nú tekið við 1.700 nýjum íbúum án þess að það þurfi að kosta miklu til við innviði samfélagsins. Sú fjölgun muni verða í tengslum við álverið í Helguvík og önnur verkefni, sem Suðurnesjamenn bíða nú eftir að verði að veruleika.


FRÉTTAVIÐTAL
PÉTUR GUNNARSSON
peturg@frettabladid.is






**REYKJANESBÆR ÚR LOFTI** Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segist telja að gengið verði frá orkusölusamningum á næstu vikum vegna fyrstu áfanga álversins í Helguvík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
FRÁBÆRT VERÐ Í BÓNUS
1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
539 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
Bónus Kjarnabrauð innihaldslýsing: Hafrar og heilmalaður rúgur, 6,2 g af trefjum í 100g, hátt hlutfall af hjartavænum olíufræjum, lágt hlutfall af salti.
159 KR.STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G
1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR - FILET
798 KR.KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK NAUTA- GRÍSAKJÖT
139 KR.DS
E.S TÚNFISKUR 185G Í VATNI EÐA OLÍU
100 ÞÚS DÓSIR Í BOÐI
39 KR.DS
ES MAISKORN 340g
Best fyrir júlí 2010
398 KR.KG
K.F NÝTT KJÖTFARS
598 KR.STK
K.F FROSIÐ NAUTAHAKK 620g
295 KR.PK
E.S KORNFLEKS 750G
49 KR.DS
E.S KATTAMATUR 100G
398 KR.5 KG
E.S KATTASANDUR 5 KG.
139 KR. 1 LTR
COKE LIGHT 1 LTR.
695 KR. 8 LTR
COKE LIGHT 2 LTR/ 4 FL.
195 KR.PK
E.S SYKUR 1 KG
VINSÆLASTA HAFRAMJÖLIÐ Í BÓNUS.
259 KR.PK
E.S HAFRAMJÖL 1,5 KG
HÁLFT KÍLÓ
298 KR.PK
EUROSHOPPER KARTÖFLUMÚS 500g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

**Útgjöldin**
>Kílóverð á eggjum




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ÓLÖF ERLA SVANSDÓTTIR FORLEGGJARI

## *Taubleiur og notað hjól*



„Verandi mjög nísk manneskja að upplagi en jafnframt mikill nautnabelgur þá finnst mér yfirleitt allt það sem ég kaupi þá og þá stundina vera bestu kaupin meðan þau eiga sér stað og jafnframt verstu kaupin þegar þau eru afstaðin," segir Ólöf Erla Svansdóttir, forleggjari hjá útgáfunni Ókeibæ.

„Ég hef unnið með þessa klípu þannig að ég reyni að kaupa sem minnst og gengst upp í tilhugsuninni um sjálfa mig sem nægjusama. En uppáhaldskaupin mín er notað hjól sem ég keypti í Amsterdam fyrir tveim árum, ekki endilega út af notagildi hjólsins – heldur gjörningnum sjálfum; að hafa haft fyrir því að finna hjól, kaupa það á góðu gengi, taka það í sundur og flytja heim. Hjólið sjálft er búið að vera mikil stofuprýði upp á þurrklofti síðan.

Svo hugsa ég alltaf um hvað ég var sniðug þegar ég keypti taubleiurnar á börnin mín – alltaf þegar ég skipti á þeim og alltaf þegar ég þvæ bleiurnar og alltaf þegar ég brýt þær saman … Verstu kaupin eru líklega þau skipti sem ég ætlaði að fjárfesta í námi sem ég lauk aldrei, og já – fjórði bjórinn á barnum er yfirleitt vond kaup.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### POST-IT Á BRAUÐIÐ



■ *Ari Eldjárn grínisti*

„Það er gott að nota sódavatn og salt til að fjarlægja rauðvínsbletti," segir Ari Eldjárn, grínisti og einn af meðlimum uppistandshópsins Mið-Íslands. „En alls ekki á kaffibletti, það endar bara illa," bætir hann við.

Og hann lumar á öðru snjallræði sem ætti að nýtast vel í kreppunni: „Stundum, ef ég á ekki álegg, þá set ég bara rauðan Post-it miða á brauðið og læt eins og það sé skinka," segir Ari Eldjárn.




vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**Í HLÍÐARFJALLI** Á góðum degi er jafnan margt um manninn á skíðasvæði Akureyringa. FRÉTTABLAÐIÐ/INDÍANA

# Íslendingar flykkjast norður í skíðaferðir

**Mikil aukning hefur orðið á ferðamönnun sem halda norður í skíðaferð undanfarin ár. Hápunktarnir eru vetrarfríin sem hefjast í skólum í þessari viku og svo páskafríið.**

**VERÐ Á DAGSKORTUM**

| | fullorðnir | börn | fjöldi lyfta |
|---|---|---|---|
| Hlíðarfjall, Akureyri* | 2.500 | 900 | 5 |
| Böggvisstaðafjall, Dalvík** | 1.600 | 800 | 2 |
| Skarðsfjall, Siglufirði** | 1.500 | 700 | 3 |

*Ódýrara ef keyptir eru fleiri dagar en einn**Ódýrara á virkum dögum

Aðsókn í Hlíðafjall, skíðasvæðið á Akureyri, var þrefalt meiri í janúar í ár en í janúar 2008. Þá komu 8.500 manns í fjallið en 25.000 í ár. Janúar er þó fjarri því að vera aðalskíðamánuðurinn. Að sögn Guðmundar Karls Jónssonar, forstöðumanns skíðasvæðisins, hefur verið mikil sprenging í aðsókn ferðamanna í skíðaferðir norður á Akureyri.

„Aðalferðamannatíminn hefst í raun um næstu helgi og stendur í þrjár vikur, þá eru vetrarfrí skólabarna og mjög margir eru farnir að nota þau í skíðaferðir innanlands. Svo er páskafríið auðvitað vinsælt til skíðaferða en vetrarfrístíminn er í rauninni orðinn svipaður."

Guðmundur segir aðsókn í Hlíðarfjall hafa tvöfaldast milli áranna 2008 og 2009. Hann segir að eflaust megi rekja aukna ásókn í Hlíðarfjall að einhverju leyti til kreppunnar, skíðafrí innanlands séu ódýrari en utanlandsferð. Nú í janúar hafi snjóleysið á suðvesturhorninu örugglega aukið aðsóknina norður. Snjóframleiðsluvélar í Hlíðarfjalli tryggi nægan snjó í fjallinu og því sé hægt að skipuleggja ferðir þangað með fyrirvara sem margir nýti sér þegar kemur að háannatíma.



**SNJÓBYSSUR** Þær fjölga dögunum sem hægt er að hafa opið á skíðasvæðinu á Akureyri og Dalvík.

Dalvíkingar búa einnig svo vel að hafa snjóbyssu eins og snjóframleiðsluvélar eru kallaðar, á sínu skíðasvæði sem er í Böggvisstaðafjalli. Þar, eins og á Akureyri, hefur verið opið á hverjum degi á þessu ári. Að sögn Magnúsar Helgasonar, umsjónarmanns skíðaskálans í fjallinu, hafa margir ferðalangar verið í fjallinu það sem af er ári. „Það koma margir krakkar hingað norður í æfingaferðir," segir Magnús og bætir við að fjölskyldufólk og ferðamenn að sunnan komi líka norður og þá séu páskarnir einkum vinsælir.

Skíðasvæði Siglfirðinga í Skarðsfjalli er einnig opið um þessar mundir. Það liggur svo hátt að þrátt fyrir að ekkert hafi snjóað fyrir norðan síðan um jólin þá er þar enn snjór. „Hins vegar tækjum við vel á móti meiri snjó," segir Egill Rögnvaldsson umsjónarmaður og hlær við. Á Siglufirði var nær þreföldun á heimsóknum í fjallið á milli áranna 2008 og 2009. Ellefu þúsund komu í fjallið 2009 en fjögur þúsund árið 2008.

Vegna snjóleysis hefur skíðasvæðið á Ólafsfirði verið lokað það sem af er ári. Skíðasvæðið á Sauðárkróki er einnig lokað vegna snjóleysis.

Á skíðasvæðunum í Hlíðarfjalli, Dalvík og Siglufirði er alls staðar hægt að leigja skíðabúnað. Verð fyrir skíðapakka, skíði og skó er 2.500 krónur fyrir fullorðna á Dalvík og Siglufirði en 3.000 krónur dagurinn á Akureyri. Þar fer verðið svo lækkandi ef leigt er lengur en einn dag.

Ýmis gisting býðst fyrir fyrir norðan. Umsjónarmenn segja marga ferðamenn nýta sér orlofsíbúðir stéttarfélaga en margir aðrir möguleikar eru í boði.

sigridur@frettabladid.is

# Útsalan er hafin í Hátækni

*Tryggðu þér þessar græjur á frábæru útsölu-verði áður en við rýmum fyrir nýjum vörum!*

## Allt að 80% afsláttur!

**42"** 42LG2100



LG HD ready HDMI

### *42" LG LCD-sjónvarp HD Ready*

- Upplausn 1366x768 punktar
- XD Engine – myndvinnslubúnaður
- 2 x HDMI
- SRS True Surround (2x10W) – hljóðkerfi

**50.000 afsláttur**

Útsöluverð **149.995 kr.**

Verð áður 199.995 kr.

**47"** EPT4751MD



Íslenskt valmynd

PALLADINE HDMI

### *Palladine 47" LCD-FullHD 2009*

- Upplausn 1920x1080 punktar
- Íslenskt valmyndakerfi

**100.000 afsláttur**

Útsöluverð **199.995 kr.**

Verð áður 299.995 kr.



NOKIA

### *Nokia 5030*

Einfaldur og góður útvarpssími með innbyggðu FM-loftneti.

**33% afsláttur**

Útsöluverð **7.995 kr.**

Verð áður 11.995 kr.

### *Sony Ericsson C510*

Öflugur 3G myndavélarsími.



**50% afsláttur**

Útsöluverð **24.995 kr.**

Verð áður 49.995 kr.

PIPARTBWA • SÍA • 100337

YAMAHA

### *Heimabíómagnari m/5,1 setti*

5,1 heimabíómagnari með hátalarakerfi og 1080p HDMI-útgangi.
Sjálfvirk uppsetning á magnara,
4 SCENE-takkar.



YHT 292

**27% afsláttur**

Útsöluverð **79.995 kr.**

Verð áður 109.995 kr.



MOTOROLA

### *Motorola DECT D1101*

Motorola D11 er þráðlaus sími með stórum og björtum litaskjá. Einfaldur og þægilegur sími sem styður SMS-skilaboð.

**40% afsláttur**

Útsöluverð **8.995 kr.**

Verð áður 14.995 kr.



LG

### *LG 19" tölvuskjár*

19" LCD-skjár
1366x768 punkta upplausn
5ms svartími

**43% afsláttur**

Útsöluverð **19.995 kr.**

Verð áður 34.995 kr.

### *Heyrnartól EP-550 BK*

Einföld og þægileg heyrnartól.



**60% afsláttur**

Útsöluverð **1.195 kr.**

Verð áður 2.995kr.

NOKIA

### *Nokia BH-105 Bluetooth höfuðtól*



**56% afsláttur**

Útsöluverð **3.995 kr.**

Verð áður 8.995 kr.

## 20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma.
## 10% afsláttur af öðrum farsímum.

Hátækni 25 ára 1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17 | Sunnudag 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 30 **Velta:** 100,6 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
819 **+1,44%**

MESTA HÆKKUN

**FØROYA BANKI** 3,41%
**MAREL** 1,49%

MESTA LÆKKUN

**ICELANDAIR G.** 6,67%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 160,00 +0,00% ... Bakkavör 1,40 +0,00% ... Føroya Banki 136,50 +3,41% ... Icelandair Group 2,80 -6,67% ... Marel 61,30 +1,49% ... Össur 158,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Vill skoða uppgjör bankanna

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir að skoða verði hvort hálfsársuppgjör bankanna 2008 hafi verið rétt og reikningarnir eðlilega settir fram. Jafnframt verði að kanna hvort yfirlýsingar bankastjóranna um gæði eignasafna og sterka lausafjárstöðu fyrir hrun standist skoðun.

Ummæli Þórðar falla í framhaldi af því að fyrrverandi stjórnarformaður hollenska Fjármálaeftirlitsins sagði kollega sína hér hafa logið til um ástand íslenska bankakerfisins áður en það fór í þrot.

Fréttastofa Stöðvar 2 benti á það í gær að Fjármálaeftirlitið hefði byggt upplýsingagjöf sína til erlendra aðila á hálfsársuppgjörum bankanna 2008. Samkvæmt þeim var staða bankanna sterk og eigið fé þeirra á milli átta til níu hundruð milljarðar króna. Þórður segir að skoða verði bæði hvort uppgjörin hafi verið rétt og hvernig stjórnendur þeirra hafi túlkað þau. - jab



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON** Forstjóri Kauphallarinnar segir að skoða verði hvort uppgjör bankanna hafi verið rétt og hvernig stjórnendur þeirra túlkuðu þau. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Noregs ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 1,75 prósentum. Þetta er í takt við væntingar. Stýrivextir hafa verið hækkaðir í tvígang í Noregi undanfarna mánuði og gengið styrkst. Það hefur haldið verðbólguþrýstingi í skefjum.

Vinnumálastofnun bárust fjórar hópuppsagnir í nýliðnum mánuði en sextíu manns var sagt upp. Fyrirtækin eru í mannvirkjagerð og upplýsinga- og útgáfustarfsemi. Uppsagnirnar eru flestar á höfuðborgarsvæðinu.

Skuldatryggingarálag íslenska ríkisins hefur lækkað nokkuð frá í síðustu viku og stóð í 640 punktum um miðjan dag í gær. Hæst fór það í 720 punkta fyrir helgi.

# Framleiðsla á málningu flutt út

Nokkur gremja er í hópi sjö fyrrverandi starfsmanna Slippfélagsins sem ekki voru ráðnir til starfa hjá fyrirtækinu eftir eigendaskipti í síðasta mánuði. Þar á meðal er rúmlega sextugur maður sem hafði unnið hjá Slippfélaginu í um 45 ár.

„Það er sorglegt að geta ekki ráðið alla í vinnu aftur," segir Baldvin Valdimarsson, framkvæmdastjóri Málningar, sem keypti rekstur og birgðir Slippfélagsins af Landsbankanum, sem sá um söluna fyrir bústjóra þrotabús fyrri eigenda. Hann bendir á að fótunum hafi verið kippt undan rekstrinum þegar málningaframleiðandinn Hempel í Danmörku sleit samningum við Slippfélagið í haust og umboðið fór yfir til Flügger. Þangað fóru sömuleiðis tveir fyrrverandi starfsmenn Slippfélagsins.

Sala á Hempel-skipamálningu var um helmingur af veltu Slippfélagsins og unnu flestir þeirra sem ekki voru endurráðnir við framleiðsluna hér. Flügger flytur nú Hempel-málningu inn frá Danmörku.

Baldvin segir að störfin tengd Hempel hafi í raun verið flutt út og hafi forsvarsmenn Málningar, sem hafi verið í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi, séð tækifæri í því að tryggja að framleiðsla á málningu haldist enn í landinu. - jab



**VERSLUN SLIPPFÉLAGSINS** Framleiðendum málningar hér fækkaði verulega þegar Hempel í Danmörku sleit samningum við Slippfélagið í fyrrahaust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# BM Vallá fær greiðslustöðvun

„Þetta er birtingarmynd kreppunnar, hruns af þeirri stærðargráðu sem líkja má við hamfarir," segir Víglundur Þorsteinsson, stjórnarformaður BM Vallár. Fyrirtækið fékk heimild til greiðslustöðvunar í gær.



**VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON**

Víglundur bendir á að BM Vallá hafi verið vel sett fyrir hrunið fyrir rúmu ári. Velta fyrirtækisins hafi numið tíu milljörðum króna árið 2007 og starfsmenn verið liðlega fimm hundruð. Í lok síðasta árs voru þeir 232 og veltan tæpir fimm milljarðar króna.

Þá jukust skuldir verulega. Þær eru að mestu í erlendri mynt og urðu íþyngjandi við gengishrun krónunnar frá 2008, að sögn Víglundar. Á móti skuldum eigi fyrirtækið mikið af fastafjármunum. Á meðal þeirra er steypubílafloti og tengd tæki upp á 2,5 milljarða króna. Erfitt er hins vegar að losa um eignir í núverandi ástandi, að hans sögn.

Heimild til greiðslustöðvunar felur í sér að BM Vallá fær þrjár vikur til að kynna lánardrottnum hugmyndir um fjárhagslega endurskipulagningu. Gangi það eftir fær fyrirtækið nokkrar vikur til viðbótar til að ljúka ferlinu. Í kjölfarið verður hlutafé aukið. Víglundur býst við að verða meðal hluthafa. - jab



**STEYPUBÍLAR BM VALLÁR** Mikill samdráttur og gengisfall neyddi BM Vallá til að leita eftir greiðslustöðvun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## SKULDAÐI ELLEFU MILLJARÐA

Erfitt er að gera sér grein fyrir eignaog skuldastöðu BM Vallár og tengdra félaga en fyrirtækið hefur aldrei skilað ársreikningi til Ársreikningaskrár ríkisskattstjóra.

Mál BM Vallár hefur margoft komist í hámæli. Árið 2001 var fyrirtækið kært vegna vanskila á ársreikningi og fleiri gagna um starfsemi félagsins. Dómari úrskurðaði að ekki væri heimild fyrir því í lögum þá um ársreikninga að setja reglugerðir þar sem þessara upplýsinga er krafist. Á mánudag vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur hins vegar frá kröfu BM Vallár að viðurkennt verði að fyrirtækið þyrfti ekki að skila ársreikningum til ársreikningaskrár ríkisskattstjóra.

Víglundur vildi ekki tjá sig um málið í gær. „Þeim sem málið kemur við, svo sem lánardrottnar, geta fengið þær upplýsingar sem þeir vilja," segir hann.

Samkvæmt lánabók Kaupþings sem lekið var á Netið í fyrra kemur fram að BM Vallá hafi skuldað bankanum 62 milljónir evra, jafnvirði ellefu milljarða króna á núvirði. Fram kemur að félagið sé mjög skuldsett. Á móti skuldum séu traustar eignir, að mestu í fasteignum og tækjum, upp á allt að 82 milljónir evra.

# Skiptastjóri Saxbygg stefnir fyrri eigendum

**Eigendur Saxbygg keyptu erlend fasteignaverkefni fyrirtækisins fyrir hrun og lánuðu sjálfum sér með fimm milljarða kúluláni. Eignirnar virðast hafa verið seldar fyrirtækjum sem enginn kann skil á. Skiptastjóri þrotabús Saxbygg vill rifta samningum.**

Skiptastjóri þrotabús fjárfestingarfélagsins Saxbygg hefur stefnt forsvarsmönnum þriggja dótturfélaga Saxbygg og krefst riftunar á ráðstöfun erlendra fasteignaverkefna Saxbygg til þeirra.

Saxbygg átti rúman helmingshlut í Smáralind á móti Íslandsbanka og var umsvifamikið á fasteignamarkaði hér fyrir hrun. Þá átti það 5,7 prósenta hlut í Glitni, sem nú er verðlaus.

Málavextir eru þeir að eigendur Saxbygg, Nóatúnsfjölskyldan svokallaða og þeir Gunnar Þorláksson og Gylfi Ómar Héðinsson, eigendur BYGG (Byggingafélags Gunnars og Gylfa), stofnuðu einkahlutafélagið Cromwell Holdings árið 2008. Á meðal Nóatúnssystkinanna er Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður sparisjóðsins Byrs.

Cromwell Holdings var móðurfélag þriggja annarra félaga sem öll voru stofnuð sama ár. Þau eru Stenias, Brandenburg Invest og Aldersgate Invest.

Stenias er norskt fasteignafyrirtæki í fullum rekstri en hin tengjast nokkrum fasteignaþróunarverkefnum í London og Berlín, sem meðal annars fela í sér kaup og endurnýjun á fasteignum þar og sölu þeirra.

Félögin þrjú keyptu erlend fasteignaverkefni Saxbygg sama ár gegn kúluláni frá Saxbygg í erlendri mynt, nú upp á 5,3 milljarða íslenskra króna. Svo virðist sem eignirnar hafi verið seldar úr dótturfélögum Cromwell til fyrirtækja í London í Bretlandi, Berlín í Þýskalandi og í Noregi í júlí og október 2008. Engin merki eru um það í bókhaldi félaganna þriggja að fjármunir hafi skilað sér við eignasöluna.

Einar Gautur Steingrímsson, skiptastjóri þrotabús Saxbygg, gerir bæði athugasemdir við að eignirnar eru seldar með kúlulánum og að þeim hafi verið ráðstafað áfram og því ekki innan seilingar. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um það hverjir keyptu fasteignaverkefnin af dótturfélagi Cromwell Holdings. „Þetta virðist hafa yfirbragð venjulegra viðskipta. Ekkert var greitt við söluna heldur átti að greiða það síðar. Það sættum við okkur ekki við auk þess sem við höfðum athugasemdir við verðlagninguna," segir skiptastjóri.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Ekki liggur fyrir hvenær það verður tekið fyrir. jonab@frettabladid.is

### Tilfærslur á erlendum fasteignaverkefnum Saxbygg

**Saxbygg er:**
Byggingarfélag Gunnars og Gylfa *50%*
Saxhóll - félag Nóatúnsfjölskyldunnar *50%*




**Framkvæmdastjórinn segir ekkert**

Björn Ingi Sveinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Saxbygg, er skráður framkvæmdastjóri Cromwell Holdings og dótturfélaganna þriggja. Hann vill ekkert tjá sig um málið. „Ég hef ekkert um þetta að segja, ekki nokkurn skapaðan hlut," segir hann í samtali við Fréttablaðið.

### Hluthafar Cromwell*

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| Gunnar Þorláksson | 25% |
| Gylfi Ómar Héðinsson | 25% |
| Einar Örn Jónsson | 10% |
| Jón Þorsteinn Jónsson | 10% |
| Júlíus Þór Jónsson | 10% |
| Rut Jónsdóttir | 10% |
| Sigrún Alda Jónsdóttir | 10% |

** Heimild: Ársreikningur Cromwell Holdings ehf. 2008.*

### Lánin

| Gjaldmiðill | Upphæð* | Nú í ísl kr.* |
|---|---|---|
| Pund | 21,0 | 4.300,0 |
| Evrur | 3,8 | 674,0 |
| Norskar krónur | 15,0 | 326,5 |

** í milljónum*

# Reikna með góðu flugi

Flugvélaframleiðendurnir Boeing og Airbus gera ráð fyrir að stórar flugvélar verði eftirsóttar á Asíumörkuðum og muni framleiðendur geta vænst þess að selja á milli átta til níu þúsund flugvélar í álfunni á næstu tuttugu árum. Þetta kom fram á flugvélasýningunni, sem nú stendur yfir í Singapúr.

Spárnar gera ráð fyrir að um 25 þúsund flugvélar verði seldar um heim allan fram til ársins 2030.

Bæði fyrirtækin eru að setja á markað sínar nýjustu flugvélar, Boeing er með Dreamliner-farþegaþotuna, en Airbus með A380 risaþotuna.

Spá Airbus er öllu bjartsýnni en Boeing. Hún gerir ráð fyrir því að hagur Kínverja muni vænkast verulega á næstu árum og muni það leiða til aukinna ferðalaga landsmanna.

Randy Tinseth, aðstoðarframkvæmdastjóri markaðsdeildar bandarísku flugvélasmiðja Boeing, segir í samtali við breska ríkisútvarpið, BBC, að tækifærin í Asíu séu gríðarlega mikil og muni álfan leiða til bata flugvélageirans á næstu árum. - jab



**FRÁ FLUGVÉLASÝNINGUNNI** Hagvöxtur í Kína mun leiða til þess að fleiri nýta sér flugsamgöngur til ferðalaga, samkvæmt spá flugvélaframleiðandans Airbus. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Útsölulok!
Götumarkaðurinn hefst í dag
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eftirköst jarðskjálftans á Haítí:

## Óttaslegnir bjargvættir

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Þrjár vikur eru liðnar frá jarðskjálftanum á Haítí. Heimsbyggðin hefur fylgst af athygli með afleiðingum þessara gríðarlegu náttúruhamfara, sem orðnar eru meðal þeirra mannskæðustu í heimssögunni. Ekki skortir fréttaefnið. Skjálftinn á Haítí býður upp á frásagnir af eyðileggingu og þjáningum, en ekki síður af hetjudáðum, þrautseigju og samtakamætti.

Ekki leið þó á löngu uns ein tegund frétta tók að verða sífellt algengari frá hamfarasvæðunum. Það voru fréttir af uppþotum, gripdeildum, fangauppreisnum, múgæsingu og ofbeldisverkum. Fréttir þessar bárust einkum frá bandarískum fréttaveitum, enda var það áberandi hversu ríka áherslu bandarískir fréttamenn lögðu á þessa hlið málsins samanborið við evrópska starfsfélaga þeirra. Þessar fréttir rötuðu inn í íslenska fjölmiðla, þrátt fyrir stöðugt samband þeirra við íslenska rústabjörgunarmenn á vettvangi sem lýstu þveröfugri reynslu sinni.

Þessi áhersla í fréttaflutningi minnir óneitanlega á það sem gerðist í kjölfar flóðanna í New Orleans eftir fellibylinn Katrínu sumarið 2005. Þá drógu fjölmiðlar vestanhafs upp mynd af borg í heljargreipum þeldökkra glæpagengja sem færu um ruplandi og nauðgandi. Síðar kom í ljós að frásagnir þessar reyndust verulega orðum auknar og með flökkusagnablæ.

Það er eðli frétta að þær segja oft allt eins mikið um væntingar og heimsmynd þeirra sem þær flytja eða á þær hlýða en það sem í raun og veru gerðist. Þannig endurspegluðu gripdeildafréttirnar frá New Orleans hugmyndaheim þeirra sem stýrðu björgunaraðgerðunum. Þar var ærin áhersla lögð á vopnaða öryggisgæslu og eftirlit. Kvartað var yfir því að orka stórs hluta þeirra þjóðvarðliða og hermanna sem sendir voru á vettvang hafi fremur farið í að gæta vopna sinna en að koma að gagni. Svipað virðist ætla að vera upp á teningnum nú, þar sem viðbúnaður Bandaríkjamanna á svæðinu minnir fremur á herleiðangur en björgunarför.

Þessi staða er slæm en þó rökrétt afleiðing af því hvernig bandarísk stjórnvöld hafa hagað öryggismálum sínum á liðnum árum. Viðbrögð samfélaga við aðvífandi ógnum hljóta að taka mið af því hvernig þau hafa kosið að skilgreina öryggishugtak sitt. Sé áherslan lögð á vígbúnað og uppbyggingu hernaðarlegra stofnana, hljóta þeir þættir að vera í fyrirrúmi á hamfaratímum. Á sama hátt bregðast þau samfélög við á annan hátt sem leggja höfuðáherslu á borgaralegar stofnanir svo sem lögreglu, björgunarsveitir og heilbrigðisstarfsmenn í skipulagningu sinna öryggismála.

Þetta ætti að vera Íslendingum umhugsunarefni, en á liðnum misserum hefur einmitt talsvert verið rætt um hvernig þjóðinni beri að skilgreina öryggishugtakið. Þar hafa tekist á sjónarmið þeirra sem hafa viljað rækta hefðbundnar öryggisstofnanir landsmanna á borð við björgunarsveitirnar og hinna sem fremur hafa horft til hernaðarlegra þátta með þotuflugi og þátttöku í alþjóðlegum heræfingum. Reynslan frá Haítí ætti að sýna okkur hvor leiðin er heilladrýgri.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Flux og Flux Junior – flúormunnskol

Að skola daglega með flúorlausn er áhrifarík leið til að verjast tannskemmdum og góð viðbót við tannburstun með flúortannkremi.




FLUX – 0,2% flúormunnskol fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára.
FLUX Junior – 0,05% flúormunnskol fyrir börn 6–12 ára.
Regluleg notkun Flux flúormunnskols styrkir tennur og fyrirbyggir tannskemmdir.
Nánari upplýsingar um Flux flúormunnskol er að finna á vefsíðu Actavis, www.actavis.is
Einnig er að finna góðar upplýsingar um notkun flúors og almenna tannhirðu á vefsíðu Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is

actavis hagur í heilsu

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rannsóknir smannsóknir

Nýverið var stofnaður hópur um „rétta klukku“ sem vill að klukkunni verði seinkað á haustin. Rannsóknir hafi sýnt að annað hafi slæm áhrif á lífsklukkuna, sérstaklega hjá ungu fólki, og geti haft slæmar afleiðingar í för með sér. Vilhjálmur Egilsson sat eitt sinn á þingi og flutti frumvarp um sumartíma. Hann vill ekki seinka klukkunni á haustin, heldur flýta henni á sumrin. Og ástæðan? Jú, þá getum við komist í golf og grillað á kvöldin. Í dægurmálaútvarpinu í gær var hann spurður út í rannsóknirnar um heilsufar tengt tímanum. Vilhjálmur gerði miklar athugasemdir við rannsóknirnar og hefur á tilfinningunni að þetta sé allt persónubundið. Mun mikilvægara sé að komast í golf og grilla. Vilhjálmur ætti kannski að berjast fyrir styttri vinnudegi sem gerði sama gagn?



### Ekkert lögmál

Vilhjálmur er maður sem lætur hefðir ekki stöðva sig. Þannig sagði hann í viðtalinu að honum fyndist litlu skipta hvenær sólin væri hæst á lofti. Það þyrfti ekkert að vera í hádeginu, gæti alveg eins verið klukkan hálftvö. „Við getum bara ákveðið það.“ Þar fór stjörnufræði þúsunda ára fyrir lítið.

### Af hverju að stoppa þar?

Fregnir bárust af því í vikunni að loka ætti skurðstofu suður með sjó. Eðlilega hugnast Reyknesingum það illa og bæjarstjórnin vakti máls á því að hún gæti tekið þjónustuna yfir. Það er athygli vert. Eftirlitsnefnd sveitarfélaga er með fjármál bæjarins til skoðunar vegna bágrar stöðu. Það stoppar yfirvöld þar ekki í að vilja hlaupa undir bagga með ríkisvaldinu. En af hverju að stoppa við skurðstofuna? Víða vantar fé, á Landspítalann, í íslenska kvikmyndagerð og RÚV.



**kolbeinn@frettabladid.is**

# Hvorki frjáls né fullvalda



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Skuldir og skert fullveldi

Þeir, sem hæst hafa talað gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu, hafa frá öndverðu lagt mesta áherzlu á fullveldishlið málsins. Þrjú sjónarmið vaka fyrir þeim og vega misþungt.

**Þjóðvarnarrökin**

Fyrir sumum andstæðingum ESB-aðildar vega þjóðvarnarrökin þyngst. Að baki þeim rökum býr gömul og heiðvirð hugsun. Þjóðvarnarmönnum er annt um Ísland og allt, sem íslenzkt er. Þeir óttast um afdrif íslenzkrar menningar og tungu í straumkasti stórþjóðanna á vettvangi ESB. Þessi ótti er skiljanlegur, bæði hér heima og annars staðar. Engin önnur smáþjóð í Evrópu hefur látið aðild að ESB steyta á slíkum ótta. Eistar eru ekki nema fjórum sinnum fleiri en Íslendingar. Þeir eru smáþjóð líkt og við og að sama skapi viðkvæmir fyrir sögu sinni, tungu og menningu. Sagan, tungan og menningin stöppuðu í þá stálinu árþúsundum saman undir erlendu oki, síðast undir þungu fargi Sovétveldisins 1940-1991. Samt gengu Eistar glaðir inn í ESB 2004, án þess að um inngönguna væri umtalsverður ágreiningur af þjóðvarnarástæðum eða öðrum sökum. Reynslan af ofríki Rússa vó þungt. Eistar þykjast ekki hafa þurft að fórna neinum þjóðlegum verðmætum við inngönguna í ESB, og sama máli gegnir um Letta og Litháa og einnig um Austurríkismenn, Dani, Finna, Grikki, Íra, Portúgala og Svía. Hví skyldi annað lögmál gilda um Ísland?

**Vinnuverndarrökin**

Fyrir sumum öðrum andstæðingum aðildar að ESB virðist þó vaka lítið annað en gamlir fordómar gagnvart útlendingum ásamt nærsýnum ótta við vinnumissi af völdum erlendrar samkeppni. Þessi angi andstöðunnar gegn ESB-aðild er sömu ættar og andúðin á innflutningi erlends vinnuafls og skírskotar gjarnan til ýmissa vandamála í samskiptum innfæddra og nýbúa í nálægum löndum. Oft er hér um að ræða öfgamenn, sem reyna sumir að villa á sér heimildir með þjóðarvarnarrökum. Sé fordómunum flett utan af málflutningi þeirra, þannig að vinnuverndarrökin standi ein eftir, standast þau ekki skoðun. Greiðir fólksflutningar eru ásamt frjálsum viðskiptum einn helzti aflvaki hagsældar um heiminn. Innflutningur vinnuafls leiðir yfirleitt ekki til atvinnuleysis meðal innfæddra, heldur greiðir hann fyrir hreyfanleika mannaflans milli atvinnuvega og staða til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Bandaríkin voru reist á innfluttu vinnuafli. Evrópa er orðin að bræðslupotti líkt og Bandaríkin. Indverjar og Kínverjar búa milljónum saman um allan heim og láta gott af sér leiða. Þetta er reglan. Undantekningarnar eru aukaatriði.

**Fullveldisrökin**

Enn aðrir andstæðingar inngöngu í ESB bera fyrir sig skert fullveldi af völdum aðildar og mega ekki til slíks hugsa. En það er þó einmitt einn höfuðtilgangurinn með ESB-aðild að deila fullveldinu með öðrum til að skerða völd þeirra, sem hafa farið illa með vald á liðinni tíð. Land, sem hefur um margra áratuga skeið haldið illa á peningamálum sínum, þarf að deila peningastjórninni með öðrum til að hafa hemil á verðbólgu. Land, sem vanrækir alþjóðaviðskipti af undanlátssemi við innlenda sérhagsmuni, þarf að deila fullveldi sínu með öðrum til að sækja til þeirra styrk til að standa gegn innlendu ofríki. Harðdrægir sérhagsmunahópar leika sér að stjórnvöldum, en þeir geta ekki sagt ESB fyrir verkum. Útvegsmenn hafa keypt stjórnmálamenn í kippum eins og Styrmir Gunnarsson, fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins, lýsir í bók sinni, Umsátrið. Orðrétt segir Styrmir (bls. 206): „Handhafar kvótans … höfðu líf plássanna í hendi sér. … Það jafngilti pólitísku sjálfsmorði að rísa upp gegn handhafa kvóta á landsbyggðinni.“ Greiðasta leiðin til að lækka vexti og verðlag og losna undan innlendu ofríki, gjaldeyrishöftum og öðrum heimatilbúnum ófögnuði er að semja sig að þeim húsaga, sem fylgir aðild að ESB. Við gætum að vísu gert þetta allt á eigin spýtur, en reynslan sýnir, að við gerum það ekki. Til þess þarf traustan gjaldmiðil, og þá er evran nærtækust og kallar á aðild að ESB.

Fullveldisrökin gegn aðild Íslands að ESB hafa holan hljóm í munni þeirra, sem steyptu þjóðinni í skuldir. Skuldug þjóð er hvorki frjáls né fullvalda. Útlendingar hafa nú alla þræði Íslands í hendi sér samkvæmt viðteknum umferðarreglum alþjóðlegra fjármála. Þeir, sem steyptu þjóðinni í skuldir og skertu fullveldi hennar, tefla þó enn fram fullveldisrökunum gegn ESB-aðild eins og ekkert hafi í skorizt. Þeir vilja fá frið til að skara áfram eld að eigin köku.

# Náungasamfélagið

**UMRÆÐAN**

Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir skrifa um samfélagsmál



ÁRNI SVANUR DANÍELSSON



KRISTÍN ÞÓRUNN TÓMASDÓTTIR

Kunningjasamfélagið er eitt af stóru vandamálunum sem Ísland glímir við í dag. Í kunningjasamfélagi ganga þau fyrir sem eru tengd okkur á einhvern hátt, á kostnað hagsmuna heildarinnar. Í kunningjasamfélagi skilgreinum við þau sem eru verð umhyggju okkar og góðra verka, eftir því hvernig þau tengjast okkur. Við sjáum öll óréttlætið og óhagkvæmnina sem þrífst í skjóli kunningjasamfélagsins. Það er óréttlátt, því það útilokar suma frá því sem þeim ber. Það er óhagkvæmt vegna þess að sá eða sú rétta víkur fyrir þeim sem kemst áfram á tengslum. Þá fer heildin halloka.

Kunningjasamfélagið Ísland þarf að umbreytast. Það þarf að umbreytast yfir í náungasamfélag. Í náungasamfélagi njóta allir sannmælis og eru virtir, óháð hverjum þeir tengjast og hverjum þeir eru kunnir. Í náungasamfélagi sjáum við þarfir og hagsmuni hvert annars og virðum þau sem eru ólík og ókunn okkur. Náungasamfélagið viðurkennir að við erum öll á sama báti og gefur jöfn tækifæri.

Við sem búum á Íslandi þurfum að vinna saman að því að gera samfélagið okkar betra, mannvænna og sanngjarnara. Við þurfum að skipta gæðunum jafnt – og ekki láta ráða úrslitum hver sé kunningi okkar, heldur að hver og einn er náungi okkar. Það þýðir að við erum tilbúin að leggja á okkur að sjá til þess að aðrir – náungar okkar – hafi eitthvað til að bíta og brenna, að þeir geti leitað í öruggt skjól og að þeim sé sinnt þegar veikindi knýja dyra. Það þýðir að við leggjum þetta á okkur, án þess að ætlast til þess að fá eitthvað í staðinn fyrir okkur sjálf.

Með því að stíga skrefið frá því kunningjasamfélagi til náungasamfélags, getum við vaxið saman og byggt sanngjarnt og réttlátt Ísland. Þangað eigum við að stefna.

*Höfundar eru prestar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# TILBOÐ

## 30-65% AFSLÁTTUR

# BAÐ & HREINLÆTISTÆKI





Hnota 120x48

T690

TONA LIVE CONCEPT









Hvítt háglans 142x48

Hlynur 121x48

WLU - 147

T-920

TONA LIVE CONCEPT

# HANDKLÆÐAOFNAR

KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR

MARGAR STÆRÐIR



### HVÍTIR Í BOGA

| | | |
|---|---|---|
| 700x450 mm | 10.900,- | stgr. |
| 970x450 mm | 17.900,- | stgr. |
| 1120x550 mm | 19.900,- | stgr. |
| 1320x500 mm | 22.900,- | stgr. |
| 1450x500 mm | 23.900,- | stgr. |
| 1500x550 mm | 28.900,- | stgr. |
| 1600x500 mm | 31.900,- | stgr. |
| 1760x500 mm | 33.900,- | stgr. |

### KRÓMAÐIR Í BOGA

| | | |
|---|---|---|
| 700x450 mm | 17.900,- | stgr. |
| 760x550 mm | 19.500,- | stgr. |
| 800x500 mm | 23.900,- | stgr. |
| 800x550 mm | 24.900,- | stgr. |
| 1000x500 mm | 26.900,- | stgr. |
| 1120x550 mm | 30.900,- | stgr. |
| 1200x550 mm | 34.900,- | stgr. |
| 1320x500 mm | 37.900,- | stgr. |
| 1450x500 mm | 38.900,- | stgr. |
| 1500x550 mm | 42.900,- | stgr. |
| 1600x500 mm | 44.900,- | stgr. |



30% AFSLÁTTUR

BAÐÁHÖLD



HANDLAUGAR Á BORÐ

40% AFSLÁTTUR

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR

KRÝSUVÍK

- hjálp til heilbrigðis

INNRÉTTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Uppstokkun, uppgjör og endurreisn

**UMRÆÐAN**

Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um endurreisnarstarf í kjölfar bankahrunsins



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Eitt ár er nú liðið frá því að Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð mynduðu minnihlutastjórn sem varin var vantrausti á Alþingi af Framsóknarflokknum. Stjórnin var skipuð jafnmörgum körlum og konum og í henni voru tveir ráðherrar utan flokka. Í fyrsta sinn var kona á stóli forsætisráðherra. Allt hefði þetta þótt nokkrum tíðindum sæta, en verkefni stjórnarinnar voru svo yfirþyrmandi að þau voru að sjálfsögðu í fyrirrúmi. Áttatíu daga stjórnin tók rösklega til hendinni og svaraði kalli þjóðarinnar um róttæka uppstokkun, uppgjör við bankahrunið og endurreisn efnahagslífsins. Hún lagði grunn að því að flokkunum tveimur í stjórninni var trúað fyrir að halda áfram á sömu braut í meirihlutastjórn að loknum vorkosningum. Fyrsta meirihlutastjórn jafnaðar- og félagshyggjufólks varð að veruleika.

Þegar litið er til baka þá er mér efst í huga að ríkisstjórnir mínar hafa sýnt staðfestu og þrautseigju í þeim verkefnum sem þær hafa tekist á hendur. Það hefur hvergi verið hvikað frá settum markmiðum þótt á ýmsu hafi gengið og tímasettar áætlanir hafi gengið úr skorðum. Slíkt reynir á langlundargeðið en mestu skiptir að stefnt sé í rétta átt því þá mun landi nád að lokum. Það hefur verið mér ákaflega dýrmætt að Samfylkingin hefur staðið þétt að baki formanni sínum og sýnt mikið æðruleysi og yfirvegun í öllu sínu starfi. Þá hefur það verið burðarás í ríkisstjórnunum tveimur að samstarfið við formann Vinstri hreyfingarinnar græns – framboðs hefur verið einstaklega traust og farsælt.

### Ný mynd um áramót

Eftir þær efnahagslegu hamfarir sem á Íslandi dundu, beið nýrrar ríkisstjórnar gríðarlega erfitt verkefni. Hrunið bankakerfi, stórlaskaður gjaldmiðill, tekjuóflun ríkissjóðs í engu samræmi við útgjöld, margföldun á skuldum ríkisjóðs var óumflýjanleg, fjármálaleg samskipti við útlönd voru í molum og tæknilegt gjaldþrot þúsunda fyrirtækja og heimila blasti við ef ekkert yrði að gert. Hagfræðingar töluðu um að sjöföld þjóðarframleiðsla hefði tapast í hruninu og hér væri um fordæmalausa viðburði að ræða í sögu þróaðra hagkerfa á friðartímum. En með markvissum aðgerðum ríkisstjórnar, aðila vinnumarkaðarins og samtakamætti þjóðarinnar tókst á liðnu ári að ná ótrúlegum árangri. Í stað efnahagshruns blasti við um áramótin algerlega ný mynd – sannarlega erfitt efnahagsástand og áframhaldandi erfiðleikar um sinn, en vel viðráðanlegt verkefni – síst stærra í sniðum en margar aðrar þjóðir ganga nú í gegnum víða í Evrópu:

- Gengið stöðugt og hafði ekki verið hærra í 5 mánuði
- Vextir höfðu lækkað úr 18% í 10% og ekki verið lægri í 4 ár
- Verðbólga hafði ekki mælst lægri í tæp 2 ár
- Skuldatryggingaálag ríkisins var komið niður undir 400 og hafði lækkað um helming á árinu
- Minna atvinnuleysi en spáð var, 8% í stað 10%
- Minni samdráttur en spáð var, 7,5% í stað 10,6%
- Skuldir ríkisins og vaxtakostnaður voru minni en spáð var, aðallega vegna aðildar kröfuhafa að endurreisn tveggja stærstu bankanna.

Icesave-málið virtist í höfn. Endurskoðun AGS var á dagskrá í lok janúar og áframhaldandi lækkun vaxta, verðbólgu og skuldatryggingaálags og styrking gengis var fyrirsjáanleg á næstu mánuðum. Allt benti því til þess að fram undan væri stutt í viðsnúninginn og í stað samdráttar hillti undir hagvöxt strax um mitt ár. Nú hefur þessum árangri því miður verið stefnt í óvissu, en engu að síður sýnir hann svo ekki verður um villst að verkefnið er ekki óyfirstíganlegt eins og ef til vill virtist í upphafi.

### Vandasöm verkefni

Einn veigamesti þátturinn í endurreisn efnahagslífsins er að ná endum saman í ríkisfjármálunum, án þess að ganga hart að velferðarkerfinu og þeim sem veikast standa og helst þurfa því á stuðningi þess að halda. Ríkisstjórnin tók við ríkisrekstrinum með um 200 milljarða halla á ári. Samkvæmt þeirri efnahagsáætlun sem ríkisstjórnin vinnur eftir er hins vegar gert ráð fyrir að jafnvægi náist í ríkisfjármálum árið 2013. Á síðustu tveimur árum var ríkisfjármálum á Íslandi beitt til þess að milda áhrif efnahagsáfallsins. Hallinn þessi tvö ár nemur tæplega 400 milljörðum króna. Nú verður ekki undan því vikist að ná hallarekstri ríkisins niður. Annars skapast hætta á að ríkið komist í veruleg greiðsluvandræði og skuldakostnaður verði svo hár að ekkert verði afgangs til þess að halda úti velferðarþjónustu og skólum.

> *Ég hef fyrir því sterka tilfinningu að nú sé kominn verulegur skriður á uppgjörið eftir bankahrunið og embætti sérstaks saksóknara og Fjármálaeftirlitið standi vel að rannsókn mála.*

Annað af mikilvægustu verkefnum ríkisstjórnarinnar var að tryggja að uppgjörið við hrunið og nauðsynlegar breytingar á starfsháttum og regluverki stjórnkerfisins gengju eins hratt og örugglega fyrir sig og kostur var. Starfsemi hins sérstaka saksóknara var stórefld í þessu skyni og Eva Joly ráðin sem sérstakur ráðgjafi stjórnvalda við rannsóknarþáttinn. Ég hef fyrir því sterka tilfinningu að nú sé kominn verulegur skriður á uppgjörið eftir bankahrunið og embætti sérstaks saksóknara og Fjármálaeftirlitið standi vel að rannsókn mála. Mikill áfangi í þeirri viðleitni að setja fjármálastarfsemi fastar skorður náðist fyrir helgina þegar mælt var fyrir frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki og frumvarpi til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Lausbeisluð bankastarfsemi með skaðlegri áhættusækni verður ekki lengur möguleg nái þessar lagaumbætur fram að ganga.

### Úrræði og breytingar

Allt frá myndun núverandi ríkisstjórnar hefur verið unnið að úrræðum sem nýst hafa einstaklingum og fjölskyldum sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna efnahagshremminganna. Vel á þriðja tug aðgerða hafa verið kynntar og milljörðum króna hefur verið ráðstafað til skuldsettra heimila í þessu tilliti, annars vegar í gegnum stórauknar vaxtabætur og hins vegar með því að heimila útborgun séreignasparnaðar að hluta. Greiðslujöfnun verðtryggðra og erlendra lána getur tryggt að afborganir húsnæðislána verði sambærilegar og þær voru fyrir hrun og greiðsluaðlögun þeirra verst settu hefur verið lögleidd. Enda þótt gögn sýni að aðgerðirnar nýtist fólki og skili meiri árangri en almennt er viðurkennt, verður áfram unnið að því að fjölga úrræðum, taka á nauðungarsölum og bæta stöðu þeirra sem þurfa greiðsluaðlögun.

Samhliða því að ná árangri í þessum stóru málum sem flest tengjast efnahagshruninu með einum eða öðrum hætti hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir stefnubreytingu á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins í anda þess jöfnuðar og réttlætis sem stjórnarflokkarnir standa fyrir. Við erum að beita okkur fyrir stefnubreytingu í skattamálum, í jafnréttismálum, í umhverfismálum, í sjávarútvegsmálum og stefnubreytingu í málum stjórnkerfis, réttarkerfis, stjórnsýslu og lýðræðis, í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og sótt hefur verið um aðild að Evrópusambandinu. Það er ekki lítið í fang færst og stjórnin þarf ekki að kvíða verkefnisskorti. Og til marks um það að Íslendingar eru síður en svo af baki dottnir þá hefur Ísland á liðnu ári ekki einungis unnið til bronsverðlauna á Evrópumóti í handknattleik og silfurs í Eurovision heldur einnig lent í fyrsta sæti í tveimur úttektum virtra alþjóðastofnanna, annars vegar á sviði jafnréttismála og hins vegar umhverfismála. Ísland hefur því margt að bjóða, hér eftir sem hingað til.

*Höfundur er forsætisráðherra.*







Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

# Opið bréf til heilbrigðisráðherra

UMRÆÐAN

Gísli Vilhjálmsson skrifar um tannréttingar



GÍSLI VILHJÁLMSSON

Um áramót, eða nánar tiltekið 21.12.2009, settir þú nýja reglugerð varðandi endurgreiðslu tannréttinga. Reglugerðin tók gildi 1.1.2010 og var sett án samráðs við tannréttingasérfræðinga sem eiga að sjá um skýrslugjöf til Sjúkratrygginga (SÍ).

Tilgangur reglugerðarinnar er augljós: Að skerða þá litlu fjárhæð sem í málaflokkinn fer með því að takmarka endurgreiðslur enn frekar en nú er gert. Tryggingayfirtannlækni SÍ er gefið ótakmarkað vald til að dæma um hvort læknisfræðilega sé þörf á meðferðinni eður ei. Sjúklingi er ekki heimilt að leita þjónustu án undangenginnar samþykktar stofnunarinnar og missir hann réttindi sín ef hann dirfist að leita þjónustu án samþykkis tryggingayfirtannlæknis. Tryggingayfirtannlækni, sem er sérfræðingur í tannholdssjúkdómum en ekki tannréttingum, er gefið vald til að ákvarða réttindi sjúklinga. Aðrir tannlæknar vinna ekki við SÍ og miðað við reynslu síðustu ára af Úrskurðarnefnd almannatrygginga hefur sú nefnd sýnt með úrskurðum sínum að hún leitar sjaldan álits annarra tannlækna á kærumálum. Tryggingayfirtannlækni er þá í raun með setningu reglugerðarinnar afhent einræðisvald. Þessi málaskipan er mikil afturför frá fyrra kerfi sem notað hefur verið árum saman og einkennist af skýrum, einföldum reglum og jöfnum rétti þeirra sem fara í tannréttingu. Með nýju reglunum er líka verið að gefa áliti tannréttingasérfræðinga sem verkið vinna langt nef.

Reglugerðinni er einnig ætlað að bæta hag barna með skarð í vör og góm. Tannréttingar þessara barna snúast ekki nema að litlu leyti um „tennur". Meðferðin snýst um að vinna með lýtalæknum og kjálkaskurðtannlæknum við að lagfæra góma og undirliggjandi andlitsbein þannig að hægt sé að lagfæra tennur og kjálka og koma þeim í eðlilegt horf. Meðferð þessara barna er flókið margslungið ferli sem erfitt er að lýsa stuttlega í blaðagrein. Í erfiðustu tilfellunum getur meðferðarferlið staðið frá 6-7 ára aldri og fram yfir tvítugt.

Reglugerð þín er þó ekki að flækja málið: Læknisferlið er sett í tvo flokka:

1. Opna skarð fyrir beinflutning. Hámarksendurgreiðsla 200 einingar eða kr. 138.600

2. Tannréttingarmeðferð með föstum tækjum(teinameðferð) í 3 ár að hámarki 800 einingar eða kr. 554.400. Samtals gerir þetta 693 þúsund krónur alls.

Þú fullyrtir í sjónvarpsviðtali að nú eigi að taka rösklega á þessu málefni og það eigi ekki að bitna á börnunum að fá þennan fæðingargalla í vöggugjöf. Það eigi að fá aðgerðir að fullu greiddar. Ég sé það ekki á þessari endurgreiðsluskrá. Algengt verð á venjubundnum tannréttingum, þ.e. tannréttingum barna sem ekki eru með skarð í vör og góm, hjá tannréttingasérfræðingum um allt land er á bilinu 700-1100 þúsund krónur. Mig langar að vita hvar þú ætlar fyrir hönd þessara barna að kaupa 10-15 ára þjónustu fyrir tæpar 700 þúsund krónur. Ég get ekki séð annað en að enn og aftur eigi að slá ryki í augu forráðamanna þessara barna og þeir þurfi að greiða 60-70% af kostnaði við tannréttingar barna sinna. Reglugerð þín virðist ekki breyta neinu þar um, þú leiðréttir mig ef rangt er.

Tannréttingasérfræðingar hafa með glöðu geði sinnt upplýsingagjöf til SÍ um meðferð sjúklinga sinna svo þeir geti leitað réttar síns varðandi endurgreiðslur. Hefur þetta verið í formi staðfestingarvottorðs. Nú bregður svo við að þú ætlast til meira en upplýsingar um sjúklinga í reglugerð þinni og í raun með því að undirskrifa umsóknina um endurgreiðslu fyrir skjólstæðinga okkar þá erum við að samningsbinda okkur SÍ og lagðar eru á okkur nýjar kvaðir eins og að gefa föst verð í flókin ófyrirséð verkefni og binda verðskrá tilkynningarskyldu til SÍ með 3ja mánaða fyrirvara. Tannréttingasérfræðingar óska eftir eðlilegum óþvinguðum samskiptum við SÍ og heilbrigðisyfirvöld. Tannlæknar hafa ekki sóst eftir samningi við heilbrigðisyfirvöld, einfaldlega vegna þess að þau treysta sér ekki til að greiða raunkostnað við tannlækningar og hafa ekki gert í fjölda ára. Að „setja" tannréttingasérfræðinga á samning með valdboði er nýlunda sem greinilega á að reyna með því að neita sjúklingum um endurgreiðslu nema tannlæknirinn beygi sig undir valdboð þitt. Ég get ekki skrifað undir umsóknir á meðan slík þvingunarráðstöfun er við lýði og ég á von á að fleiri starfsfélagar mínir líti einnig þannig á málið.

Ég vil hvetja þig til að skoða og breyta umræddri reglugerð á ný með tilliti til þess að hægt verði að vinna eftir henni og hún nái þeim tilgangi að þjóna þeim sem mesta aðstoð þurfa. Hlustaðu á skjólstæðinga þína og þá sem vinna eiga verkin, en ekki falla ofan í embættismannagryfjuna sem forverar þínir komust aldrei upp úr.

*Höfundur er tannréttingasérfræðingur og er með fjölda barna með skarð í vör og góm í meðferð.*






# Rannsókn á glæpnum

UMRÆÐAN

Kristinn H. Gunnarsson skrifar um Íraksmálið



KRISTINN H. GUNNARSSON

Innrásin í Írak á vordögum 2003 er óumdeilanlega orðin eitt mesta glæpaverk seinni tíma. Ráðist var inn í landið án samþykkis Sameinuðu þjóðanna, logið var upp tylliástæðum um kjarnorkuógn og tengsl Saddams Hussein við Al Kaída. Hundruð þúsunda manna, kvenna og barna hafa verið drepin í Írak síðan innrásin var gerð, bæði í innrásinni sjálfri og í borgarastyrjöldinni sem innrásin kom af stað milli þjóða og trúabragðahópa. Innrásarþjóðirnar standa meira og minna ráðalausar frammi fyrir ofbeldinu sem þær leystu úr læðingi og hafa engin svör við spurningunni til hvers innrásin var gerð. Engin réttlæting er finnanleg og þá stendur eftir hinn bitri sannleikur að innrásin var glæpaverk.

Í Bretlandi er enn ein rannsóknarnefndin að störfum til þess að komast að hinu sanna í aðdraganda þátttöku Breta í innrásinni. Þar liggur æ betur fyrir, með hverri rannsókninni sem gerð er, hversu ömurlegur verknaðurinn var. Ekki aðeins var tilgangurinn spuni og rökin uppspuni heldur lá ekki fyrir hvað ætti að gera og hvernig byggja ætti upp friðsamt og gott samfélag í landinu. Þeir sem ábyrgð báru á ákvörðuninni og blekkingunum munu þurfa að svara til saka og axla ábyrgð. Það er gott og eykur tiltrú á Bretlandi sem lýðræðisþjóð.

En hvar standa þessi mál á Íslandi? Með samþykki ríkisstjórnar Íslands var landið sett á lista hinna viljugu þjóða í upphafi innrásarinnar. Fram hefur komið að ákvörðun þar um hafi verið tekin utan ríkisstjórnarfundar og að henni hafi aðeins komið formenn stjórnarflokkanna, forsætisráðherra Davíð Oddsson og utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson. Það hefur líka verið upplýst að málið var ekki rætt í þingflokki framsóknarmanna. Þáverandi stjórnarandstaða gagnrýndi síðar málatilbúnaðinn.

Það er ekki að sjá að ríkisstjórnin ætli að hreyfa þessu máli. Því er þess krafist að með sérstakri löggjöf verði skipuð sérstök rannsóknarnefnd óháðra manna og öllum þeim sem upplýsingar hafa um málið verði gert skylt að mæta fyrir nefndina og skýra frá öllu sem þeir vita og leggja fram öll gögn sem þeir hafa yfir að ráða. Öll gögn verði gerð opinber og vitnaleiðslur fari fram fyrir opnum tjöldum.

Lagaskyldan nái til ráðherra, alþingismanna, starfsmanna stjórnmálaflokkanna og þingflokkanna, sendiherra, ráðuneytisstjóra, embættismanna og allra sem kunna að búa yfir upplýsingum eða vitneskju sem varpar ljósi á ákvörðunina.

Upplýsa þarf hvernig ákvörðunin var tekin, á hvaða gögnum byggðist hún, hvaða álit um lögmæti og hættu lágu fyrir, hverjir tóku hana, við hverja var rætt innanlands og erlendis, hvaða áætlanir lágu fyrir um uppbyggingu og endurreisn í Írak og hvað annað það sem máli skiptir.

Þátttaka Íslendinga í Íraksstríðinu með stuðningi við innrásina er glæpur sem landsmönnum svíður enn í dag. Glæpi á að upplýsa í stjórnarráðinu, sem á götum úti, og draga afbrotamennina fyrir dómstóla og rétta yfir þeim. Þeir sem eru ábyrgir í málinu verða að sæta ábyrgð. Það er ekki að sæta ábyrgð að verða seðlabankastjóri. Það er ekki að sæta ábyrgð að verða framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs.

Hvers vegna eru stjórnarflokkarnir ekki búnir að koma þessu í verk? Núna hafa þeir völdin og ráðin á Alþingi. Þá á að gera það sem áður var talað um.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.*

# Tannvernd - börnin sem skila sér ekki

UMRÆÐAN

Sigurður Benediktsson skrifar um tannvernd barna



SIGURÐUR BENEDIKTSSON

Mikið hefur verið rætt um tannvernd barna á undanförnum misserum. Lýsingar af slæmri tannheilsu barna á Íslandi rata reglulega í fjölmiðla og náði sú umræða hæstu hæðum síðastliðinn vetur þegar samstarf Tannlæknafélags Íslands og tannlæknadeildar Háskóla Íslands leiddi til Hjálparvaktar fyrir börn sem búa við kröpp kjör. Lítið hefur þó breyst í skipulagi tannheilsumála á árinu sem liðið er þrátt fyrir að ráðamenn hafi lýst því yfir að við þetta yrði ekki lengur búið.

### Heildstætt kerfi

Nú er það svo að tannlæknar hafa ekki möguleika á að sjá hvort barn hafi skilað sér til tannlæknis í skoðun eða lokið þeirri meðferð sem þörf er á. Tannlæknir sér aðeins það barn sem kemur á hans starfsstöð og getur ekki fylgst með ef barn sækir meðferð annars staðar eða hefur hreinlega dottið úr meðferð. Oft kemur barn vegna bráðavanda en skilar sér síðan ekki í áframhaldandi heimsóknir. Enginn fylgist í raun með þessu og þótt Sjúkratryggingar Íslands greiði fyrir veitta meðferð er ekkert sem segir til um hvort henni sé lokið eða ekki og barnið getur því týnst í kerfinu. Mikilvægt er að rekið sé heildstætt kerfi þar sem fylgst er með komum barna til tannlækna og þannig búið um málin að ekki velti á fjárhagsstöðu foreldra hvort barnið fái nauðsynlegt eftirlit og meðferð. Hér er mikilvægt að samvinna sé milli þeirra staða sem börn koma á, hvort sem um er að ræða heilsugæsluna, skólann eða tannlækna. Upplýsingar þurfa að flæða þarna á milli svo hægt sé að fylgjast með heimtum og grípa inn í ef börn skila sér ekki.

### Hver á að gæta bróður míns?

Ekki má líta á tannheilsu sem eitthvað sérstakt fyrirbæri heldur að hún tengist mörgum þáttum sem snerta almennt heilbrigði barna. Munnhirða og gott mataræði skipta þar mestu en hér á Íslandi er t.d. gosdrykkjaþamb barna og unglinga gríðarlegt og á sama tíma heyrum við að börn á Íslandi séu að þyngjast og séu ekki nógu vel á sig komin líkamlega. Svo virðist sem tannheilsa íslenskra barna sé háð efnahagsstöðu foreldra þeirra því börn efnaminni foreldra hafa fleiri tannskemmdir en börn þeirra efnameiri. Hér er því um samfélagslegt mál að ræða og hætt er við að tannheilsu barna hraki enn frekar, nú þegar kjör fólks eru almennt að rýrna til mikilla muna. Heimtur barna til tannlækna hafa ekki verið nógu góðar og nú, eftir að efnahagskreppan skall á, eru vísbendingar um að enn færri börn skili sér til tannlækna. Það þarf því samstillt átak allra sem málið varða og þeir þurfa að taka höndum saman um að koma þessum málum í viðunandi horf.

*Höfundur er formaður Tannlæknafélags Íslands.*



4BLS BÆKLINGUR
FEBRÚAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
WINDOWS 7
MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM
9.990
UPPFÆRSLA
14.900
TIL AFGREIÐSLU STRAX
HVERGI BETRA VERÐ
SPILARI
MARGMIÐLUNARSPILARI
TENGIST USB FLAKKARA
720P UPSCALING
9.990
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
MÚS OG LYKLABORÐ FYLGIR
REVO
FRÁBÆR BORÐTÖLVA MEÐ 512MB NVIDIA ION SKJÁST. WINDOWS XP, OFL. OFL.
49.900
GLÆSILEG VERSLUN
BORGARTÚNI 31 REYKJAVÍK
NÝ VERSLUN
UNDIRHLÍÐ 2 AKUREYRI
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.




## GIGABYTE

### UPPFÆRSLUTURN 2

- Athlon II X2 240 Dual Core 2.8GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB ATI Radeon HD2100 skjást.
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Vandaður 500W hljóðlátur turn

**59.900**

ÖFLUGUR UPPFÆRSLUTURN




## 20”

### FRÁBÆR BORÐTÖLVA

- Intel Atom N330 Dual Core örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 20” HD Plus 16:9 1600x900 skjár
- 256MB Nvidia ION HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- Windows 7 Home Premium

**129.900**

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS




## HDMI1080i




## GIGABYTE

### LUXO ÖFLUG LEIKJATÖLVA

Einn öflugasti leikjaturninn í dag hlaðinn nýjustu tækni með ofur öflugum örgjörva og 1GB ATI HD5670 DX11 skjákorti.

- GIGABYTE LUXO X140 leikjaturn
- Phenom II Dual Core 550 3.1GHz 7MB
- GIGABYTE 770TA-UD3 móðurborð
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD5670 DX11 skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- 2xUSB3, 10xUSB2, 2xSATA3, 8xSATA2
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**149.900**

ALLRA NÝJASTA TÆKNI




## 1TB

### LaCinema HD 1080P

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb. netkorti
- Spilar af USB flökkurum/minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, Optical, USB, LAN, ofl.

**59.900**

ÞESSI SPILAR ALLT!




## ÞRÁÐLAUST LABTEC

Nýjasta þráðlausa settið frá Labtec með glæsilegu þráðlausu lyklaborði og mús

**6.990**

W-1200 ÞRÁÐLAUST SETT




## M7700

### ÞRÁÐLAUS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**

BLUETOOTH ÚTGÁFA KR. 6.990



## NAS-20

### HARÐDISKHÝSING

- Nettengjanleg hýsing fyrir 2 diska
- RAID 0/1/JBOD og Gigabit netkort
- FTP, SAMBA, iTunes, prentþjónn o.fl.
- WINS, NTP og BitTorrent Client
- 128MB minni, 32BIT 300MHz örgjörvi
- 2xUSB Host tengi og Gigabit netkort

**27.900**

NETTENGJANLEG FYRIR 2 DISKA



## LEIKJA

### HEYRNARTÓL

Glæsileg og vönduð Life-Chat leikjaheyrnartól með einstökum hljómgæðum og sveigjanlegum MIC. Frábært fyrir harða leikjaunnendur.

**6.990**

Microsoft HEYRNARTÓL



## i-TRIGUE

### 3000 KERFI

Glæsilegt og öflugt 24W RMS 2.1 hljóðkerfi frá Creative með öflugu bassaboxi og Neo Titanium hátölurum sem eru með einstaklega tæran hljóm.

**14.900**

CREATIVE 2.1 HLJÓÐKERFI

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900

**TÍMARITIÐ LOVE** tók sér allsérstætt verkefni fyrir hendur á dögunum. Það fékk átta frægar fyrirsætur til að sitja fyrir í nákvæmlega sömu stellingunni og síðan voru prentaðar átta mismunandi forsíður fyrir hverja og eina. Meðal þeirra sem sátu fyrir voru Kate Moss, Lara Stone og Naomi Campbell.





# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



















Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir heldur mikið upp á leggings, gróf stígvél og svartar stuttbuxur sem hún fékk í Topshop. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Saumar þegar hægist um

**Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, nemandi í Verzlunarskóla Íslands, heldur utan um búningana í Thriller-sýningu Versló auk þess að vinna í tískuvöruverslun. Hún fylgist vel með tískunni.**

„Ég er mjög hrifin af þeirri tísku sem er í gangi núna, svolítið rokkað,“ segir Sigríður Dagbjört, sem stundar nám á viðskiptabraut í Versló. Meðfram skólanum vinnur hún í tískuvöruversluninni Topshop og þegar hún er beðin um að segja frá uppáhaldsflíkunum sínum viðurkennir hún að versla talsvert þar enda hæg heimatökin.

„Þrjár uppáhaldsflíkurnar mínar keypti ég allar í Topshop. Ég held mikið upp á leggings með göddum á sem ég keypti fyrir um ári síðan og er nánast alltaf í, svartar stuttbuxur sem ég nota við og svo gróf hermannaleg stígvél sem hafa nýst mér vel í vetur.“ Sigríður spáir mikið í tísku og fylgist vel með. Fataskápurinn hennar inniheldur þó ekki einungis föt úr Topshop því hún á saumavél sem hún notar mikið.

„Ég sauma aðallega á sjálfa mig, kjóla og fleira, en ég fór á tvö námskeið hjá Helgu Rún Pálmadóttur fatahönnuði og lærði mikið þar. Ég saumaði reyndar meira í fyrravetur en planið er að taka upp saumavélina aftur þegar verður aðeins minna að gera hjá mér,“ segir hún og á þá við þegar sýningum á söngleiknum Thriller sem Versló setur upp í ár, lýkur en hún hefur yfirumsjón með búningunum í sýningunni.

„Þetta er rosalega skemmtileg vinna og ég gæti alveg hugsað mér fleiri svona verkefni í framtíðinni. Í fyrra settum við upp sýninguna Stardust og þá var ég að sauma búningana ásamt fleiri stelpum. Búningarnir voru mjög speisaðir og við gerðum þá alveg frá grunni og ég lærði mikið af því. Eftir menntaskólann langar mig að finna skóla sem sameinar bæði viðskiptafræði og fatahönnun,“ segir Sigríður og er rokin á æfingu en frumsýning Thriller fer fram í dag í Loftkastalanum. *heida@frettabladid.is*




**PIERRE CARDIN** tískuhönnuður, sem er þekktur fyrir framtíðardrauma í hönnun sinni, heldur nú upp á sextíu ára starfsafmæli sitt.








Edda Sif útskrifaðist frá HR í fyrra og Sandra Rún úr Verslunarskóla Íslands. Eftir að þær náðu samningum við breska framleiðandann Lipsy ákváðu þær að opna verslun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Dúkkulegt í anda Gossip Girl og Sex and the City

**Í Dúkkuhúsinu er að finna litrík föt og fylgihluti. Fötin minna um margt á klæðnað sem má sjá í þáttum eins og Gossip Girl og Sex and the City og eiga konur jafnt sem stúlkur erfitt með að standast mátið.**

Systurnar Edda Sif og Sandra Rún Sigurðardætur opnuðu Dúkkuhúsið að Vatnsstíg 3 seint á síðasta ári og hefur búðinni verið vel tekið. Þar fást litríkir kjólar, skór og fylgihlutir og minnir umgjörðin á lítið dúkkuhús.

„Hugmyndin er sú að hingað sé hægt að koma, dubba sig upp og fara í eins konar dúkkuleik en umgjörðin og úrvalið er í samræmi við það,“ segir Edda Sif. En hvað varð til þess að þær systur ákváðu að hella sér út í verslunarrekstur? „Hugmyndin kviknaði í fyrravetur þegar við vorum að selja okkar eigin föt í Kolaportinu. Við slógum sölumet og í kjölfarið datt okkur í hug að við hefðum ef til vill eitthvert vit á þessu. Upp frá því opnuðum við síðu á fésbók og seldum svolítið af eigin saumaskap en þegar við fengum samning við breska framleiðandann Lipsy ákváðum við að opna verslun.“

Megnið af vörunum í versluninni er frá Lipsy en þær minna um margt á föt sem má sjá í sjónvarpsþáttum á borð við Gossip Girl og Sex and the City. „Við erum með mikið af fínum og litríkum kjólum og háum hælum og bjóðum upp á gott mótvægi við verslanir sem selja notuð föt. Hingað koma mennta- og háskólastelpur í stórum stíl og hafa margar nælt sér í árshátíðarkjól að undanförnu.“

*vera@frettabladid.is*



Dúkkuhúsið býður upp á gott mótvægi við verslanir sem selja notuð föt.

Edda Sif segir margar stelpur hafa nælt sér í árshátíðarkjólinn í búðinni að undanförnu.

Í búðinni fást kjólar, pils, leggings, skór og yfirhafnir ásamt töskum og skarti.









## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Niðurskurðarhnífur í hátískunni

Eftir tilkomulitlar herrasýningar var hátíska næsta sumars á sýningarpöllunum í París í vikunni er leið. Spurningin sem brann á vörum manna var hvort þær sýningar yrðu eins litlausar og hinar fyrrnefndu og víst er að hátískan hefur mikið dregið saman seglin í kreppunni. Hvort sem um er að ræða Dior eða Chanel, þá fara tískusýningarnar fram í salarkynnum tískuhúsanna en ekki í Versölum eins og fyrir ekki svo löngu hjá Dior eða í Grand Palais sem oft hefur hýst sýningar Chanel. Það er heldur ekki laust við að það sé gat í dagskránni nú í fyrsta skiptið þar sem Christian Lacroix tekur ekki þátt í hátískusýningunum eftir að hann komst í þrot á síðasta ári.

Frumlegasta sýningin var hjá hönnuðinum Maurizio Galante sem bauð upp á tónleika með sópran-söngkonunni June Anderson en hún skipti um kjóla milli þess að flytja tónlist eftir Bernstein, Fauré og Bellini. Kjólarnir voru skreyttir strútsfjöðrum, með mörgum lögum af efni og létt sjöl notuð við. Hönnuðurinn mætti svo á svið líkt og þjónn á veitingastað með eðalskartgripi á bakka sem söngkonan skreytti sig með.

Það var hinn sami Alexis Mabille sem opnaði hátískusýningarnar líkt og herrasýningarnar í fyrri viku. Hönnunin var undir rússneskum áhrifum, með drögtum í bleiku og svörtu og frökkum alsettum steinum; hátíska eins og hún á að vera.

En þrátt fyrir samdráttinn og að hátískuna megi líta á sem lokaðan klúbb mátti þó sjá nýliða á sýningunum. Bouchra Jarrar, fyrrverandi stjórnandi saumastofu Lacroix og Balenciaga, tók sig til eftir að sá fyrrnefndi lokaði og á tæpum tveimur mánuðum sló hún í eina sýningu. Hönnunin er látlaus en fáguð með einföldum svörtum og hvítum kjólum.

Riccardo Tisci er nú líklega sá sem átti enn og aftur eftirminnilegustu tískusýninguna þó hann hafi róast eftir fimm ár hjá Givenchy og hannar heldur látlausari klæði en áður. Hann hristi hins vegar vel upp í mosavöxnum blúndum og mússilíni hátískunnar í byrjun ferils síns. Tisci er eins og áður upptekinn af kynþokka, efnin þunn og gegnsæ og skreytt fjöðrum bæði af strútum og fleiri sjaldgæfum fuglum. Á sýningu Givenchy var hægt að láta sig dreyma og ferðast um stund í draumaveröld hátískunnar.

Hjá Martin Margiela svífur andi stofnandans enn yfir vötnum þó hann hafi yfirgefið tískuhús sitt í desember. Kjólarnir sem eru í anda ballkjóla 4. og 5. áratugarins eru oft gerðir úr endurunnu efni eða saumaðir upp úr flíkum, þeir eiga að vera „vintage". Algjör andstaða takmarkalausrar eyðslu og útgjalda sem gjarnan fylgir hátískunni þar sem að tugir metra eða hundruð silkiblóma eða steina geta hulið einn kjól.

*bergb75@free.fr*



Elle kynnti nýju nærfatalínu sína á dögunum. NORDICPHOTOS/AFP

# Elle fer fyrir leitinni

**Elle MacPherson tekur við sem þáttastjórnandi Britain's next top model af Lisu Snowdon.**

Ástralska ofurfyrirsætan Elle MacPherson verður næsti þáttastjórnandi fyrirsætuþáttarins Britain's next top model. Þar mun hún veita þeim 25 ungu dömum sem dreymir um feril á tískupöllunum góð ráð. Hún tekur við af Lisu Snowdon.

MacPherson rekur einnig nærfatafyrirtækið Elle MacPherson Intimates. Hún kynnti nýjustu nærfatalínuna nýlega í Printemps Haussman-versluninni í París, og við það tækifæri var þessi mynd tekin.

## Einstök söngkona

Söngkonan Rihanna hefur í gegnum tíðina vakið nokkra athygli fyrir sérstakan fatasmekk. Stúlkan mætti í þessum skósíða blúndukjól á árlega tónlistarhátíð sem haldin var í Cannes í lok janúar. Kjóllinn var silfurglansandi undir blúndunum og fékk hann misjafna dóma frá tískupekúlöntum heims. En hvort sem mönnum líki flíkin eður ei þá hljóta þeir að vera ásáttir um að hann vekur athygli.



Rihanna klæðir sig oft í mjög einstakar flíkur.





Gabor

Skór & töskur

Gott úrval af götuskóm frá Gabor Stærðir 35-44



Sérverslun með Gabor xena

FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060

Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16




Helga Rún Pálsdóttir, klæðskerameistari og búningahönnuður, kennir konum að sauma eigin brúðarkjóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sauma eigin brúðarkjól

**Brúðarkjólasaumur er eitt af því sem kennt er á námskeiði í Tækniskólanum í Reykjavík.**

Tækniskólinn í Reykjavík býður upp á skemmtilegt námskeið í brúðarkjólasaumi. Þátttakendur læra þar að hanna og sauma stílhreinan brúðarkjól undir handleiðslu kennara. Helga Rún Pálsdóttir, klæðskerameistari, búningahönnuður og hattagerðarkona, kennir námskeiðið sem hefst innan skamms.

„Námskeiðið er ætlað konum sem hafa einhverja reynslu í saumaskap og ætla að gifta sig innan tíðar. Ég held að þetta geti verið mjög skemmtilegur undirbúningur fyrir þennan stóra dag og kjólarnir verða þeim mun persónulegri. Þar sem námskeiðið er stutt verður fólk þó að halda sér innan skynsamlegra marka þegar kemur að hönnun kjólsins," segir Helga Rún. Einnig verður farið yfir gerð höfuðskarts í stíl við kjólinn. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Tækniskólans.

*- sm*

Kynning




# Ferming 2010

„Tískan í fermingarkjólunum hefur sjaldan verið skemmtilegri en núna, mjög kvenleg og litirnir fallegir og tærir," segir Lilja Hrönn Hauksdóttir, eigandi verslunarinnar Cosmo í Kringlunni, en þeir sem til þekkja vita að stíll verslunarinnar einkennist af kvenlegum sniðum.

Verslunin hefur verið ríkjandi í fermingarfatnaði gegnum árin og býður eingöngu upp á hátískuvörur. Lilja segir úrvalið í versluninni breitt, ekki sé eingöngu hugsað um fermingarstúlkuna heldur bjóði verslunin föt á mömmuna líka.

„Stærðirnar hjá okkur hlaupa frá númerunum 36 og upp í 48 og hjá okkur geta bæði mömmurnar og fermingarstúlkurnar einnig fundið yfirhafnir eins og kápur og fylgihluti í miklu úrvali. Við bjóðum meðal annars upp á leggings, ermar og skart sem fermingarstúlkan getur valið við kjólinn."



Lilja Hrönn Hauksdóttir.

Litina, sem eru ráðandi í fermingartískunni þetta árið, segir Lilja vera mikið svart og hvítt og silfurlitað með svörtu og fást bæði munstraðir og einlitir kjólar. „Við leggjum einmitt áherslu á að stúlkurnar geti svo notað kjólinn áfram eftir ferminguna, til dæmis á skólaböllin. Ég hef rekið verslunina í tuttugu og fjögur ár og get því ábyrgst góða þjónustu og fagmannlega ráðgjöf því hjá mér vinnur frábært starfsfólk sem hefur fylgt mér í um og yfir tuttugu ár. Við reynum að gera hverja einustu manneskju eins glæsilega og við getum."


COSMO

Kringlunni

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

TRIND
Ávallt No 1



Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

Frábær vara á góðu verði
Heilstæðar kremlínur fyrir þig
• Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
• Lift- fyrir eldri húð
• Margar nýjungar í boði



Deba
Útsölustaðir:
Apótekið, Árbæjarapótek, Lyfjaval, Lyfjaver,
Rima Apótek, Reykjavíkur ap., Fjarðakaup, HNLFÍ,

25%
aukaafsláttur
af útsöluvörum
belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

ÚTSALA
20 – 50% AFSLÁTTUR
OPIÐ Í DAG FRÁ 10 – 18
SUNNUDAG FRÁ 12 – 18
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518

;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

HELGIN
Laugardaga



Lady Gaga vekur ávallt athygli fyrir klæðaburð. Hér er hún í stórbrotnum kjól frá Armani Privé.



Söngdívan Beyoncé Knowles hlaut sex verðlaun á hátíðinni. Hún þótti bera af í klæðaburði bæði á sviðinu og í hátíðarsalnum. Hér er hún í kjól eftir Stephane Rolland.

Sveitasöngkonan Taylor Swift hlaut fern verðlaun á hátíðinni og tók sig vel út í þessum kjól eftir Kaufman Franco.

Katy Perry var í fallegum blómum skreyttum kjól eftir Zac Posen.

Rihanna klæddist hvítum kjól eftir Elie Saab.

# Glæsikvendi á Grammy

**Grammy-tónlistarverðlaunahátíðin var haldin í Los Angeles á dögunum í 52. sinn. Þar gaf að venju að líta litríkan hóp tónlistarmanna og -kvenna í fjölbreyttum múnderingum. Hér eru þær stjörnur sem flestir töldu best klæddar.**

Út frá tískusjónarmiði þykja Grammy-verðlaunin oft skemmtilegri en kvikmyndaverðlaunahátíðir, Tónlistarmenn virðast ekki fylgja sömu reglum og leikararnir á rauða dreglinum og klæða sig oft algerlega eftir eigin höfði. *solveig@frettabladid.is*

Ferming í Flash



• Kjólar
• Ermar
• Leggings
• Stuttkápur
• Skart

Ath. opið til kl. 20 í kvöld

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

# Hillur og skápar

SÉRBLAÐ • FIMMTUDAGUR 4. FEBRÚAR 2010


























**PAX TONNES fataskápur 151.750,-**
B250×D58, H236cm. Hvítt/hert gler.





PAX skáparnir fást í hvítu, birki, eik, gráu og svarbrúnu. Einingarnar eru 50, 75 og 100 cm að breidd og hæðin er 201 og 236 cm. Þú getur því sérhannað fataskápinn þinn, nákvæmlega eftir þínum þörfum, þínu rými og þínum stíl. Við bjóðum upp á mikið úrval af hurðum, bæði rennihurðum og hurðum á lömum. Þær fást í ýmsum litum og áferðum – þú getur til dæmis valið hurðir með háglansandi áferð eða með viðarspón. Síðan nýtir þú rýmið í fataskápnum þínum til fullnustu með KOMPLEMENT aukahlutunum. Í KOMPLEMENT línunni finnur þú hillur, skúffur, vírkörfur, buxnaslár, skógrindur, kassa, körfur og ýmislegt fleira.

**PAX UGGDAL fataskápur 87.850,-**
B150×D58, H236cm.
Eikarspónn/hert gler.



IKEA

www.IKEA.is

# Hægt að hanna eigin skáp

**IKEA býður upp á mikið úrval fataskápa sem má raða saman að vild og laga að ólíkum þörfum.**



Atli segir hurðir með lömum vinsælastar en að rennihurðir sæki á. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skáparnir, sem fást í stöðluðum einingum, tveimur hæðum og þremur breiddum, heita PAX en auk þeirra fást stakir fataskápar í ýmsum stærðum og stílflokkum. KOMPLEMENT-aukahlutalínan passar í PAX-skápana en hún býður upp á hagkvæmar lausnir og gott innra skipulag.

„Hægt er að velja um hillur, vírkörfur, viðarskúffur, fataslár, buxnahengi, lausnir fyrir skó, snaga, skilrúm, box og kassa sem smellpassa í skápana og auðvelda aðgengi og skipulag. Þannig geta föt og fylgihlutir átt sinn stað og það er auðvelt að ganga að smáhlutum eins og beltum, bindum og slæðum vísum," segir Atli Daðason, vörustjóri húsgagna hjá IKEA. Hann segir fólk í raun geta hannað sinn eigin fataskáp eftir því hvernig fjölskylduaðstæður eru og að auðvelt sé að breyta skápunum. „Skápana má laga jafnt að einstaklingum, hjónum og börnum. Eins eru börn og fullorðnir stundum að samnýta skápa og því getur þurft að laga innra skipulag þeirra að því hvort ætlunin er að geyma í þeim síða kjóla eða skyrtur, buxur, barnaföt eða annað." Atli segir hurðir með lömum enn þá vinsælastar þótt rennihurðir sæki á. „Við erum með sextán tegundir af hurðum á lömum og er hægt að velja um fjölmarga stílflokka; liti, viðartegundir, spegla og gler. Undanfarið höfum við svo fundið fyrir auknum áhuga á rennihurðum og bætt við úrvalið. Þær eru sérstaklega hentugar ef pláss er af skornum skammti auk þess sem mörgum finnst þær smart og auðvelda aðgengi."

Á heimasíðu IKEA er að finna teikniforritið IKEA Home Planner. Þar er hægt að teikna upp heilu herbergin og setja saman fataskáp að eigin vali. Þá eru fjölmargar útfærslur til sýnis í versluninni auk þess sem starfsfólk IKEA veit hvaða stærðum er best að raða saman, hvaða hurðir henta og þar fram eftir götunum. „Það er gott að hafa málin með þegar komið er í búðina og einhverja hugmynd um það sem á að geyma í skápnum til að geta útfært skápinn að innan. Síðan er bara að fara heim og raða."





● **KLOFINN PERSÓNULEIKI** Hollenski hönnuðurinn Mieke Meijer á heiðurinn að þessum skáp sem kallast Alter Ego, eða æðra sjálf. Skápurinn er settur saman úr nokkrum smærri einingum sem hægt er að taka í sundur og leika sér með að vild. Meijer segir að saman tákni skáparnir eins konar æðra sjálf, eða alter ego, en hver í sínu lagi eigi þeir að tákna önnur sjálf skápsins. Þetta endurspeglist jafnframt í myndinni af stólnum framan á skápnum sem tvístrast þegar hann er tekinn í sundur.

Þess má geta að Meijer er nokkuð þekkt í föðurlandi sínu Hollandi en hún tók meðal annars þátt í hollensku hönnunarvikunni sem fór fram Eindhoven nú í október.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439








Margs konar hillur eru í boði hjá IKEA og miklir möguleikar á uppröðun, að sögn Auðar Gunnarsdóttur, sölustjóra húsgagnadeildar IKEA. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vönduð vara á góðu verði

**IKEA býður upp á mikið úrval af hillum. Að sögn Auðar Gunnarsdóttur, sölustjóra húsgagnadeildar IKEA, er það hin rúmlega 30 ára gamla BILLY-hilla sem trekkir marga að, þótt fólk endi svo kannski á að kaupa sér hillur úr annarri línu.**

BILLY-bókaskápana þekkja flestir en á síðasta ári var haldið upp á 30 ára afmæli línunnar með sérstökum afmælisútgáfum hillanna sem voru einkar skemmtilegar. Auður segir hillurnar njóta stöðugra vinsælda. „BILLY eru vinsælustu bókahillurnar en þær eru til í ýmsum breiddum og lengdum og hægt er að raða þeim saman eins og manni hentar og vinsælt er að bæta glerhillum við og nota hillurnar sem stofuskápa,“ segir hún og bætir við að upphaflegt erindi margra í IKEA-verslunina sé einmitt að kaupa sér BILLY-hillur.

BESTÅ-hlaðeiningar, sem hægt er að raða saman á ýmsa vegu, hafa einnig verið að sækja á. Línan þykir búa yfir miklum möguleikum þar sem til að mynda er hægt að koma sjónvarpinu vel fyrir í þeim. „Hvítar hillur með háglans framhlið hafa verið vinsælasta útfærslan í BESTÅ en línuna er einnig hægt að fá í öðrum litum sem og ýmsum viðartegundum. Fólk tekur hillurnar oft vegna endalausra uppröðunarmöguleika.“

LACK-hillur sem og EXPEDIT-hillurnar eru í ódýrari kantinum og þykja mjög sniðugar, að sögn Auðar, til að halda góðu skipulagi. „Fyrir allar hillulínurnar okkar erum við svo með alls kyns geymslukassa og lausnir í aukabúnaði sem hægt er að bæta við til að fá sem best skipulag út úr uppröðuninni. Línurnar teygja sig svo oft víðar því til að mynda í LACK, EXPEDIT OG BESTÅ er hægt að fá borð og sófa í stíl og fleira til.“

Að lokum telur Auður fram STOCKHOLM-línuna sem IKEA tók til sölu í hittifyrra. „Þar er sérstaklega mikið lagt upp úr fallegri og góðri hönnun húsgagnanna þannig að þau hafa mikinn klassa. Línan er til í tveimur litum, svarbrúnu og gulbrúnu, og þá er hægt að fá sófaborð, skenk og ýmislegt fleira í þessari sömu línu.“


**EXPEDIT bókaskápur 12.950,-**
B79×D39, H149cm. Hvítt
*Fæst einnig í svarbrúnu og birki*





**EXPEDIT hillueining 15.950,-**
B89×D39, H149cm. Svarbrúnt
*Fæst einnig í hvítu og birki*



**BILLY bókaskápur 12.950,-**
B80×D28, H202cm. Eikarspónn
*Eikarspónn, birkispónn, brúnt og mynstrað 12.950,-*
*Hvítt, svart, blátt og rautt 6.950,-*



**EXPEDIT hillueining 8.950,-**
B79×D39, H79cm. Birkiáferð
*Fæst einnig í svarbrúnu og hvítu*








**LACK vegghilla 10.950,-**
B30×D28, H190cm. Svart
*Fæst einnig í hvítu og rauðu*

IKEA
www.IKEA.is



Grisjaðu eldhúsdótið svo það komist allt snyrtilega fyrir í hillunum. Of margir hlutir eiga það til að taka allt pláss á eldhúsbekkjum og borðum. NORDICPHOTOS/GETTY



Komdu fyrir nógu mörgum snögum í forstofunni svo hægt sé að hengja upp hverja einustu yfirhöfn. Þá lenda þær síður á stólbaki eða gólfinu.



Komdu smáhlutunum fyrir í handhægum körfum inni á baði svo þeir rúlli ekki um allt kringum vaskinn.

# Gott skipulag heima

**Grundvallarskipulag er nauðsynlegt til að geta tekist á við verkefni dagsins af yfirvegun. Við þurfum að geta gengið að hlutunum vísum. Það þýðir til dæmis ekkert að ætla sér að vera skipulagður í vinnunni ef allt er á rúi og stúi heima fyrir. Því er tilvalið að byrja á að taka til heima og koma hlutunum í gott horf. Taka fyrir eitt herbergi í einu og hætta ekki fyrr en allt er komið á sinn stað.** - rat



Til að hrúgan komi ekki öll út þegar skápurinn er opnaður skal raða snyrtilega inn í hann.



Hver og einn gerir svo upp við sig hvort nauðsynlegt sé að ganga að nærfötunum vísum fyrir hvern dag.








BRÚNÁS innréttingar

Sama verð um allt land

Brúnás–innréttingar eru íslensk hönnun og íslensk framleiðsla, framleiddar af trésmíðaverkstæði Miðás hf. á Egilsstöðum. Þær eru hannaðar af Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni innanhússhönnuðum sem reka saman Go Form design studio í Reykjavík.

Í sýningarsal og verslun Brúnás-innréttinga, Ármúla 17a í Reykjavík, býðst viðskiptavinum faglegt þjónusta og ráðgjöf innanhússhönnuða við val á Brúnás–innréttingum. Sýningarsalur er svo einnig á Egilsstöðum að Miðási 9, í sömu byggingu og framleiðslan fer fram í. Þar er einnig að finna aðalskrifstofu fyrirtækisins.

Miðás 9, 700 Egilsstaðir, sími: 470 1600, fax: 471 1074
Ármúli 17a, 108 Reykjavík, sími: 588 9933, fax: 588 9940




● **STÓRIR OG STÆÐILEGIR BÓKSTAFIR** Stórir bókstafir koma skemmtilega út sem bókastoðir, stillt upp í hillum, á borðstofuskenkum og á hinum og þessum áberandi stöðum á heimilinu. Þeir hafa sést mikið í innlitum erlendra húsbúnaðarrita en hérlendis hefur því miður ekki verið ýkja mikið úrval af þeim. Þeim sem langar í bókstafi má benda á að auðvelt á að vera að sauma sér einn slíkan þar sem hægt er að sníða stafina á flott efni, sauma efnisbútana saman og troða filtefni inn í. Einnig má benda á flóamarkaði á erlendum vefsíðum, svo sem www.frou-frou.dk, þar sem þeir fást.



● **PÍRAMÍDAKOMMÓÐA** Japanski hönnuðurinn Makato Yamaguchi stofnaði fyrirtækið Makoto Yamaguchi Design árið 2001. Þessa skemmtilegu kommóðu í líki píramída kynnti hann til leiks á hönnunarviku í Tókíó árið 2007.



„Aðaláhersla okkar hefur verið á innflutning og sölu á hillukerfum frá Metalsistem, sem framleiðir vörur samkvæmt hæstu gæðastöðlum," segir Kristinn Gestsson, framkvæmdastjóri Ísoldar ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Víðtæk reynsla og þekking á hillukerfum

**Ísold ehf. sérhæfir sig í innflutningi og sölu á hillukerfum frá fyrirtækinu Metalsistem á Ítalíu.**

Fyrirtækið Ísold ehf. var stofnað árið 1992 og hefur verið starfrækt að Nethyl 3-3a frá árinu 1999. Að sögn framkvæmdastjórans Kristins Gestssonar hafa starfsmenn fyrirtækisins aflað sér víðtækrar reynslu og þekkingar á hillukerfum og verslunarinnréttingum sem þeir hafa miðlað til viðskiptavina sinna síðustu átján ár.

„Aðaláhersla okkar hefur verið innflutningur og sala á hillukerfum frá Metalsistem, sem framleiðir vörur samkvæmt hæstu gæðastöðlum og hefur skipað sér í fremstu röð fyrirtækja í Evrópu á sínu sviði," segir Kristinn og nefnir helstu kosti þessara hillukerfa, sem henta jafnt fyrirtækjum sem einstaklingum. „Hillurnar frá Metalsistem eru einfaldar í uppsetningu meðal annars vegna þess að þær eru skrúfulausar og þarf því aðeins að smella þeim saman. Þá hafa þær mikla burðargetu og langa endingu þar sem þær eru framleiddar úr sinkhúðuðu stáli," segir hann og bætir við að vörugæði sjáist meðal annars í því hve vinsælar vörur frá Metalsistem hafa verið hérlendis og úti í heimi.

„Hillukerfin frá Metalistem hafa verið framleidd og seld við góðar undirtektir í áratugi. Hér hafa þau helst verið eftirsótt hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum. Við höfum boðið fyrirtækjum upp á ráðgjöf, heimsótt þau og komið með tillögur að heildarlausnum í hillukerfum," segir Kristinn og bætir við að þarfir fyrirtækja fari eftir hlutverki þeirra og séu þar af leiðandi oft mjög ólíkar. Sumir sækist eftir brettarekkum en aðrir vilji nýjungar eins og tölvustýrða lagerskápa sem Ísold býður einnig upp á.

Hann tekur fram að fyrirtækið þjóni einnig einstaklingum. „Við höfum liðsinnt fólki með allt mögulegt, til dæmis þeim sem vantar sértækar lausnir, svo sem til að hengja upp verkfæri eða setja upp vinnuborð."

Að sögn Kristins selur Ísold einnig stálskápa frá Blika og Sarpsborg af ýmsum gerðum auk þess að flytja inn verslunarinnréttingar, veggpanil ásamt fylgihlutum, plastkassa og rafmagnslyftara. Vöruúrvalið má skoða í rúmgóðum sýningarsal í húsnæði verslunarinnar, þar sem einnig er lager og verkstæði fyrir samsetningarvinnu og sérsmíði fyrir til dæmis verslanir og verkstæði.

# Tilvalið að sprautulakka

Stórir skjalaskápar hafa undanfarin ár ekki síður þótt eiga heima í stofum sem stáss en á skrifstofum. Einkum hefur þetta verið áberandi á norrænum heimilum þar sem gamlir skjalaskápar hafa fengið endurnýjun lífdaganna til að mynda með sprautulökkun.

Skáparnir eru þá gjarnan notaðir undir alla pappíra heimilisins þar sem allt er flokkkað og því komið haganlega fyrir. Enda felst viss munaður í því að geta auðveldlega gengið að pappírunum sínum, hvort sem um er að ræða bæklinga fyrir rafmagnstæki heimilisins, heimilisbókhaldið eða teikningar og gamlar einkunnabækur barnanna.

Öðru hverju má fá skjalaskápa á nytjamörkuðum en þeir eru ekki ýkja ódýrir núorðið vegna vinsælda. Hins vegar eru þeir góð fjárfesting og gaman að láta sprautulakka skápana í lit. Sum bílasprautunarfyrirtæki hér í bæ sprautulakka húsgögn og má þar nefna Bílanes Grandsprautun. *-jma*



NORDICPHOTOS/GETTY

**Lægri skjalaskápar koma oft betur út í litlu rými.**

**Sniðugt er að stafla litlum pappakössum, sem hægt er að draga út eins og skúffu.**

**Þessi er í hinum klassíska gráa lit en skúffurnar eru merktar með fallega lituðum flötum.**





**● SKÚFFUR EIGNAST NÝTT LÍF** Schubladen heitir skemmtilegt þýskt fyrirtæki sem hannar húsgögnin sem hér sjást. Endurvinnsluhugtakið er því hugleikið enda taka hönnuðir Schubladen gamlar skúffur úr aflóga skápum og hirslum og smíðað utan um þær með mjög svo skemmtilegum árangri. Þannig verður hver hlutur einstakur. Nánar á www.schubladen.de.





Fermingarföt

Sérblað Fréttablaðsins

Kemur út fimmtudaginn 11. febrúar

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 5125439



Þessar hillur frá dbd Studio líta út eins og þær eigi heima í tölvuleik.



Þessa fallegu hillu er að finna á sýningu í Maastricht sem tileinkuð er hollenska innanhúshönnuðinum Maurice Mentjens. Hillan er þó ekki eftir hann heldur eru einnig á sýningunni munir sem hafa veitt honum innblástur. Þar má sjá verk eftir hönnuði á borð við Ettore Sottsass, Ron Arad og Shiro Kuramata.



Vísdómstréð var hönnuðinum Jordi Milá innblástur.

# Hugmyndarík hönnun

**Hillur eru ekki bara hillur í hugum hönnuða. Þær eru tilefni flókinna hugarsmíða eins og sjá má á myndunum sem hér fylgja. Landakort, vísdómstré, náttúran og margt fleira gefur hönnuðum innblástur. Þeir eru þjálfaðir í að hugsa út fyrir rammann og finna nýjar lausnir á ævagömlum og stundum hvunndagslegum vandamálum á borð við hvernig geyma eigi bækur.** *- sg*



Hilla sem mótuð er eftir Bandaríkjunum kemur úr smiðju Rons Arad.



Bókahilla ástralska hönnuðarins Marcs Newson er búin til úr marmara.



Þessi hilla er eftir ítalska hönnuðinn Ettore Sottsass (1917-2007). Nafn hillunnar er Carlton og hannaði Sottsass hana árið 1981.



**● FJÖLNOTA BÓKAHILLA** Hillusamstæðan Bookwave er einstök hönnun frá tyrkneska hönnunarfyrirtækinu Ilio. Hillusamstæðuna er hægt að nýta á ýmsa vegu, meðal annars sem bóka- og blaðahillu eða skilrúm. Þar sem varan er hönnuð úr teygjanlegu efni er hægt að stækka hilluna og minnka eftir hentisemi svo hægt sé að nýta rýmið sem best. Hönnuðurinn Mehtap Obuz hannaði hillurnar, en hún er jafnframt annar eigandi fyrirtækisins og margverðlaunaður hönnuður í heimalandi sínu. Hillurnar hafa vakið verðskuldaða athygli víða og hlotið umfjöllun í öllum helstu hönnunartímaritum heims.



**● HAGNÝT HIRSLA** Þessi skemmtilegi skápur gengur undir heitinu Disko og er hannaður af Þjóðverjanum Kevin Krumnikl. Hann réðist í gerð Disko-skápsins þar sem hann átti í erfiðleikum með að finna stílhreinan og hagnýtan skáp undir hljómgræjurnar sínar. Sjálfur er hann nokkuð ánægður með útkomuna. „Eini gallinn er hins vegar sá að græjurnar verða að vera mjög sterkar þar sem hver skápur er sérsmíðaður utan um þær og því er ekki hægt að skipta þeim út fyrir nýjar,“ bendir hann hins vegar á.

# Geymslu- og lagerlausnir fyrir ólíkar aðstæður

**Byggingadeild Sindra hefur um áraraðir selt fjölbreyttar vörur til fyrirtækja og einstaklinga. Má þar nefna iðnaðarhurðir, stiga, hliðslár, girðingar, þakglugga og öryggislokanir. Einnig býður Sindri vöruhúsalausnir sem samanstanda af hillu- og brettakerfum.**

„Hillukerfin henta vel hvort sem er fyrir einstaklinga í bílskúra og geymslur eða fyrir vörulagera fyrirtækja. Hillurnar henta mjög vel undir þungar vörur og uppfylla allar öryggiskröfur, auk þess er uppsetning kerfisins fljótleg. Hillukerfið býður upp á fjölbreytta möguleika í samsetningu og lítið mál er að bæta hillum inn í kerfið síðar. Bretta- og greinarekkarnir fást í ýmsum lengdum og hæðum. Þá er úrval aukahluta fjölbreytt svo auðvelt er að byggja upp aðgengilegt og skilvirkt rekkakerfi, hvort sem það er fyrir lager hjá minni fyrirtækjum eða í vöruafgreiðslu með fullsjálfvirkri birgðageymslu,“ útskýrir Sigurður Gíslason, sölufulltrúi hjá Sindra.

„Það er komin löng og góð reynsla af þessum kerfum og við aðstoðum viðskiptavini við að finna bestu lausnina. Einnig getum við séð um uppsetningu þar sem þess er óskað.“



**Sigurður Gíslason, sölufulltrúi hjá Sindra, til vinstri og Halldór Jónasson deildarstjóri.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sigurður segir Sindra einnig bjóða upp á lausnir til geymslu á vörum þar sem gólfpláss er lítið. „Við sérhæfum okkur í háum turnum með innbyggðu hillukerfi. Hillurnar eru inni í turninum og sjást ekki, en eru á eins konar færibandi þannig að hægt er að kalla niður þá hillu sem þarf hverju sinni. Þetta kerfi hentar vel fyrir ýmsa smávöru þar sem hraði og öryggi í afgreiðslu skiptir miklu máli. Svo sem í apótekum eða undir skjalasöfn. Þessir turnar eru tölvustýrðir.“

# Dýrlegir diskarekkar í eldhúsið

Diskarekkar þar sem diskum er staflað upp á hlið, lóðrétt, eru þægilegir í notkun og gamlir diskarekkar úr við geta komið afar fallega út á eldhúsvegg, líka með nýrri innréttingum. Þá er oft gott að mála þá í ljósum eða mjög dökkum lit, svo sem kolsvörtum.

Fyrir þá sem langar ekki að hafa leirtauið sýnilegt er svo líka hægt að fá diskarekka þar sem diskum er staflað lóðrétt upp í langa skúffu. Munið bara að betra er að hafa skúffuna ofar heldur en neðar svo ekki þurfi að beygja sig eftir diskunum. *- jma*



**Gamaldags gerð af diskarekka sem væri líka hægt að mála í fallegum lit.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Í nýrri innréttingum er oft hægt að koma fyrir diskarekkum sem þessum svo leirtauið sé ekki sýnilegt.**



**Vöruturn**
Compact Lift – Compact Twin

Til að uppfylla kröfur markaðarins fyrir bestu mögulega nýtingu á geymsluplássi fyrir smá vöru býður Sindri tvö kerfi Compact Lift og Compact Twin. Þessi kerfi eru byggð á þeirri hugmynd að færa vöru á hillu eða bretti á móttökustað fyrir viðtakanda til meðhöndlunar (Allt að 80 staðsetningar í turni).

**Nokkur dæmi um kosti kerfis okkar:**
- Sparar pláss á gólfi. Pláss sparnaður allt að 70–90% samanborið við hefðbundna geymslu
- Fljót og skilvirk afgreiðsla
- Betri yfirsýn á birgðarstöðu
- Gott að vinna við, minni hætta á álagsmeiðslum
- Auka afköst, 5–7 sinnum hraðari afgreiðsla samanborið við hefðbundna meðhöndlun
- Arðbær fjárfesting

Hillur í miklu úrvali, lengd 1000 mm, breidd 300–600 mm. Burðarþol allt að 200 kg á hillu.





Auðveldar í uppsetningu.



Brettarekka er hægt að fá sérsniðna eftir þörfum viðskiptavinarins. Einnig býður Sindri staðlaðar stærðir frá 2,5–8,0 m háar uppistöður, slár frá 1,8–3,3 metrar á lengd.

**SINDRI**

Byggingadeild • Klettagörðum 12 • 575 0000

# Skartinu haldið til haga



Skartgripaskrín er mikið þarfaþing á heimilum kvenna enda fylgir þeim oft ógrynni skartgripa. Séu þeir geymdir ofan í skúffu flækjast þeir oft saman og týnast. Skartgripaskrín eru oft búin mörgum hólfum og hægt að geyma eyrnalokka í einu, hringa í öðru og svo framvegis. Þannig má ganga að öllu vísu sem sparar tíma og fyrirhöfn þegar á að dubba sig upp. Verði skúffa fyrir valinu má nota skilrúm, kassa og aðrar lausnir til að hólfa niður plássið. *- ve*

# Flott að raða bókum eftir litum

Að raða bókum í hillur er góð skemmtun. Til eru margar aðferðir við slíka röðun, eins og til dæmis að raða bókunum eftir stafrófsröð, stærð eða höfundum. Ein aðferð sem kann að ryðja sér til rúms gengur út á að raða bókunum eftir litum.

Kristín Viðarsdóttir hjá Borgarbókasafninu tók þessar myndir á safninu síðastliðið sumar og sýna þær glögglega hversu vel getur tekist til við litaröðun. Regnbogaútstillingin var gerð í tilefni Hinsegin daga. *- kg*



**Hér er bókum raðað eftir litum í tilefni af Hinsegin dögum.**



**Korktöflur hafa verið á undanhaldi þrátt fyrir að vera mikið þarfaþing.**

# Skipulagt kaos

Korktöflur áttu lengi vinsældum að fagna á heimilum, í skólastofum og á vinnustöðum en hafa þó ekki verið sérstaklega áberandi undanfarin ár. Slíkar töflur eru þó mikið þarfaþing og halda vel utan um póstkort, minnismiða, barnateikningar, merki, orður og annað smálegt sem annars á það til að liggja á víð og dreif á borðum, í gluggakistum eða ofan í skúffum.

Hér má sjá tilbrigði við brúna korkinn sem fer vel á vegg. Ef listræna augað er til staðar getur verið fallegt að raða saman svipuðum litatónum og búa til eins konar skipulagt kaos. *- ve*



**Hægt er að halda góðu skipulagi með Post-it miðum.** MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Post-it verður til

Litlu gulu post-it miðarnir komu á markaðinn árið 1977.

Upphaflega þróaði ameríski vísindamaðurinn Dr. Spencer Silver límið sem er á baki miðanna sem gerir þá svo hentuga. En það var annar vísindamaður, Art Fry, sem fann not fyrir límið. Hugmyndin kviknaði út frá því að bókamerkið í sálmabókinni hans var alltaf að detta úr svo hann ruglaðist á blaðsíðum. Hann setti límið á litla bréfmiða. Límið var nógu sterkt til að miðarnir héldust á sínum stað en þó ekki of sterkt.

Í dag hafa Post-it miðarnir fest sig rækilega í sessi og eru mörgum okkar nauðsynlegir til að halda daglegu skipulagi. *- rat*




## Fasteignir

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



**Furubyggð 19 – Mosfellsbær**
**Opið hús í dag fimmtudag frá kl. 17:30-18:00**




Fallegt 169,5 m2 parhús á einni hæð með bílskúr við Furubyggð 19 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, borðstofu, stofu og sólstofu. Bílskúrinn er 27,4 m2 með geymslulofti. Þetta er mjög falleg eign í einstöku umhverfi. **V 36,5 m.**



KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Tilkynningar

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Auglýsing
## um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögur að deiliskipulagi í sveitarfélaginu.

Tillaga að deiliskipulagi lóðar Selfosskirkju og þar með talinn kirkjugarð.

Deiliskipulagstillagan nær yfir lóð Selfosskirkju og þar með talinn kirkjugarð.Skipulagssvæðið afmarkast af Þóristúni til Suðurs, Selfossbæjum, íbúðar- og Landbúnaðar - svæði til vesturs og norðurs og opnu svæði á bökkum Ölfusár til austurs.Við suð - austurhorn deiliskipulagstillögunnar afmarkast svæðið af eldra deiliskipulagi sem fyrir er við árbakkann.

Deiliskipulagstillagan fjallar fyrst og fremst um afmörkun byggingareits og gerð skilmála fyrir stækkun safnaðarheimilis.

**Tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis í Hellislandi.**

Um er að ræða deiliskipulagstillögu á athafnasvæði í Hellislandi.Lóðirnar eru tvær ,Hellisland svæði 71 38256 fermetrar að stærð og Hellisland gámasvæði 33450 fermetrar.

Skipulagssvæðið hefur ekki verið deiliskipulagt fyrr en samkvæmt gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði ( s31 gámasvæði, og svæði fyrir efnislosun a1 ).

Aðkoma að lóðunum er um aðkomuveg frá Hrísmýri.

Lóðirnar eru afmarkaðar með jarðvegs - og gróðurmönum.

Á lóðinni Hellisland gámasvæði er staðsett aðstöðuhús fyrir starfsemi Íslenska Gámafélagsins,að auki er gert ráð fyrir byggingarreit undir flokkunarstöð vestan megin við núverandi hús.

Á lóðinni Hellisland svæði 71 er gert ráð fyrir jarðvegstippun á nyrðri hluta lóðarinnar en á syðri hluta hennar er gert ráð fyrir svæði undir gróðurmold.

Teikningar og greinargerðir vegna tillagnanna munu liggja frammi í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 á Selfossi frá og með 4.febrúar 2010 til og með 4.mars 2010.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillögurnar Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 18.mars 2010 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikningar og greinagerðir til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags- og

byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 2. febrúar 2010
Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar

## Ýmislegt

Orka, úthald, einbeiting, grenning, styrking. Vörur fyrir ytri og innri heilsu. Einnig frábærar húðvörur. Góðar leiðbeiningar og stuðningur. Abba s.8950181

## Ökukennsla

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. '07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Til sölu amerísk Cokker tík. Tilbúin til afhendingar. Ættbók HRFÍ. S. 894 0255.

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir ferðamenn

AMG AUKARAF




**SPOT Neyðarsendir**
Ferilvöktun, OK skilaboð, Hjálpar og Neyðarskilaboð GPS móttakari og Globalstar sendir.

AMG Aukaraf ehf, Dalbrekku 16, Kópavogi s: 585-0000, www.aukaraf.is

## Hestamennska

Aðalfundur kvennadeildar Gusts verður haldinn miðvikudaginn 10. feb. kl.20:00 í veitingasal Glaðheima. Stjórn kvennadeildar.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

55 fm 2 herb. íbúð til leigu á Framnesvegi 42. Laus strax. Leiga 70 þús. á mán. S. 894 3110.

4ra herb. íbúð í 101 til leigu. 160 þús á mánuði. Uppl. í síma 695-5707. Skipti möguleg.

Herb. með húsgögnum til leigu á 25 þús. á mán. á sv. 107. S. 662 4272.

Nýstandsett 2ja herb. 48fm íbúð til leigu að Súðarvogi 7 3ja hæð. Ekki með húsaleigubótum. Laus strax. Uppl. í s. 862 6679 & 824 3040.

**Herbergi í 105**
Til leigu herb. á sv. 105 með sameig. eldh. þvottav. og baðh. Uppl. í s. 895 1441.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Íbúð til leigu í Eyjabakka. 3ja herb. 92 fm. Laus 10. feb. V. 130 þús. S. 867 0397.

Til leigu með húsbúnaði kjallaraíbúð í raðhúsi á rólegum stað í hverfi 109. Uppl. í s. 895 9420 & 892 1031.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

ALLAR GERÐIR FASTEIGNA ÓSKAST
***Ókeypis skráning***
HÚSANAUST
SKIPA- OG HÚSANAUST ehf.
FASTEIGNASALA
530-7200

Óska eftir 3-4 herb. íbúð á Reykjavíkursv. sem fyrst. Erum með hund. Uppl. í s. 893 4278.

Leitum að einbýlis-eða raðhúsi í Garðabæ til leigu. Erum reglusöm, skilvís, áreiðanleg og á allan hátt fyrirmyndarfólk. Áhugasamir hafi samband í síma 660 0088. Sigurður Örn.

Óska e. herbergi/íbúð m húsgögn+internet í miðbæ/vesturbæ, 1.3.-15.4. Er doktorsnemi, reglusöm+reyklaus. hufi78@gmx.net

Óska eftir 3-4 herb. íbúð í Köben. Uppl. í síma 847 3758 eða 004527419910.

## Fasteignir



**Hjaltabakki 10 - til sölu**
Frábært verð Til sölu rúmgóð og björt ca. 100 fm 4ra herbergja íbúð á 2.hæð. 3 svefnh. Íbúðin er töluvert uppgerð en þarnast lokafrágang. Parket og nýlegt bað. Íbúðin er laus. Ekkert áhvíl. Sýnd í dag kl.18.30-19.00. S: 7719432.

## Sumarbústaðir

VALHÖLL FASTEIGNASALA

Vantar á söluskrá Aukin eftirspurn Uppl: Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520

Lóð 2140 fm við Neðanfellsvatn. S. 898 9707.

## Atvinnuhúsnæði

**Bíldshöfði (Axarhöfði)**
Til leigu 100 fm iðnaðarbil (stækkanlegt í 150 fm) með iðnaðarhurð. Uppl. í s. 698 3200.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Atvinna í boði

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf

**Langar þig að læra framreiðslu?**
**Lækjarbrekka er rótgróið og þekkt veitingahús þar sem fagmennska og góður vinnuandi eru höfð í fyrirrúmi. Starfið hentar bæði konum/stelpum og körlum/strákum.**
**Upplýsingar veitir Steinunn milli 10-12 og 14-17 eða steinunn@laekjarbrekka.is**

Kol ehf - hringjum út

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

Veitingastaðurinn Saffran. Okkur vantar ábyrga manneskju með ríka þjónustulund í vakstjóra stöðu á veitingastað okkar Dalvegi 4 Kópavogi. Um er að ræða vaktarvinnu. Umsóknir sendist á haukur@saffran.is

**Aukavinna á kvöldin**
Getum bætt við okkur fólki í símasölu. Frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Kauptrygging og bónusar. Uppl. í S. 868 4551. Félagaþjónustan.

**Matreiðslunemi óskast**
Matreiðslunemi óskast á Nauthól bistro, áhugasamir hafi samband í síma 898 8386 eythor@nautholl.is Eyþór.

## Atvinna óskast

Eg er snyrtifrædingur med mikla reynslu og oska eftir starfi i minu fagi. Eg get hugsad mer ad vinna sjalfstætt a stofu er med mina vidskiptavini. ahugasamir sendid linu a hudpleier@gmail.com

Tek að mér ritvinnslu. Uppl. steinabh@simnet.is

## Viðskiptatækifæri

VIÐ TÓKUM SKREFIÐ HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA? taktuskref@visir.iS

Ertu að stofna Gistiheimili, vantar þig samstarfsaðila? Er með allt sem þarf inn í 10 herbergja gistiheimili.. s 7725700

## Einkamál

**Strákar spjallið við Evu**
S. 908 1010

## Atvinna

Bonita SNYRTISTOFA
Hæðarsmári 6 Kópavogur

**Atvinna í boði:**
Erum með laust herbergi til leigu fyrir snyrtifræðing eða fótaaðgerðafræðing.
*Upplýsingar í síma*
8661867 - Ingibjörg,
8694634 - Margrét

## Tilkynningar

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar þann 6. mars 2010 hófst við embætti sýslumannsins í Reykjavík, Skógarhlíð 6, Reykjavík, þann 28. janúar sl. og er opin á skrifstofutíma á milli kl. 9:00 - 15:30 virka daga. Um helgar er opið frá kl. 12:00 - 14:00.

Frá og með 10. febrúar nk. fer atkvæðagreiðslan fram í Laugardalshöll og þá verður opið alla daga frá kl. 10:00 -22:00.

Sýslumaðurinn í Reykjavík

## Uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
**Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300**

# UPPBOÐ

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Aðalbraut 43, 216-7241, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Kristín Ásgeirsdóttir, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 10. febrúar 2010, kl. 11:00.

Aðalbraut 55, 216-7056, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Nesbót ehf, gerðarbeiðandi Gildi-lífeyrissjóður, miðvikudaginn 10. febrúar 2010, kl. 11:30.

Lyngholt 34-40, 231-7436, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Bjarnahús ehf, gerðarbeiðandi A1988 ehf, þriðjudaginn 9. febrúar 2010, kl. 13:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
3. febrúar 2010

# 1TB

## HDMI EDITION • 1080i

Nýi Argosy HDMI marmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum, spilar af öðrum flökkurum og USB lyklum

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Spilar kvikmyndir í meiri gæðum
- Spilar og geymir alla tónlist
- Ljósmynda SlideShow með tónlist
- Spilar beint af öðrum flökkurum með USB
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, RGB, USB ofl. tengi

**34.900**

500GB KR. 29.900




# HD5670

## 1GB SKJÁKORT

- 1GB GDDR5 4.0GHz háhraða minni
- DirectX 11 tækni fyrir nýjustu leikina
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- Örsmár 40nm kjarni aðeins 14-61W
- DVI-I, VGA og gullhúðað HDMI tengi
- Mjög hljóðlát 80mm Fansink kæling
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16

**24.900**

ÖFLUGT LEIKJASKJÁKORT

1080P FULL HD

LENDIR EFTIR HELGI



BenQ

# 24"

## FULL HD SJÓNVARP

- 24" FULL HD 1080P 16:9 sjónvarp
- 10.000:1 Dynamic skerpa og 5ms
- 24P RealCinema og Senseye tækni
- DVB-T stafrænn móttakari
- HDMI, SCART, VGA, S-VHS ofl. tengi
- 2x 5W RMS víðóma hátalarar
- Glæsileg fjarstýring fylgir

**89.900**

24" SJÓNVARP Á ÓTRÚLEGU VERÐI



LACIE

# 1TB

## LACIE FLAKKARI

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Niel Poulton
- reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur

**19.900**

500GB AÐEINS KR. 14.900



100% PIXLAR

100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám · Fylgir öllum nýjum skjám í Tölvutek

16:9 FULL HD

BenQ

# 24"LCD

## BENQ FULL HD LCD SKJÁR

Stórglæsilegur 24" LCD FULL HD skjár frá Benq með 1920X1080 upplausn ásamt Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt á ótrúlegu tilboðsverði.

- 24" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40000:1 skerpa og Senseye tækni
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**39.900**

HVERGI BETRA VERÐ!



LACIE

# 250GB

## RIKIKI FLAKKARI

- 250GB LACIE hágæða flakkari
- 33% meiri hraði með USB boost
- Örsmár í lófa og aðeins 158gr.
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður
- Höggvarið og glæsilegt álhús

**14.900**

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND



# VX5000 LIFECAM

- 1.3 Megapixla upplausn
- Sjálfvirkur 3x Zoom aðdráttur
- Sjálfvirk öflug birtustilling
- Innbyggður stafrænn MIC
- Video FX til að breyta útliti þínu
- Létt álgrind passar á alla skjái

**6.990**

Microsoft® VEFMYNDAVÉL

16:9 HD PLUS



# 20"

## LCD SKJÁR

- 20" HD PLUS 16:9 Cinema LCD
- 40000:1 skerpa og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1600x900 HD PLUS upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin

**29.900**

BenQ HD PLUS LCD SKJÁR

ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ:)



Canon

# MP550 ALL IN ONE

Fjölnota græja frá Canon með 5 stök hylki ljósritar, prentar, skannar og með aðgerðaskjá

**19.900**

CANON FJÖLNOTAGRÆJA



7" WIDESCREEN

# 7"

## MYNDARAMMI

- 7" Vibrant TFT LCD skjár
- Birtir JPEG og BMP myndir
- 720x480 hágæða upplausn
- 128MB minni, kortalesari&USB
- 1100 mAH hleðslurafhlaða
- Snertihnappar og svartur rammi

**12.900**

7" STAFRÆNN MYNDARAMMI

VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

4BLS BÆKLINGUR

SB143




# LJ71

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug leikjafartölva með glæsilegum 17.3” HD+ LED skjá, öflugu 512MB ATI HD4570 leikjaskjákorti og Windows 7 stýrikerfi

- AMD Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3” HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**159.900**

17.3” MEÐ LEIKJASKJÁKORTI

CU224

LANDSINS MESTA ÚRVAL



packard bell

# TJ65

- Intel Dual Core T4300 2.1GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB GeForce G105M skjákort
- 300Mbps þráðlaust net og Bluetooth
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**149.900**

ÖFLUG FARTÖLVA Í LEIKINA

HVERGI BETRA VERÐ

AU205



packard bell

# TJ65

- Intel Dual Core T4300 2.1GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 32-BIT

**134.900**

PACKARD BELL Á BETRA VERÐI




1462

# 5542

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug og stórglæsileg fartölva frá Acer með alla nýjustu tækni og 15.6” HD CineCrystal skjá fyrir enn betri myndgæði.

- Athlon Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD CineCrystal 1366x768 skjár
- 512MB ATI Radeon HD4200 skjást.
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

acer

**119.900**

MEST SELDA ACER FARTÖLVAN!



AÐEINS 1.1KG

## EEE EPC

- Intel Atom N270 1.6GHz örgörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 160GB SATA2 5400RPM harðdiskur
- 10” WSVGA skjár, 1024x600 upplausn
- 256MB Intel GMA 950 skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net/ 100Mbps netkort
- Kortalesari, 3xUSB2, VGA ofl.
- Windows XP Home SP3

ASUS

**59.900**

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF FARTÖLVUM

ÖRÞUNN OG FISLÉTT



## ACER 5534

- AMD Athlon TF-20 1.6GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD3200 skjást.
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

acer

**99.900**

NÝJASTA TÆKNIN Á BESTA VERÐINU



## HP DV2-1160

- AMD Athlon Neo MV-40 1.6GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 12.1” HD LED BrightView 1280x800
- 512MB ATI Radeon HD3410 skjákort
- 54Mbps þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- 3xUSB2, VGA, HDMI HDCP o.fl.
- Windows VISTA Home Premium

hp

**119.900**

ÖRÞUNN OG FISLÉTT AÐEINS 1.9KG

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Um forsendur breytinga á innritun nýnema

**UMRÆÐAN**

Katrín Jakobsdóttir svarar opnu Danivals S. Hjaltasonar og Blængs Blængssonar

Ný lög voru sett um leik-, grunn- og framhaldsskóla árið 2008. Tvær veigamiklar breytingar voru innleiddar með þeim. Annars vegar voru samræmd lokapróf felld niður og réttur ólögráða ungmenna til skólavistar í framhaldsskólum lögfestur. Nú skal innritun í framhaldsskóla byggð á fjölbreyttu námsmati úr grunnskóla og öðrum þáttum sem miða að því að nemendur hafi nægan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut. Með því að lögfesta fræðsluskyldu til 18 ára þurfti að gera auknar kröfur um fjölbreytt nám og að framhaldsskólinn þjónaði sínu nærumhverfi meira en áður.

Unnið er að endurbótum á fyrirkomulagi innritunar í þessum anda. Það verður meðal annars gert með því að auka samstarf grunn- og framhaldsskóla um innritunina. Ráðgjöf við nemendur í grunnskólum verður með því markvissari sem mun með öðru auðvelda þeim inngöngu í framhaldsskóla að loknu skyldunámi. Í vor verður í fyrsta sinn forinnritun fyrir nýnema úr 10. bekk í framhaldsskóla. Hún fer fram dagana 12.-16. apríl. Þeir eiga þá að velja námsbraut og tvo skóla, aðal- og varaskóla.

Til að tryggja rétt til skólavistar verður framhaldsskólum gert skylt að veita nemendum af tilteknu svæði forgang að skólavist hafi þeir staðist inntökuskilyrði. Í framhaldi forinnritunar er hægt að sjá hvernig umsóknir dreifast á námsbrautir og skóla og til hvaða aðgerða þarf að grípa til þess að nemendur fái þá úrlausn sem best hentar. Að loknum skólaslitum í vor verður lokavitnisburður nemenda sendur til þess skóla sem þeir sóttu um sem fyrra val. Nemendum gefst þá einnig frestur til þess að endurskoða umsókn sína dagana 7.-11. júní.

Nemendur sem búa á svæði skóla munu þannig eiga forgang til inngöngu á þær námsbrautir sem þar eru í boði ef þeir standast inntökuskilyrði. Framhaldsskólar eiga fyrst að innrita þá sem á svæði þeirra búa, hafa staðist skilyrði og sækja um viðkomandi skóla sem aðal- eða varaval. Framhaldsskólum ber að innrita eigi minna en 45% nemenda af sínu svæði sem standast inntökuskilyrði og sækja um skólann. Þetta eru ekki íþyngjandi ákvæði og langflestir framhaldsskóla uppfylla þegar þetta ákvæði. Eftir sem áður geta skólar ráðstafað meira en helmingi sæta sinna til annarra nemenda. Nemendur af landsbyggðinni sækja mjög lítið til Reykjavíkur nema í sérhæft nám. Einungis 8% þeirra sem byrjuðu í reykvískum framhaldsskólum sl. vor komu utan af landi. Nýnemar geta því nú sem hingað til sótt um þær námsbrautir og skóla er hugur þeirra stendur til ef þeir telja líklegt að þeir uppfylli inntökuskilyrði. Val á svæðisskóla í fyrst eða öðru vali á hins vegar að greiða eins og unnt er fyrir því að nýnemar fái skólavist í öðrum þeirra skóla er þeir sækja um. Með þessu móti verður ákvæðum laga um rétt ólögráða nemenda til skólavistar best sinnt.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Samræmdu lokaprófin þjónuðu ekki öllum meginmarkmiðum grunnskóla. Þau voru fyrst og fremst inntökupróf í framhaldsskóla. Margt bendir til þess að heppilegra sé að samræmdu könnunarprófin verði lögð fyrir í lok 9. bekkjar til að skapa meiri samfellu og að kennarar geti nýtt lokaárið í grunnskóla betur til að vinna úr niðurstöðum prófanna í samvinnu við nemendur og foreldra. Mikilvægt er að líta fram á veginn. Samræmd próf sem viðmiðun um inntöku í framhaldsskóla eru að baki og ekki er ætlunin að taka þau upp að nýju. Sjá verður til þess að þeir sem rétt eiga til náms í framhaldsskóla fái hans notið. Það verður að nálgast verkefnin á nýjan hátt. Samstarf grunn- og framhaldsskóla um innritun nýnema er sá grunnur sem ráðuneytið vill byggja á.

*Höfundur er mennta- og menningarmálaráðherra.*

# Fálkaorðan

**UMRÆÐAN**

Guðjón Sigurðsson skrifar um fálkaorðuna

Í 1. grein forsetabréfs um fálkaorðuna segir, að fálkaorðuna megi „sæma þá menn innlenda og erlenda, og þær konur, sem öðrum fremur hafa eflt hag og heiður fósturjarðarinnar, eða unnið afrek í þágu mannkynsins“. Þetta eru stór orð og manni eins og mér mikill heiður að hafa fengið hana fyrir störf í þágu fatlaðra eða eins og ég hef alltaf sagt þá er hún í minni vörslu fyrir þá fjölmörgu sem fengu hana með mér, sem hafa aðstoðað mig á allan hátt.



GUÐJÓN SIGURÐSSON

Á sjötta þúsund manneskjur hafa fengið orðuna frá upphafi og ætíð er deilt um hvort viðkomandi eigi hana skilið eða ekki. Svo eru þeir sem fengið hafa og glatað „innistæðunni“ fyrir henni, fengu hana á fölskum forsendum ef svo má segja.

Ekki einn einasti aðili hefur verið látinn skila orðunni frá upphafi vega. Auðvitað á sá sem hana varðveitir að sjá sóma sinn í að skila henni komi í ljós að viðkomandi sé handhafi hennar á fölskum forsendum.

Ég er stoltur og auðmjúkur handhafi fálkaorðunnar. Ég mun gæta hennar fyrir mig og þá sem ég tel að hafi fengið hana með mér. Jafn nauðsynlegt tel ég að handhafar hennar séu hafnir yfir allan vafa um að eiga hana 100% inni. Því tel ég að við eigum að láta þá sem ekki eiga innistæðu fyrir henni lengur skila henni inn.

Orð vinar sem ég leitaði til vegna efa míns sjálfs og umræðu um orðuveitingar læt ég verða mín lokaorð um þessa virðingu sem fólki er sýnd: „Við hefjum okkur upp yfir það og varðveitum okkar fálkaorður af hlýju, – í ljósi þess að vita, að ef til vill gerðum við eitthvað einhvern tíma á lífsveginum, sem varð til þess að við verðskulduðum viðurkenningu íslenska lýðveldisins við að fá veitta Hina íslenzku fálkaorðu.“

Heiðarleiki er mikilvægur við aðra og ekki síður við sjálfan sig.

*Höfundur er formaður MND-félagsins.*



**ROSA PARKS FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Ég er orðin þreytt á því að komið sé fram við mig eins og annars flokks þjóðfélagsþegn.“*

***Rosa Louise McCauley Parks (1913–2005) varð fræg þegar hún var handtekin fyrir að standa ekki upp fyrir hvítum manni og færa sig aftar í strætisvagni í Montgomery í Alabama 1. desember árið 1955. Þessi óhlýðni hratt af stað mótmælaöldu þar sem blökkumenn sniðgengu strætisvagna í bænum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 4. FEBRÚAR 1898**

## *Holdsveikir á Íslandi settir í sóttkví*

Holdsveiki er talin hafa borist til Íslands á miðöldum, líklegast frá Noregi. Sjúkdómurinn var landlægur hér í margar aldir og voru fjórir holdsveikraspítalar settir á stofn hérlendis fyrir tilstuðlan Friðriks III. Danakonungs. Sá fyrsti tók til starfa að Möðrufelli í Eyjafirði árið 1653. Næstu tveir, Klausturhólaspítali í Árnessýslu og spítalinn á Hörgslandi á Síðu í Skaftafellssýslu, voru teknir í gagnið ári síðar. Sá fjórði, Hallbjarnareyrarspítali í Eyrarsveit, tók til starfa árið 1655.

Spítalarnir voru lagðir niður árið 1848 og var þá engin stofnun til fyrir holdsveika á Íslandi, eða þar til Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi tók til starfa 1898. Á þessum degi sama ár voru holdsveikir á Íslandi settir í sóttkví samkvæmt lögum. Síðasti holdsveikisjúklingurinn á Íslandi lést árið 1979. Fyrrgreind lög voru þó ekki afnumin hérlendis fyrr en árið 1990.

Heimild: Erla Doris Halldórsdóttir.



**SMITSJÚKDÓMUR** Holdsveiki er enn útbreiddur sjúkdómur víða um heim þótt honum hafi fyrir löngu verið útrýmt á Íslandi.

**MERKISATBURÐIR**

1222 Menn Guðmundar biskups Arasonar koma til Hóla að næturlagi og drepa Tuma Sighvatsson.

1792 George Washington kosinn fyrsti forseti Bandaríkjanna.

1947 Ný ríkisstjórn tekur við völdum á Íslandi. Forsætisráðherra er Stefán Jóhann Stefánsson.

1961 Verslunarbankinn stofnaður upp úr Verslunarsparisjóðnum.

1974 Patriciu Hearst, nítján ára barnabarni útgefandans Williams Randolphs Hearst, er rænt.

1984 Hrafninn flýgur, kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, er frumsýnd.

1999 Hugo Chávez er kosinn forseti Venesúela.

AFMÆLI



**KRISTJÓN KORMÁKUR GUÐJÓNSSON** skáld er 34 ára.



**NATALIE IMBRUGLIA** söngkona er 35 ára.



**OSCAR DE LA HOYA** hnefaleikamaður er 37 ára.



**KIMBERLY WYATT** söngkona er 28 ára.

## Aðsóknarmet slegið í janúar

Stjórnendur og starfsmenn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins í Laugardal eru í skýjunum um þessar mundir þar sem aðsóknarmet var slegið í janúarmánuði.

Alls heimsóttu tæplega 4.500 gestir garðinn í upphafi árs og hefur því gamla aðsóknarmetið fyrir janúar frá árinu 2003 verið slegið.

Þess má jafnframt geta að því verður fagnað í Laugardalnum að Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn verður 20 ára 19. maí næstkomandi. - rve



**GÓÐ AÐSÓKN** Alls heimsóttu 4.500 gestir Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í síðasta mánuði.







†

Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**







**FORNLEIFAUPPGRÖFTUR** Doktor Gavin Murray Lucas ritstýrir nýju riti, Hofstaðir: Excavations of a Viking Age Feasting Hall in North-Eastern Iceland, sem hefur að geyma niðurstöður fornleifarannsókna við Hofstaði í Mývatnssveit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NIÐURSTÖÐUR FORNLEIFARANNSÓKNA AÐ HOFSTÖÐUM: BIRTAR Í NÝJU RITI

# Nýjar upplýsingar um landnám

Alþjóðlegur hópur vísindamanna gerði umfangsmiklar fornleifarannsóknir á víkingabyggð að Hofstöðum í Mývatnssveit á árunum 1991 til 2002. Fornleifastofnun Íslands hefur nú gefið út veglegt rit þar sem fjallað er um afrakstur og niðurstöður rannsóknanna. Dr. Gavin Murray Lucas, lektor í fornleifafræði við Háskóla Íslands, er ritstjóri verksins. Að hans sögn markar útgáfa þess tímamót í ýmsum skilningi.

„Hofstaðir hafa gegnt mikilvægu hlutverki í víkingafræðum allt frá því að danski fornleifafræðingurinn Daniel Bruun skoðaði vettvanginn í byrjun 20. aldar og dró þá ályktun að þar hefðu fornleg mannvirki meðal annars gegnt hlutverki hátíðarsals,“ útskýrir Gavin. „Niðurstaða hans varð kveikjan að þessum fornleifarannsóknum árið 1991. Við töldum að frekari rannsóknir gætu varpað skýrara ljósi á helgihald og trúarlíf Íslendinga á landsnámsöld en Íslendingasögurnar hafa til dæmis gert. Sögurnar eru auðvitað ekki fullkomlega áreiðanlegar þar sem þær byggja á heimildum í munnlegri varðveislu og eru ritaðar löngu eftir landnám. Okkar rannsóknir gáfu til dæmis nákvæmari og hlutlausari mynd af dýrafórnum á svæðinu heldur en Íslendingasögurnar gera enda litaðar af kristnu viðhorfi skrásetjara þeirra.“

Annað í niðurstöðum vísindamanna gengur þvert á viðteknar hugmyndir manna um landnám á Íslandi. „Við teljum að landsnámsmennirnir hafi til að mynda ekki unnið veruleg náttúruspjöll eins og gjarnan hefur verið haldið fram. Þvert á móti hafi þeir gengið ágætlega um og nýtt sér helstu náttúruauðlindir úr nærumhverfi sínu með skipulögðum hætti,“ segir Gavin og bætir við að fleira hafi komið á óvart.

„Til dæmis sýna rannsóknirnar að landnemarnir á Hofstöðum höfðu völd jafn vel þótt þeir hafi ekki sest að fyrr en í kringum 950. Þetta gengur þvert á þá útbreiddu hugmynd að fyrstu landnámsmennirnir hafi í upphafi náð völdum og haldið þeim óskertum; átökin um völd voru því meiri en menn hafa kannski álitið.“

Meðal annars vegna þessara uppgötvana segir Gavin ritið marka þáttaskil í íslenskri fornleifafræði, auk þess sem það setur ný viðmið við útgáfu á niðurstöðum uppgrafta hérlendis. „Svona niðurstöður hafa ekki verið gefnar út í jafn veglegri útgáfu á Íslandi síðan í upphafi 8. áratugarins. Ritið er 500 blaðsíður með 200 teikningum og myndum. Það er á ensku en með íslenskum útdrætti og þótt fræðimenn séu helsti markhópurinn getur almenningur vitanlega haft gaman af því.“

Mikil vinna liggur að baki ritinu. Alls lögðu 45 vísindamenn hönd á plóg og tók átta ár að ljúka verkinu. Ritsjórinn segist vera hæstánægður með útkomuna en er þó þegar farinn að huga að næsta verkefni. „Í næstu bók verða birtar niðurstöður úr uppgrefti í Skálholti,“ segir hann og bætir brosandi við. „Það verður þó ekki fyrr en í fyrsta lagi árið 2012.“

**roald@frettabladid.is**

## Söfnun skjala sóknarnefnda

Biskup Íslands og Félag héraðsskjalavarða á Íslandi hafa hleypt af stokkunum sameiginlegu átaki í söfnun og varðveislu skjalasafna sóknarnefnda í landinu.

Eru sóknarnefndir hvattar til að varðveita sögu sína með því að koma skjölunum á næsta héraðsskjalasafn í því skyni að skjölin varðveitist á öruggum stað. Forsvarsmenn sóknarnefnda, og þeir sem hafa undir höndum skjöl sóknarnefnda, eru því hvattir til að hafa samband við næsta héraðsskjalasafn varðandi nánari upplýsingar eða koma skjölunum til þeirra til varðveislu.

Héraðsskjalasöfnin munu sjá um að skrá og ganga frá skjölum sóknarnefndanna þeim að kostnaðarlausu. Þeir einstaklingar sem hafa í fórum sínum skjöl sem varða starfsemi sóknarnefnda eru einnig hvattir til að skila þeim til síns héraðsskjalasafns. Best er að fá skjölin í sem upprunalegasta ástandi, það er óflokkuð.

Nánar má fræðast um starfsemi og starfssvæði héraðsskjalasafna á Íslandi á heimasíðunni www.heradsskjalasafn.is.



**ÁTAK** Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, og Félag héraðsskjalavarða á Íslandi standa fyrir átaki í söfnun og varðveislu skjalasafna sóknarnefnda.

# Iðnaðarmannafélagið heiðrar nýsveina

Nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík verður haldin laugardaginn 6. febrúar í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin er haldin, en hún var fyrst haldin árið 2007 í tilefni 140 ára afmælis Iðnaðarmannafélagsins. Í ár verða átján nýsveinar víðsvegar af landinu og úr hinum ýmsu iðngreinum heiðraðir fyrir góðan árangur í sveinsprófum árið 2009. Að auki verður heiðursmaður ársins 2009 valinn og er þetta í annað sinn sem slík útnefning fer fram.

Iðnaðarmannafélagið var stofnað árið 1867 og beitti sér meðal annars fyrir menntun iðnaðarmanna. Árið 1904 stofnaði það Iðnskólann í Reykjavík sem næstu fimmtíu árin var rekin í því húsi sem nú nefnist Iðnó og er á horni Lækjargötu og Vonarstrætis. Markmið Iðnaðarmannafélagsins er að efla virðingu fyrir iðnaðarstörfum og að virka sem hvatning fyrir ungt fólk til að velja sér störf við iðnað og handverk. - sm



**HÁTÍÐARHÖLD** Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur heiðrar nýsveina ár hvert fyrir góðan árangur í sveinsprófum.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gunnþórunn Einarsdóttir**
Sólheimum 23, Reykjavík,

lést sunnudaginn 31. janúar á Hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

Kristín Matthíasdóttir
Guðmundur Matthíasson — Ingrid Matthíasson
Einar Matthíasson — Guðbjörg Guðbergsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

# Ungmennafélag Grindavíkur 75 ára

Ungmennafélag Grindavíkur varð 75 ára í gær. Af því tilefni verður blásið til mikils fagnaðar í íþróttahúsi bæjarins á laugardagskvöld. Þá var ný heimasíða UMFG tekin í gagnið í gærkvöldi.

Jafnframt verður gefið út afmælisrit UMFG í ritstjórn Kristins Benediktssonar sem kemur út síðar í mánuðinum.

Íþróttafélag Grindavíkur var stofnað 3. febrúar 1935. Árið 1963 var ÍG breytt í Ungmennafélag Grindavíkur. Knattspyrna og körfuknattleikur hafa verið flaggskip UMFG í gegnum tíðina en í dag eru sex deildir starfandi innan félagsins: knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, júdódeild, sunddeild, fimleikadeild og taekwondodeild. - sg






**GRINDAVÍK** Knattspyrna og körfuknattleikur hafa lengi verið flaggskip UMFG.



**DAGUR STÆRÐFRÆÐINNAR** Verður haldinn hátíðslegur á morgun, 5. febrúar.

# Dagur stærðfræðinnar

Dagur stærðfræðinnar verður haldinn hátíðlegur í mörgum skólum landsins á morgun, föstudaginn 5. febrúar.

Yfirskrift dagsins að þessu sinni er Hugtakakort í stærðfræði, en margir kennarar nýta sér slík kort í kennslu. Hugmyndin að þemanu kviknaði í kjölfar námsstefnu Flatar, samtaka stærðfræðikennara, í október á síðasta ári þar sem Haraldur og Þóra Einarsbörn voru með vinnustofu um hugtakakort. - kg



*Innilegar þakkir til allra sem heiðruðu minningu föður okkar,*

**Tryggva Kristjánssonar**
Mýrarvegi 113, Akureyri,

og sýndu okkur samhug og hlýju við fráfall hans. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Grenihlíðar.

Aðstandendur.



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Steinunn Jóhannsdóttir**
Goðatúni 12, Garðabæ,

lést á heimili sínu mánudaginn 25. janúar. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 5. febrúar kl 15.00.

Ragnar Ragnarsson
Júlíana Magnúsdóttir
Jóhanna B. Magnúsdóttir
Sveinn Magnússon — Guðrún Hinriksdóttir
Kristján Már Magnússon — Snjólaug Brjánsdóttir
Ingibjörg Magnúsdóttir — Sigurður Á. Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Kr. Magnússon**
fyrrverandi skólastjóri,
Bólstaðarhlíð 13, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 8. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

Björg Jóhannsdóttir
Jóhann Ólafsson — Jeanne Miller
Sigrún Ólafsdóttir — Helgi Bergþórsson
afabörn og langafabörn.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Rósa Eiríksdóttir**
frá Dagsbrún,

andaðist á hjúkrunardeild Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað, þriðjudaginn 26. janúar. Jarðsungið verður frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 14.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Elísabet Kristinsdóttir
Þórdís Kristinsdóttir
Kristinn Pétursson



*Ástkær bróðir okkar, vinur og frændi,*

**Finnbogi Gunnarsson**
Suðurvíkurvegi 8, Vík,

sem lést að heimili sínu 26. janúar sl., verður jarðsunginn frá Reyniskirkju laugardaginn 6. febrúar kl. 14.00.

Magnea, Símon og aðrir aðstandendur.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Þorkell Jónsson**
vélfræðingur, Lynghaga 9,

lést mánudaginn 25. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug. Sérstakar þakkir færum við öllum þeim er önnuðust hann í hans veikindum.

Anna Margrét Ólafsdóttir
Ólafur K. Ólafsson — Lára Gunnarsdóttir
Kristjana Þ. Ólafsdóttir — Stefán Örn Stefánsson
Anna V. Ólafsdóttir — Óskar Jónsson
barnabörn og barnabarnabarn.



*Yndislegur sonur okkar, bróðir, barnabarn og frændi,*

**Birgir Elís Birgisson**
Logafold 117,

lést föstudaginn 29. janúar. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Birgir Guðmundsson — Guðrún Elísdóttir
Andri Steinn Birgisson
Birna Kolbrún Birgisdóttir
Guðmundur Óskarsson — Sjöfn Kjartansdóttir
Birna Júlíusdóttir
og aðrir aðstandendur.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Guðmundur Einarsson**
húsgagna- og innanhússarkitekt,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 05. febrúar kl. 13.00.

Einar Berg Gunnarsson — Svandís Bára Karlsdóttir
Þórey Björg Gunnarsdóttir — Guðbjartur I. Torfason
Hafdís Lilja Gunnarsdóttir — Karl Hákon Karlsson
barnabörn og langafabarn.





# Úrræði og lausnir

**BAKÞANKAR**
**Dr. Gunna**

Nú líður varla sá dagur að ekki sé stungið upp á einhverjum úrræðum og lausnum, enda ekki vanþörf á. Atvinnuleysi, skuldasúpur, þunglyndi og slen – úff úff og bú hú. Ég skelli skollaeyrum við þessu tali enda hef ég í heiðri Geðorð Lýðheilsustofnunar og þá sérstaklega sjötta geðorðið: Flæktu ekki líf þitt að óþörfu. Ef mál snerta mig og naflann á mér ekki sérstaklega sé ég enga ástæðu til að flækja líf mitt með því að setja mig inn í þau. Þetta er hrikalega óábyrg afstaða og ég ætti að skammast mín.



**ÉG HEF** bara einu sinni lent á spítala. Það var þegar tveggja metra klæðskiptingur ökklabraut mig á sýningarpalli. Mér var nær að vera svona fullur. Löggan var fruntaleg við mig þegar hún dröslaði mér upp á spítala en eftir það naut ég eintómrar góðvildar ríkisstarfsmanna. Það var lítið gaman að vera heima með gifs. Þetta var í gamla daga og ég stofnaði spjallhópinn „Í gifsi/in a plaster" á Irkinu. Ég hélt ég myndi eiga í líflegu spjalli við annað fólk í gifsi um hvernig best væri að klóra sér undir gifsinu og annað sem viðkemur gifsi. Það tengdist aldrei neinn í grúppuna og sem betur fer leið tíminn og ég losnaði við gifsið.

**SVONA** er þetta. Fólki sem hefur lent í slysi finnst gaman að tala um það en engum finnst gaman að hlusta. Svo lagast yfirleitt flest á endanum.

**EIN FRÁBÆRASTA** tillaga sem ég hef heyrt lengi var hér í blaðinu á þriðjudaginn. Áhugahópur um rétta klukku vill seinka klukkunni enda er hún vitlaus skráð. Klukkan ætti í raun að vera einum og hálfum tíma seinni. Við erum að rífa okkur upp um hánótt í algjöru rugli. Ég tengdi umsvifalaust við þetta enda er maður alltaf drulluþreyttur á morgnana, allt út af því að klukkan er vitlaus. Þetta er svo brilljant lausn að Klukkumálaráðuneytið hlýtur að vera að hlusta.

**ÞEGAR** klukkan verður orðin rétt má gera álíka leiðréttingar víðar. Allar vigtir á landinu mæla tíu kílóum of mikið. Væru vigtir stilltar rétt mætti komast hjá endalausu átaki tuga þúsunda Íslendinga. Flestir landsmenn eru með helmingi of lítið í laun til að mæta mánaðarlegu skuldasúpunni. Það er því annaðhvort að hækka launin eða láta súpuna hverfa. Hamingjustuðullinn myndi snarhækka við þessar einföldu lausnir. Íslendingar yrðu á einu augabragði aftur hamingjusamasta þjóð í heimi. Og kannski sú óspilltasta líka!

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





kvosin
FERSKT OG FLJÓTT

**Þökkum frábærar móttökur**




# Frábær febrúartilboð


**Kr. 179.- Stk.**
Toppur Sítrónu 2 ltr
Toppur án bragðefna 2 ltr


**Kr. 229.-Stk.**
Coke Zero 2 ltr


**Kr. 1.793.- Kg**
Móa Kjúklingabringur
40% afsláttur


**Kr. 149.-Stk.**
Griesson
Súkkulaðikex


**Kr. 219.-Stk.**
Del Castello
Spaghetti 1kg


**Kr. 329.-Stk.**
Knorr Spaghetteria
Bolognese - Carbonara
og Napolitana


**Kr. 279.-Stk.**
Prins Póló mini 22 stk


**Kr. 619.-Stk.**
Merrild Kaffi 103


**Kr. 499.-Stk.**
Weetos Morgunkorn


**Kr. 249.-Stk.**
Frist Price Repjuolía


**Kr. 189.-Stk.**
Lucky Handsápa
m/jarðab.ilm - m/Kókosilm


**Poki Kr. 39.-Stk.**
Roka Núðlur
Kjúklingur - Nautakjöt
og Sveppir

imagine/2010


**Kr. 279.-Stk.**
FP Hreingerningarlögur
1250ml


**Kr. 229.-Stk.**
HP Rúgbrauð


**Kr. 149.-Stk.**
Honeytop Pítubrauð
Hvít


**Kr. 944.- Kg.**
GLK Þorskur roð/beinlaus
10% afsláttur


**Kr. 998.-Kg.**
Goða Gourmet
ungnautahakk

kvosin
BAKARÍ ★ CAFÉ
Opnunartími: Verslun 8.00 - 23.00 Bakarí 8.00 - 19.00

kvosin
MATVÖRUMARKAÐUR
Aðalstræti 6-8 - 101 Reykjavík



**!** **Fjarðabyggð í kvöld kl. 20**

*Tónleikar Bjarna Thors Kristinssonar bassasöngvara og Ástríðar Öldu Sigurðardóttur píanóleikara „Á niðurleið“ eru nú á ferðalagi um landið. Í kvöld koma þau fram í kirkju- og menningarmiðstöðinni í Fjarðabyggð. Á laugardaginn kl. 15 verða þau í Hömrum á Ísafirði og ferðalaginu lýkur í Duus-húsum í Reykjanesbæ á sunnudagskvöldið klukkan 20.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Óp í Hafnarborg

Óp-hópurinn ætlar að flytja lög eftir Lehár og Strauss í Hafnarborg í hádeginu í dag. Þetta er félagsskapur ungra óperusöngvara, sem eiga það sameiginlegt að vera komnir á þann stað á söngferli sínum að miklu skiptir að öðlast reynslu á sviði, en hópurinn hefur það að markmiði að skapa tækifæri til að æfingu og tækifæri til að koma fram opinberlega.

Tilgangur hópsins er meðal annars að auka samvinnu söngvaranna, gera þeim kleift að flytja samsöngsatriði úr óperum, koma reglulega fram á tónleikum, þjálfa söngvarana fyrir keppni erlendis og reyna að fá umboðsaðila og útsendara erlendra óperuhúsa til að koma til Íslands og kynnast því sem íslenskir söngvarar hafa upp á að bjóða.

Í hópnum eru sjö söngvarar úr öllum röddum, þau Bylgja Dís Gunnarsdóttir, Jón Svavar Jósefsson, Rúnar Guðmundsson, Erla Björg Káradóttir, Rósalind Gísladóttir, Hörn Hrafnsdóttir og Jóhanna Héðinsdóttir. Ungverski píanóleikarinn Antonia Hevesi leikur undir hjá Ópinu. Ókeypis er á tónleikana meðan húsrúm leyfir.



**ANTONIA HEVESI** Píanóleikari Óp-hópsins.

## > Ekki missa af

Í dag á milli kl. 17-19 verður haldið málþingið Hljóð og sjón: málþing um tónlist og hljóð í samtímalist. Í fyrirlestrunum á málþinginu verður lagt út af og farið ofan í saumana á sambandi hljóðs, tónlistar og myndlistar á Carnegie Art Award-sýningunni 2010. Dagskránni lýkur með því að listamennirnir Kristján Guðmundsson og Finnbogi Pétursson ræða saman.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

27.01.10 – 03.02.10



**1** Matur og drykkur
Helga Sigurðardóttir



**2** Loftkastalinn sem hrundi
Stieg Larsson



**3** Stúlkan sem lék sér að eldinum - Stieg Larsson



**4** Svörtuloft
Arnaldur Indriðason



**5** Týnda táknið
Dan Brown



**6** Almanak Háskóla Íslands
Þorsteinn Sæmundsson



**7** Fransí Biskví
Elín Pálmadóttir



**8** Eldað af lífi og sál
Rósa Guðbjartsdóttir



**9** Horfðu á mig
Yrsa Sigurðardóttir



**10** Stórskemmtilega stelpubókin
Andrea J. Buchanan

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# BEST Í MYRKRAHERBERGINU

**Jóna Þorvaldsdóttir sýnir um þessar mundir ljósmyndir í sal Ljósmyndasafns Reykjavíkur í Grófarhúsi. Sýninguna nefnir hún Skynjanir. Jóna notar aðferðir frá upphafsárum ljósmyndatækninnar.**



**VIÐ TJÖRNINA** Ein mynda Jónu Þorvaldsdóttur í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

„Ég tel mig nú ekki vera gamaldags í mér. Ég hef bara alltaf verið heilluð af gömlum ljósmyndum,“ segir Jóna. „Það er eitthvað dularfullt og rómantískt við þetta.“

Fólk á gömlum ljósmyndum lítur yfirleitt öðruvísi út en fólk á myndum í dag. Það er einhvern veginn alltaf alvarlegt á svipinn. „Já, það vill oft verða dramatískara en í dag, sem er líklega vegna þess að það þurfti að vera kyrrt svo lengi þegar það var myndað. Þessar myndir sem ég hef tekið að undanförnu eru teknar á blaðfilmuvél svo fólk þarf að vera kyrrt upp í nokkrar mínútur. Þá vill þessi gamli svipur koma á það.“

Jóna segir þónokkuð mál að stunda þessar forneskjulegu aðferðir, kaupa þurfi inn efni að utan með ærnum tilkostnaði. En á hún stafræna vél?

„Nei, og ég kann ekkert á svoleiðis! Ef ég sest fyrir framan tölvu fer mig að klæja í nefið og svo frýs allt hjá mér. Þannig að ég uni mér best í myrkraherberginu. Þar framkalla ég og stækka myndirnar á pappír. Ég kann það og líkar það best því ég hef stjórn á því ferli.“

Jóna lærði ljósmyndun við European Institute of Photography í Póllandi á árunum 1997-2000. Hún hefur búið víðs vegar um heim og sótt fjölda ljósmyndanámskeiða, einkum í sígildum ljósmyndunaraðferðum. Til að auka áhrif mynda sinna málaði hún sýningarsal Ljósmyndasafnsins grænan og súlur grænar, sem hún segir ríma við gullramma myndanna. Salurinn er tvískiptur og í hinu rýminu er sýning Jakobs Jakobssonar, Gengið að verki. Þær myndir gætu varla verið ólíkari en hinar mjúku myndir Jónu: svarthvítar myndir af byggingarframkvæmdum með sérstakri áherslu á myndir teknar á Íslandi á árunum 1955 til 1970.

drgunni@frettabladid.is

# Áfram munaðarlaus

„Þetta hefur gengið mjög vel. Við náðum að borga upp yfirdráttinn eftir síðustu helgi,“ segir Hannes Óli Ágústsson, einn leikaranna sem standa að leiksýningunni Munaðarlaus sem hefur verið sýnt í Norræna húsinu undanfarið. „Þessi sýning er kannski vonarneisti fyrir aðra nýútskrifaða leikara. Það sést allavega að það er hægt að gera svona án styrkja og láta það ganga upp með hagsýni.“



**MUNAÐARLAUS** Óvissusýning LA.

Leikfélag Akureyrar kveikti á verkinu og hefur boðið leikhópnum að sýna fyrir norðan. Munaðarlaus verður því óvissusýning vetrarins hjá LA. Fjórar sýningar verða í boði á Akureyri, dagana 11. til 13. febrúar. „Við ákváðum í tilefni af þessu að efna til tveggja aukasýninga í bænum og það verða allra síðustu sýningar í Reykjavík,“ segir Hannes. „Þessar síðustu sýningar eru í Norræna húsinu í kvöld og á laugardaginn. Svo ætlum við að nýta ferðina norður og munum einnig sýna á Vopnafirði og Egilsstöðum.“ - drg

## Horft af brúnni

**Í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins á þessu ári flytur Útvarpsleikhúsið á Rás 1 valdar upptökur fyrri tíðar á sérstökum Leikritakvöldum útvarpsins. Klukkan 22.20 í kvöld verður Horft af brúnni eftir Arthur Miller á dagskrá. Þetta er sýning Þjóðleikhússins, sem var frumsýnd 2. október 1957 og var sýnd bæði á stóra sviði leikhússins og á leikferð um landið.**

**Sýningin naut mikilla vinsælda og urðu sýningar alls 53 fyrir um 20.000 áhorfendur.**

**Leikstjóri og þulur er Lárus Pálsson en með helstu hlutverk fara Róbert Arnfinnsson, Regína Þórðardóttir og Kristbjörg Kjeld.**

# Endalaus sambandsslit

Í kvöld frumsýnir Íslenski dansflokkurinn nýtt verk, Endalaus, eftir Alan Lucien Øyen, þrjátíu og tveggja ára norskan danshöfund á uppleið. Hann kom hingað í boði Kristínar Hall hjá dansflokknum í byrjun desember og samdi verkið á meðan hann dvaldist hér.

Alan notar talað orð í dansverkinu til að skapa sérstakan söguþráð í anda heimildarmyndar. Umfjöllunarefni Alans er sambandsslit ástvina. Okkur eru birt brot úr hugsunum, endurminningar um horfna ástvini. Verkið reynir að svara því hvað hverfur og hvað situr eftir í minningunni þegar samband tveggja einstaklinga rofnar. Þegar *þú og ég* erum ekki lengur *við*.

Tónlistin í verkinu er eftir Ólaf Arnalds, sem Alan hafði samband við eftir að hafa lesið um hann og heyrt tónlist hans. Alan þótti melankólískt yfirbragð verksins kallast skemmtilega á við tónlist Ólafs og segir að samvinnan hafi gengið vel.

Alls verða sex sýningar á Endalaus.



**ENDALAUS** Íslenski dansflokkurinn frumsýnir nýtt verk eftir Alan Lucien Øyen í kvöld.



# Íslandsbanki Fjármögnun býður fyrirtækjum höfuðstólslækkun á eignaleigusamningum

**Nú geta fyrirtæki sótt um höfuðstólslækkun á eignaleigu-samningum í erlendum myntum hjá Íslandsbanka Fjármögnun. Lækkunin getur numið allt að 25%.**

### Hvaða fyrirtæki geta nýtt sér höfuðstólslækkun?

Þau fyrirtæki sem tóku eða yfirtóku kaupleigu- og/eða fjármögnunarleigusamninga í erlendum myntum fyrir 15. október 2008 og eru í skilum.

### Hvernig virkar höfuðstólslækkunin?

Höfuðstóll samninga er lækkaður miðað við ákveðið gengi. Um leið er samningunum breytt í íslenskar krónur með breytilegum óverðtryggðum vöxtum. Veittur verður afsláttur af vöxtum fyrsta árið sem nemur 2,6 prósentustigum. Miðað við núgildandi vexti Íslandsbanka Fjármögnunar verða vextir af samningum 9,5% fyrsta árið.

### Hvernig breytist greiðslubyrðin?

Áhrif á greiðslubyrði er mismunandi eftir hverjum samningi fyrir sig. Hægt er að lækka greiðslubyrði með því að lengja samningstímann um ¾ af þeim tíma sem eftir er, en þó aldrei meira en um 36 mánuði.

### Hentar þessi lausn öllum?

Það þarf að vega og meta kosti þess að breyta samningum með þessum hætti í hverju tilviki fyrir sig.

### Hefur höfuðstólslækkun skattaleg áhrif?

Andvirði höfuðstólslækkunar getur myndað tekju-skattstofn hjá fyrirtækjum.

### Dæmi um höfuðstólslækkun.

Á myndum A og B er sýnt raunverulegt dæmi um fjármögnunarleigusamning sem var með fyrsta gjalddaga 3. febrúar 2007 og var til 84 mánaða. Upprunaleg myntsamsetning samningsins var CHF, USD, JPY og EUR. Eftir eru 48 mánaðarlegar greiðslur sem yrðu 84 með hámarkslengingu samningstímans.

### Skoðaðu hvernig samningurinn þinn breytist.

Á heimasíðu okkar er að finna nánari upplýsingar og ítarlegri svör við spurningum sem gætu vaknað. Með innskráningu kennitölu og lykilorðs getur þú skoðað hvernig samningurinn myndi breytast og þar getur þú einnig sótt um höfuðstólslækkun. Lykilorðið hefur verið sent í netbankann.

**Kynntu þér málið á islandsbanki.is/fjarmognun eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.**







*Upphæðir eru sýndar með vsk.

fjarmognun@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarmognun
Sími 440 4400

Íslandsbanki

# Kirkjan og lýðræðið

Út er komin bókin Þjóðkirkjan og lýðræðið. Hún inniheldur greinar sem fjalla um málefni kirkjunnar á líðandi stund, með hliðsjón af hugmyndafræði þjóðkirkjulaganna frá árinu 1997.




Í kjölfar efnahagshrunsins á haustdögum 2008 opnaðist almenn umræða um grunnstoðir samfélagsins og mikilvægi lýðræðis. Bókin inniheldur ólíkar nálganir, svo sem sagnfræðilega, guðfræðilega, stjórnunarlega og lögfræðilega, í umfjöllun um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þau sem skrifa í bókina eru Þorsteinn Pálsson, Ásbjörn Jónsson, Ásdís Emilsdóttir Petersen, Pétur Kr. Hafstein, Svanur Kristjánsson, Kristín Bjarnadóttir, Skúli Ólafsson, Harald Hegstad, Hulda Guðmundsdóttir, Gunnar Kristjánsson, Pétur Pétursson, Thies Gundlach, Solveig Lára Guðmundsdóttir, Sigurjón Pétursson, Lára G. Oddsdóttir, Kristinn Ólason og Guðbjörg Jóhannesdóttir. Bókin er 182 síður og prýdd ljósmyndum eftir Þorfinn Sigurgeirsson. Ritstjórar eru dr. Gunnar Kristjánsson og sr. Skúli S. Ólafsson. Útgefandi er Kjalarnessprófastsdæmi.

# Býst ekki við styttu

James Cameron, leikstjóri stórmyndarinnar Avatar, býst ekk við að fá Óskarsverðlaunin fyrir bestu myndina í ár, þrátt fyrir að myndin sé tilnefnd. Hann vonar að fyrrverandi eiginkona sín, Kathryn Bigelow, fái styttuna, en hún leikstýrði The Hurt Locker – sem þykir afar sigurstrangleg.


**GERÐI SIG AÐ FÍFLI** James Cameron segist hafa gert sig að fífli þegar hann tók við Óskarnum fyrir Titanic.

James Cameron segir í nýlegu viðtali að hann hafi litla trú á því að eldingu slái niður á sama stað tvisvar. „Mér finnst ólíklegt að ég vinni vegna þess að ég gerði mig að svo miklu fífli síðast,“ segir Cameron og vísar í þegar hann fékk Óskarinn fyrir Titanic og öskraði í þakkarræðunni að hann væri konungur heimsins. „The Hurt Locker er mjög, mjög sterk mynd. Pottþétt sú sterkasta. Þetta er stundin hennar Kathryn. Ég myndi glaður tapa fyrir henni. Ég á þegar eina af þessum fjandans styttum. Ég yrði reiður ef einhver annar myndi vinna, en ekki ef hún vinnur.“


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Brennuvargarnir** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 5/2 | kl. 20:00 | U | Fim 18/2 | kl. 20:00 Síðasta sýn. | U |
| Mið 17/2 | kl. 20:00 | U | Mið 24/2 | kl. 20:00 Aukas. | Ö |

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Aukasýning 24. febrúar komin í sölu!



**Oliver!** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 6/2 | kl. 15:00 | U | Sun 28/2 | kl. 15:00 | U | Sun 21/3 | kl. 15:00 | Ö |
| Lau 6/2 | kl. 19:00 | U | Sun 28/2 | kl. 19:00 | Ö | Sun 21/3 | kl. 19:00 | Ö |
| Sun 14/2 | kl. 15:00 | U | Sun 7/3 | kl. 15:00 | Ö | Lau 27/3 | kl. 15:00 | Ö |
| Sun 14/2 | kl. 19:00 | U | Sun 7/3 | kl. 19:00 | Ö | Lau 27/3 | kl. 19:00 | |
| Sun 21/2 | kl. 15:00 | U | Sun 14/3 | kl. 15:00 | U | Sun 28/3 | kl. 15:00 | |
| Sun 21/2 | kl. 19:00 | Ö | Sun 14/3 | kl. 19:00 | Ö | | | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.




**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12/2 | kl. 20:00 Frums. | U | Fim 25/2 | kl. 20:00 Aukas. | U | Fös 5/3 | kl. 20:00 7. K | Ö |
| Lau 13/2 | kl. 20:00 2. K | U | Fös 26/2 | kl. 20:00 5. K | Ö | Lau 6/3 | kl. 20:00 8. K | Ö |
| Fös 19/2 | kl. 20:00 3 K | Ö | Lau 27/2 | kl. 20:00 6. K | Ö | Fim 11/3 | kl. 20:00 | Ö |
| Lau 20/2 | kl. 20:00 4. K | U | | | | | | |

Miðasala hafin – tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!



**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13/3 | kl. 15:00 Frums. | U | Lau 27/3 | kl. 13:00 | U | Sun 11/4 | kl 15:00 | U |
| Sun 14/3 | kl. 13:00 | U | Lau 27/3 | kl. 15:00 | U | Lau 17/4 | kl 13:00 | Ö |
| Sun 14/3 | kl. 15:00 | U | Sun 28/3 | kl. 13:00 | U | Lau 17/4 | kl 15:00 | Ö |
| Lau 20/3 | kl. 13:00 | U | Sun 28/3 | kl 15:00 | U | Sun 18/4 | kl 13:00 | Ö |
| Lau 20/3 | kl. 15:00 | U | Lau 10/4 | kl 13:00 | U | Sun 18/4 | kl 15:00 | U |
| Sun 21/3 | kl. 13:00 | U | Lau 10/4 | kl 15:00 | U | | | |
| Sun 21/3 | kl. 15:00 | U | Sun 11/4 | kl 13:00 | U | | | |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!

„Besta leiksýning ársins“ Mbl., IÞ
BRENNUVARGARNIR



IÐNÓ
TILBRIGÐI VIÐ STEF
eftir Þór Rögnvaldsson — Stef: Hin sterkari eftir Strindberg

**Næstu sýningar:** 4/2, 6/2, 11/2, 14/2, 21/2, 25/2, 27/2 – kl. 20

Fbl.★★★★★ Elísabet Brekkan
*Klassískt verk fullt af leikgleði.*

Mbl. ★★★ Ingibjörg Þórisdóttir
*Leikstjóranum Ingu Bjarnason tekst vel upp enda enginn nýgræðingur í faginu.*

Sími: 562 9700 kl. 11–16 og tveim tímum fyrir sýningu – www.midi.is


# Svavar spilar fyrir Ástrala

**Trúbadorinn Svavar Knútur er nú á ferðalagi um Ástralíu og sefur í heimahúsum hjá vinum og kunningjum. Platan Kvöldvaka selst eins og kaldur frostpinni í heitri Suðurálfunni.**


**TRÚBADOR MEÐ KENGÚRUM** Svavar Knútur gerir það nú gott meðal andfætlinganna.

„þetta er yndislegt ferðalag og fólk er almennt bara mjög jákvætt. Ég hef spilað í öllum helstu borgunum og nokkrum smábæjum til viðbótar. Svo hefur maður verið í alveg tonni af góðum grillveislum,“ segir Svavar Knútur Kristinsson, sem flækist nú um Ástralíu með kassagítarinn sinn og úkúlele-ið og spilar frumsamið efni. Hann segist selja plötuna sína, Kvöldvöku, á ferðinni „eins og ískalda frostpinna í eldheitri Suðurálfunni“.

„Ég fór út í ársbyrjun og spilaði á 12 bar club í London á útleið. Ótrúlega góð búlla,“ segir Svavar „Þetta eru eiginlega þrjú ólík tónleikaferðalög, jafnvel fjögur. það fyrsta er núna, eitthvað út febrúar, í Suðaustur-Ástralíu. Svo er eitt í svona millibilsástandi í mars. Þá spila ég í Queensland, Northern Territories og Alice Springs og svona. Svo kemur í apríl smá sessjón í Perth og Vestur-Ástralíu og strax eftir það fer ég aftur til Melbourne og Sydney og tek nokkur gigg þar, meðal annars með átrúnaðargoðinu mínu, Machine Translations. Það er algjör snillingur, sem hefur haft mikil áhrif á mig, bæði í lagasmíðum og hugmyndafræði. Á heimleiðinni spila ég svo eitthvað í Frakklandi og Englandi. Svo var ég að fá þær æðislegu fréttir að NXNE (North by Northweast-hátíðin í Toronto) voru að bjóða mér í sumar!“

Ástralíuferð Svavars er öll á DIY-planinu („Do it yourself“). „Það er náttúrlega þessi vinahópur í kringum Hið alþjóðlega trúbadorasamsæri og Melodica-festivalið sem hjálpar manni. Ég hef líka bara svo gaman af því að ferðast. Maður gistir mestmegnis hjá vinum og vandamönnum. Það er ótrúlega mikið af Íslendingum hérna. Það eru búnir að koma svona 20 eða 30 Íslendingar á tónleikana hingað til. Svo er maður bara að kynnast fólki sem er til í að hjálpa manni. Bæði að bóka og kynna og allt.“

Svavar tekur hlutverk sitt alvarlega í Ástralíu og sinnir kynningarstarfsemi fyrir íslenska menningu. „Ástralar eru sólgnir í Hugleik Dagsson. Ég tók enska útgáfu af Forðist okkur út og þeir fá ekki nóg af henni. Ég tek alltaf með íslenskar bækur og leyfi áhorfendum að lesa og kvitta í. Ég er líka með bækurnar Ástarsaga úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur og Brian Pilkington og Íslensku jólasveinana eftir Brian Pilkington. Fólk skrifar margt ótrúlega skemmtilegt í bækurnar, alltaf eitthvað fallegt og uppbyggilegt. Ég er kominn með nokkrar svona bækur núna í bókahillunni heima.“

drgunni@frettabladid.is

# Söngskólinn með Djammstaff

Nemendaópera Söngskólans sýnir óperuna Don Djammstaff í samvinnu við Íslensku óperuna. Óperan er samsett úr sautján atriðum úr fjórtán óperum eftir níu tónskáld og sungin á fjórum tungumálum. Söguþráðurinn snýst um ævintýri vampírunnar Don Djammstaff, sem er yfir sig ástfanginn af mennskri konu, Paminu, og setur allt í uppnám til að ná ástum hennar. Inn í framvinduna fléttast hefndir kvenna og vald örlaganna.

Alls tekur 31 af nemendum Óperudeildar Söngskólans í Reykjavík þátt í sýningunni og bregður sér meðal annars í gervi vampíra, verndarengla og norna. Anton Steingruber og Hrönn Þráinsdóttir hafa annast tónlistarundirbúning og Hrönn leikur undir á píanó. Leikstjóri sýningarinnar og höfundur dansa er Sibylle Köll. Tvær sýningar eru ráðgerðar á verkinu, í kvöld kl. 20 og á laugardaginn 6. febrúar kl. 14.


**UPPRENNANDI** Söngvararnir í Don Djammstaff.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 04. febrúar 2010**

### Tónleikar

**12.00 Óp-hópurinn** kemur fram á hádegistónleikum í **Hafnarhúsinu** við Strandgötu í Hafnarfirði. Á efnisskránni vera verk eftir meðal annars Lehár og Strauss.



**20.00 Þorsteinn Árbjörnsson** tenór flytur óperettur og lög úr söngleikjum á tónleikum í **Guðríðarkirkju** í Grafarholti. Gestir á tónleikunum verða Janette A. Zilioli sópran og Davíð Ólafsson bassi.

**20.00 Bjarni Thor Kristinsson** bassi og **Ástríður Alda Sigurðardóttir** píanóleikari flytja fjölbreytta tónlistardagskrá í **Kirkju- og menningarmiðstöðinni** í Fjarðabyggð við Dalbraut 2 á Eskifirði.

**21.00 Þorvaldur Þór Þorvaldsson** heldur tónleika ásamt hljómsveit á **Kaffi Rósenberg** við Klapparstíg.

**21.00 Karl Hallgrímsson** og hljómsveit verða með tónleika á **Græna Hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 20.

### Skák

**19.00 Skák** í kvöld í félagsheimili **Sjálfsbjargar** við Hátún 12.

### Námskeið



**13.00 Rauði krossinn** við Borgartún 25 stendur fyrir ókeypis saumasmiðju þar sem gamlar flíkur fá nýtt útlit. Umsjón hafa Ósk Óskarsdóttir og Halldóra Guðmundsdóttir. Fólk er hvatt til að hafa með sér saumavél. Nánari upplýsingar á www.raudakrosshusid.is.

**20.00** Í **Grafarvogskirkju** við Fjörgyn verður opinn fyrirlestur um hjónaskilnaði og afleiðingar þeirra. Umsjón hafa **séra Guðrún Karlsdóttir** og **séra Arna Ýrr Sigríðardóttir**. Tekið verður við skráningu á sjálfstyrkingarnámskeið fyrir fráskilda. Nánari upplýsingar á www.grafarvogskirkja.is.

### Uppákomur

**20.00 Örkvikmyndaklúbburinn Kínó** stendur fyrir kvikmyndakvöldi hjá **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu. Sýndar verða níu stuttmyndir eftir hollensku kvikmyndagerðarkonuna Francien Van Everdingen.

### Sýningar

Í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu hefur verið opnuð ljósmyndasýningin Íslendingar þar sem sýnt er úrval mynda úr samnefndri bók eftir **Unni Jökulsdóttur** og **Sigurgeir Sigurjónsson**. Opið alla daga kl. 11-17.

**Þrándur Þórarinsson** hefur opnað sýninguna **„Áfangar“** í veitingahúsinu **Geysi** við Aðalstræti 2. Opið alla daga kl. 11.30-23.

### Síðustu forvöð

**Sigurborg Stefánsdóttir** er með sýningu í **Studio Stafni** við Ingólfsstræti 6. Opið alla daga kl. 14-17. Sýningu lýkur á sunnudag.

### Pub Quiz

**20.00 Fótbolta Pub Quiz** verður haldið á **Enska barnum** við Austurstræti. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Þema kvöldsins er markverðir. Nánari upplýsingar á www.sammarinn.com.



**21.00 Polar Pub Quiz** verður haldið á **Karaoke Sport Bar** við Frakkastíg 8. Í kvöld verður sérstakt stelpu-quiz. Almennar, krossa-, og myndaspurningar ásamt hljóðdæmum. Hámark 4 saman í liði.

### Leikrit

**20.00** Leikverkið **„Tilbrigði við stef“** eftir **Þór Rögnvaldsson** í leikstjórn **Ingu Bjarnason** verður flutt í **Iðnó** við Vonarstræti. Nánari upplýsingar á www.leikhopar.is.

### Málþing

**17.00** Á **Listasafni Íslands** við Fríkirkjuveg verður haldið málþing um tónlist og hljóð í samtímalist í tengslum við sýninguna **Carnegie Art Award 2010** sem nú stendur þar yfir. Nánari upplýsingar á www.listasafn.is.




ÚTSALA - MEIRI AFSLÁTTUR
TOMMY HILFIGER - GUESS - DKNY

Couture
Laugavegi 86-94 101 Reykjavík Sími 511 1060



RINGO STARR



DAVID GUETTA

### > Í SPILARANUM

Ringo Starr - Y not
Hot Chip - One Life Stand
The Brunettes - Paper Dolls
Biffy Clyro - Only Revolutions
David Guetta - One Love

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Sjálfkrafa á jaðarinn

Í kvöld heldur Þorvaldur Þór Þorvaldsson tónleika á Café Rosenberg ásamt hljómsveit. Með honum leikur djasslandsliðið; þeir Eyþór Gunnarsson á píanó, Óskar Guðjónsson á saxófón, Ómar Guðjónsson á gítar og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á bassa. Leikin verður tónlist af plötu Þorvaldar sem kom út fyrir síðustu jól og heitir í höfuðið á tónlistarmanninum.

„Mér hefur nú reynst erfitt að setja tónlistina nákvæmlega niður, því þetta er hvorki rokk, popp né djass,“ segir Þorvaldur. „Lögin eru líka í mismunandi stíl en stærsti samnefnarinn er að þau eru öll ósungin. Það setur músíkina sjálfkrafa í ákveðinn flokk og út á jaðarinn.“

Þorvaldur segist aðallega vera að hlusta á rapp og R&B þessa dagana og nefnir Clipse, Jay-Z og Black Eyed Peas sem uppáhaldstónlist. „Það eru auðvitað smá áhrif af þessu og öllu því sem maður upplifir í tónlistinni.“

Þorvaldur flutti til Íslands í fyrra eftir að hafa búið við nám og störf í Bandaríkjunum í tæp sjö ár. „Mér finnst alveg æðislegt að vera hérna, en það er helst að maður sé leiður á þessu kreppuvæli sem er í mörgum.“

Tóndæmi má heyra á www.dodditrommari.com. **- drg**



**Á ROSENBERG Í KVÖLD** Þorvaldur Þór Þorvaldsson.




### > Plata vikunnar

Vampire Weekend
**Contra**

★★★★★

„Tónlistin á annarri plötu Vampire Weekend fer í allar áttir og er stórskemmtileg og heillandi. Eins grípandi og þær gerast.“

**Kjartan Guðmundsson**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Tvær góðar með tökulögum*

Þó að flutningur á gömlum verkum njóti virðingar í heimi sígildrar tónlistar þykja tökulög ekki mjög spennandi í poppinu. Þar er gerð krafa um nýtt efni og helst samið af tónlistarmanninum sjálfum. Á þessu eru samt auðvitað undantekningar og stundum slá tökulög eftirminnilega í gegn. Ég nefni sem dæmi Satisfaction með Devo, Gloria með Patti Smith og Geburt einer Nation með Laibach.

Þessa dagana eru að koma út tvær mjög ólíkar tökulagaplötur. Fyrst skal nefna Scratch My Back með Peter Gabriel sem kemur út 15. febrúar. Á henni tekur þessi margreyndi popprefur lög eftir unga listamenn eins og Arcade Fire, Reginu Spektor og Bon Iver og eldri, til dæmis Randy Newman, Lou Reed, Neil Young, Paul Simon, Talking Heads og David Bowie. Útsetningarnar eru mjög persónulegar og ólíkar þeim upprunalegu. Gott dæmi er Heroes eftir Bowie sem opnar plötuna. Gabriel hægir það niður og útsetur það nær eingöngu fyrir strengi. Flott plata.

Hin platan er Turn Ons með hljómsveitinni The Hotrats sem er hliðarverkefni Gaz Coombes og Danny Goffey úr Supergrass. Á plötunni, sem kom út í síðustu viku, eru nokkur af uppáhaldslögum þeirra félaga, meðal annars Queen Bitch (Bowie), Love Is the Drug (Roxy Music), Damaged Goods (Gang of Four), Pump it Up (Elvis Costello), Love Cats (Cure) og E.M.I. (Sex Pistols). Útsetningarnar eru ekki svo frábrugðnar þeim upprunalegu, en þeir rokka þetta svolítið upp. Undantekningin er Beastie Boys-lagið Fight For Your Right (to Party) sem er gjörólíkt. Þeir Gaz og Danny nefna Bowie plötuna Pinups sem fyrirmynd, en á henni tók Bowie nokkur af sínum uppáhaldslögum frá sjöunda áratugnum. Turn Ons er skemmtileg plata sem sýnir að þeir félagar hafa góðan smekk.



**PERSÓNULEGUR** Peter Gabriel gerir lög Arcade Fire, Talking Heads, Bon Iver og Radiohead að sínum á nýrri plötu.






# BÆÐI RÓLEG OG „MELLÓ“

**Tvær sólóplötur duttu inn seint í jólaplötuflóðinu í fyrra, plöturnar Enchanted með Uni og Silkimjúk er syndin með Jóni Tryggva. Tónlistarmennirnir eru báðir um þrítugt og þetta eru fyrstu plöturnar þeirra.**



**KREPPAN SETTI HLUTINA Í SAMHENGI** Uni og Jón Tryggvi segja erfitt að vera glæný á markaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég er búin að læra tónlist síðan ég var kríli og búin að tala um það heillengi að gera plötu,“ segir Uni, eða Unnur Arndísardóttir eins og hún heitir. „Þegar kreppan skall á hafði maður ekkert annað en það sem maður var góður í og varð bara að láta til skarar skríða. Í góðærinu var maður bara alltaf að vinna og meika pening.“

„Þetta fór í gang hjá mér þegar ég lenti í vinnuslysi fyrir þremur árum,“ segir Jón Tryggvi. „Maður var búinn að tala um það heillengi að gera plötu en framkvæmdaviljann vantaði alltaf. Slysið setti hlutina í samhengi. Maður fór að hugsa og pæla í því hvað væri mikilvægast. Var mikilvægast að mæta alltaf í vinnu kl. átta og vinna til kl. sjö? Eða var kannski mikilvægara að gera það sem mann langaði mest til að gera?“

### Fíkn og náttúran

Fortíð þeirra í bransanum er sú að Jón Tryggvi var í hljómsveitinni Stæner á sínum tíma en Unnur hefur meðal annars tekið þátt í starfi Trúbatrixa. Þau eru kærustupar.

„Við kynntumst á Myspace og vorum vinir lengi áður en við byrjuðum saman fyrir einu ári síðan,“ segir Unnur. „Þá fórum við að vinna saman í músík. Við komum fram á plötunum hjá hvort öðru, hann spilar á gítar og syngur á minni plötu og ég syng á plötunni hans.“

Plöturnar voru teknar upp í Tankinum á Flateyri með mánaðarmillibili í fyrra og eru all ólíkar.

„Ég er með einhverja kassagítarkántrí-blús-samsuðu,“ segir Jón Tryggvi. „Og syng um lífið og tilveruna, mikið um fíkn, alkóhólisma og upprisuna úr alkóhólismanum. Ég hef sjálfur gengið í gegnum það. Meirihlutinn á plötunni er rólyndislegur og dapurlegur en svo eru hressari sprettir á milli. Nick Drake, Johnny Cash, Neil Young, KK og Bubbi eru helstu áhrifavaldarnir.“

„Hjá mér eru þetta lög sem ég hef verið að semja í gegnum tíðina og þetta er mjög rólegt og „melló“. Ég spila á kassagítar og syng en platan er útsett fyrir sex manns,“ segir Uni. „Andleg mál hafa alltaf fylgt mér og náttúran er eiginlega helsti áhrifavaldurinn. Ég hef ekki hugmynd um hvaða öðrum tónlistarmönnum ég líkist.“

### Eintómir megahittarar

Það er ekki hlaupið að því að koma sér á framfæri með tónlistina sína. „Þegar maður er svona alveg glænýr er virkilega erfitt að koma sér á framfæri. Það kom virkilega á óvart,“ segir Unnur.

„Já, allavega miðað við það að það eru ekkert nema megahittarar á þessum plötum!“ segir Jón Tryggvi. „Ætli málið sé ekki bara að senda fjölmiðlum nógu oft sömu fréttatilkynningarnar þangað til þeir fara að trúa þeim.“

Þau ætla að spila sem mest, reyna að fá sem mesta útvarpsspilun og komast í sjónvarpið. Allur pakkinn. Og svo er stefnan sett á sjálfa Ameríku.

„Það er planið að fara í mars. Bara við með gítarana á bakinu,“ segir Unnur. „Ég var að læra í Nýju-Mexíkó í þrjú ár svo ég á vini úti um allt. Við erum búin að bóka einhverja tuttugu tónleika. Byrjum í New York og fljúgum svo heim frá San Francisco eftir nokkrar vikur. Erum með gommu af giggum þarna á milli.“

Þau sjá fyrir sér að semja saman plötu „on ðe ród“ og vonast til að gefa hana saman út í sumar. „Það verður eitthvað ægilegt eyðimerkur-kántrí, held ég,“ segir Jón Tryggvi. „Við erum að skoða hvort við gefum þá plötu ekki út undir einhverju dúetta nafni – Uni & Johnny kannski?!“

**drgunni@frettabladid.is**

# Massive Attack hittir í mark

Fimmta plata Massive Attack er væntanleg, kemur út 8. febrúar og heitir Heligoland eftir eyjaklasa úti fyrir Þýskalandi.

Þetta er fyrsta stúdíóplata hljómsveitarinnar síðan 100th Window kom út árið 2003. Þeir Grant Marshall og Robert Del Naja hafa nostrað við plötuna og það heyrist. Allt það sem þessir frumkvöðlar í tripp-hoppinu standa fyrir er á sínum stað; hnausþykku bassalínurnar, djúpu dáleiðandi bítin og frumlegu sándin. Margir greindu hökt í vél sveitarinnar á síðustu plötu, en þessi þykir sterk og hnitmiðuð þótt hún jafnist kannski ekki fullkomlega á við meistaraverkin Mezzanine og Protected.



Mikið söngvaralið leggur inn á plötuna. Horace Andy er með að venju en auk hans syngja á plötunni þau Damon Albarn, Tunde Adebimpe (úr TV on the Radio), Hope Sandoval (úr Mazzy Star), Martina Topley-Bird (sem hefur unnið með Tricky) og Guy Garvey (úr Elbow). Gítarleikari Portishead, Adrian Utley, leikur einnig á plötunni, en Portishead er ásamt Massive Attack sú sveit sem enn heldur Bristol-tripp hoppinu snöggheitu eftir hina frábæru plötu Third, sem kom út 2008.

**- drg**



**SNÖGGHEITT TRIPP HOPP** Heligoland er fimmta plata Massive Attack.

Landsins stærsta

# Skósprengja

Lágmark

# 50%

afsláttur

opnunartími
mán - fös: 11 - 18
lau: 11 - 16
sun: 12 - 16

## Hefst í dag kl 11

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

> NÆSTA JASON BOURNE-MYND VERÐUR FORSAGAN

**Matt Damon** gaf það sterklega til kynna á blaðamannafundi að næsta Jason Bourne-kvikmynd yrði um störf leyniþjónustumannsins og hvernig hann varð þessa útsjónarsama leyniskytta.



**bíó**

bio@frettabla-

# Empire velur verstu myndirnar

Lesendur kvikmyndatímaritsins Empire hafa valið verstu kvikmyndir Hollywood og á toppnum tróna góðkunningjar sambærilegra lista. Sú kvikmynd sem þykir allra verst er Batman & Robin með George Clooney í hlutverki Leðurblökumannsins og Chris O'Donnell sem Robin. Einhverjir kunna jafnframt að muna eftir Umu Thurman sem Poison Ivy og Arnold Schwarzenegger í líki Mr. Freeze úr þessari mynd en hún eyðilagði annars ágætan Batman-kvikmyndaflokk sem Tim Burton hafði byrjað á með Michael Keaton í hlutverki Bruce Wayne.

Í öðru sæti yfir verstu kvikmyndirnar er síðan Battlefield Earth með John Travolta en hún er byggð á handriti stofnanda Vísindakirkjunnar. Þessi útnefning ætti því ekki að koma neinum á óvart enda var myndin algjört bull frá upphafi til enda og gagnrýnendur hreinlega rifu hana í sig. Love Guru með Mike Meyers í aðalhlutverki fær síðan bronsið en þrátt fyrir að vera gamanmynd voru ákaflega fáir áhorfendur sem hlógu í bíósölum heimsins.

Í fjórða sæti á lista Empire er síðan Raise the Titanic, alveg hrikalega dýr kvikmynd frá árinu 1980 með Jason Robards og Alec Guinness í aðalhlutverkum. Hún fær 3,9 í einkunn á imdb.com og höfundur bókarinnar sem myndin byggir á var svo vonsvikinn að hann seldi ekki kvikmyndaréttinn að neinni bók sinni næstu tuttugu árin. Í fimmta sætinu situr síðan vitleysismyndin Epic Movie en aðstandendur hennar, Jason Friedberg og Aaron Seltzer, eiga nokkrar á þessum lista, sem von er, enda eru Movie-myndirnar sorp, hvernig sem á það er litið.



**VONT** Batman & Robin hefur verið valin versta kvikmynd sögunnar af lesendum Empire. Battlefield Earth með John Travolta lenti í öðru sæti.



**LÉLEGT LEYNDARMÁL** Flestir kvikmyndaspekúlantar höfðu spáð því að síðustu tvær myndirnar um Harry Potter yrðu í þrívídd.

# Meira um þrívídd

Eitt verst geymda leyndarmál Hollywood var loks staðfest í dag því forsvarsmenn Warner Bros. tilkynntu að síðustu tvær Harry Potter-myndirnar, Harry Potter and the Deathly Hollows í tveimur hlutum, yrðu í þrívídd. Þessi orðrómur hefur verið ansi lengi á kreiki og kvikmyndaspekúlantar spáðu því fyrir löngu að þetta yrði raunin.

Ljóst má vera að heimsbyggðin bíður í ofvæni eftir þessum myndum en þá lýkur einhverj- um vinsælasta kvikmyndabálki sögunnar. Enginn möguleiki er á framhaldsmyndum eða forsögum eða neinu slíku enda hefur höfundurinn, J. K Rowling, ekki skrifað neinar slíkar bækur. Sem fyrr eru þau Daniel Radcliffe, Emma Watson og Rupert Grint í hlutverkum sínum en meðal annarra þekktra leikara má nefna Bill Nighy, John Hurt, Helena Bonham Carter og svo Ralph Fiennes sem leikur auðvitað illmennið Voldemort.

# Erótík í þrívídd

Leikstjórinn Tinto Brass lýsti því á blaðamannafundi í Róm að hann langaði til að gera erótíska kvikmynd í þrívídd og nota sömu tækni og var notuð í Avatar.

Brass er þekktastur fyrir kvikmyndina Caligula með Malcolm McDowell í aðalhlutverki en hefur undanfarin ár aðallega gert erótískar kvikmyndir á Ítalíu.



**FÆR SAMKEPPNI** Tinto Brass langar að feta í fótspor Camerons og gera erótík í þrívídd.


Auglýsingasími

512 5050




– Mest lesið


# Mulligan á hraðri uppleið

**Hann er svolítið langur vegurinn frá litlu hlutverki í sjónvarpsþáttunum Waking the Dead yfir á rauða dregilinn fyrir framan Kodak-höllina í Los Angeles. Breska leikkonan Carey Mulligan fetar engu að síður þá slóð.**



**SKJÓTT SKIPAST VEÐUR Í LOFTI** Eftir að hafa hvorki birst á hvíta tjaldinu né í sjónvarpi í tæp tvö ár er Carey Mulligan komin með Óskarstilnefningu fyrir leik sinn sem Jenny í kvikmyndinni An Education. Myndin verður frumsýnd hér á landi um helgina.

Mulligan leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni An Education eftir danska leikstjórann Lone Scherfig og er tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína. Myndin sjálf er gerð eftir handriti breska rithöfundarins Nicks Hornby sem byggir það á æviminningum blaðakonunnar Lynn Barber og segir frá því hvernig tilfinningalíf ungrar stúlku breyttist til frambúðar þegar kvennaljómi, sem er helmingi eldri en hún, flytur í hverfið hennar í London á sjöunda áratug síðustu aldar.

An Education er lítil mynd, raunar bara smámynd sem hefði ekki, samkvæmt öllum reglum og lagabókstöfum Akademíunnar, átt að fá þrjár tilnefningar til æðstu kvikmyndaverðlauna heims, þar á meðal sem besta myndin. Hún kostaði ekki nema fjóra og hálfa milljón dollara í framleiðslu og leikarahópurinn er síður en svo samansettur af súperstjörnum; kvikmyndaáhugamenn ættu einna helst að kannast við Alfred Molina og Peter Saarsgard sem leikur einmitt kvennaljómann David.

Engu að síður er það frammistaða Carey Mulligan sem vakið hefur hvað mestu athyglina. Hún hefur hlotið alls 21 tilnefningu af öllum stærðum og gerðum fyrir leik sinn í hlutverki Jennyar, stúlkunnar sem dreymir um nám í Oxford. Mulligan var nánast óþekkt nafn fyrir árið 2009 þótt hún hefði vissulega leikið lítið hlutverk í Pride & Prejudice fyrir fimm árum. Verkefnin hrundu ekki beint inn á borð til hennar eftir þá mynd enda var kastljósinu að mestu beint að Keiru Knightley sem þá fékk sína fyrstu Óskarstilnefningu. Mulligan dó þó ekki ráðalaus, fékk meðal annars hlutverk í hinum margverðlaunuðu sjónvarpsþáttum Bleak House og svo í The Amazing Mrs. Pritchard (einhverjir kynnu að muna eftir þeirri þáttaröð, hún fjallaði um athafnakonu sem verður allt í einu forsætisráðherra Bretlands). Á eftir fylgdu svo lítil hlutverk í Dr. Who og Waking the Dead. Allt virtist þetta benda í eina átt; að stjörnuskin Mulligan væri ekki alveg á næsta leiti.

En skjótt skipast veður í lofti; eftir að hafa hvorki birst á hvíta tjaldinu né sjónvarpi í tæp tvö ár komu tækifærin allt í einu í hrönnum. Fyrst áðurnefnd An Education, svo Public Enemies eftir Michael Mann með Johnny Depp og Christian Bale í aðalhlutverkum og svo Brothers eftir Jim Sheridan. Vart þarf að taka fram að Óskarstilnefningin hefur vakið gríðarlega athygli á þessari 25 ára gömlu leikkonu og ef marka má imdb.com verður Mulligan í grennd við toppinn næstu árin. Fram undan er meðal annars nýja Wall Street-myndin hans Olivers Stone þar sem Carey leikur dóttur Gordons Gekko og svo hefur hún verið orðuð við hlutverk Elizu Doolitle í nýrri My Fair Lady-mynd sem John Madden, leikstjóri Shakespeare in Love, hyggst gera.

Þótt aðeins séu liðin fimm ár síðan Mulligan fékk fyrsta hlutverkið sitt þá má Hollywood eiga eitt: kvikmyndaskrímslið ógurlega er fljótt að sigta út efnilegar stjörnur og leikkonan frá Greater-hverfinu í London virðist vera ein af þeim.

freyrgigja@frettabladid.is

# Freddy Krueger mesta illmennið

Freddy Krueger hefur verið kosinn mesta illmenni hvíta tjaldsins í nýrri könnun tímaritsins SFX. Krüger gerði garðinn frægan í hryllingsmyndinni The Nightmare on Elm Street. Næst á eftir Krueger komu Pinhead úr Hellraiser og Michael Myers úr Halloween.

Í The Nightmare on Elm Street hrelldi Freddy bandarísk ungmenni í draumum þeirra í hverri myndinni á fætur annarri. Robert Englund hefur farið með hlutverk illmennisins, nú síðast í myndinni Freddy vs. Jason sem kom út fyrir sjö árum. Í væntanlegri mynd um kappann verður Englund þó fjarri góðu gamni því Jackie Earle Haley, sem lék í Watchmen, mun fylla hans skarð. „Freddy Krueger var gríðarlega vinsæll á níunda áratugnum en niðurstöður könnunarinnar sýna að vinsældir hans eru enn miklar tveimur áratugum síðar," sagði ritstjóri SFX. „Hann er eitt fárra skrímsla nútímans sem hægt er að nefna í sömu andrá og Drakúla, sem er eitt mesta illmenni allra tíma."



**FREDDY KRUEGER** Freddy hefur verið kosinn mesta illmenni hvíta tjaldsins í nýrri skoðanakönnun.

### TÍU MESTU ILLMENNIN

1. **Freddy Krueger** (A Nightmare On Elm Street)
2. **Pinhead** (Hellraiser)
3. **Michael Myers** (Halloween)
4. **Drakúla** (Dracula)
5. **Candyman** (Candyman)
6. **Hannibal Lecter** (The Silence Of The Lambs)
7. **Jason Voorhees** (Friday The 13th)
8. **Jigsaw** (Saw)
9. **Sadako** (Ring)
10. **Pennywise** (IT)

# ÚTSÖLULOK!

# 500 kr.

## MARKAÐUR*

## Í SMÁRALIND OG KRINGLU

buxur, bolir, peysur, kjólar,
skyrtur og skór á 500 krónur!

*500 krónu markaðurinn er af völdum útsöluvörum

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

> **AXL Í HJÓLASTÓL**

Prakkarinn Axl Rose, söngvari Guns N' Roses, lét gesti á tónleikum í Toronto í vikunni bíða eftir sér í tvo klukkutíma. Hann kom svo rúllandi á sviðið í hjólastól, áður en hann stökk upp og hóf tónleikana. Var þetta vísun í það sem Kurt Cobain gerði á Reading-hátíðinni árið 1992.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Sautján flytur á næsta ári

Gallerý Sautján yfirgefur húsnæði sitt við Laugaveg 91 á næsta ári, tuttugu árum eftir að verslunin kom þangað fyrst. Einhvers misskilnings hefur gætt um að verslunin væri í þann mund að yfirgefa húsnæðið en verslunarkonan Svava Johansen áréttar að það verði ekki fyrr en 2011.

„Við ætlum að skoða það í eitt ár hvort við ætlum að fara með alla starfsemina neðar á Laugaveginn eða niður í miðbæinn,“ segir Svava en leigusamningur Sautján í núverandi húsnæði rennur þá út. Hún viðurkennir að það verði söknuður að húsnæðinu eftir öll þessi ár, enda hefur það löngum verið órjúfanlegur hluti af verslun á Laugaveginum. „Það hefur bara svo margt breyst á þessum tíma. Laugavegurinn hefur skipst í tvo hluta, efri og neðri part. Það virðist sem neðri hlutinn og það sem teygir sig inn í Skólavörðustíg, Bankastræti, og niður í Kvos sé vænlegast til reksturs verslana og kaffihúsa,“ segir hún. „Mér finnst alls ekki að það sé ekki hægt að vera niðri í miðbæ eða á Laugaveginum. En maður þarf að skoða hverja staðsetningu fyrir sig og miða við í hvaða húsnæði maður er og hversu kostnaðarsamt það er að vera í því. Það er líka mikilvægt að verslanasamsetningin sé rétt í kringum mann.“

Svava, sem opnaði í nóvember nýja Sautján-verslun í Smáralind, tekur fram að áhugi sé fyrir því að vera áfram á Laugaveginum með einhvers konar starfsemi, til dæmis verslunina Evu sem er við hliðina á Sautján. Margir hafa komið að máli við Svövu og spurt út í afdrif þessarar rótgrónu verslunar og segir hún áhuga vera fyrir því að færa hana neðar á Laugaveginn en leigusamningurinn rennur einmitt líka út á næsta ári. **- fb**



**SVAVA JOHANSEN** Svava í Sautján flytur með verslun sína af Laugavegi 91 á næsta ári, tuttugu árum eftir að hún kom þangað fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fyrirtæki Tiger-tryggð

**Fyrirtæki sem fá frægar Hollywood-stjörnur sem talsmenn eru byrjuð að tryggja sig fyrir ýmsu sem getur gerst í einkalífi stjarnanna. Þetta gera þau til að tryggja sig fyrir fjárhagslegu tjóni eins og fyrirtækin sem styrktu Tiger Woods urðu fyrir í kjölfarið á því að upp komst um hjásvæfur hans.**



**JOHNNY DEPP** Leikarinn er að undirbúa heimildarmynd um gítarleikarann Keith Richards.

# Gerir mynd um Richards

Leikarinn Johnny Depp er að undirbúa heimildarmynd um Keith Richards, gítarleikara Rolling Stones. Þeir tveir hafa verið vinir í nokkurn tíma og Depp hefur viðurkennt að hafa byggt persónu sína í myndunum Pirates of the Caribbean á gítarleikaranum. Hinn 66 ára Richards er þekktur sem einn mesti útlagi rokksins. Vímuefnamisnotkun hans í gegnum árin er fræg og þykir mörgum furðu sæta að hann skuli enn þá vera á lífi eftir sukksaman feril sinn. Rolling Stones hefur verið starfandi síðan á sjöunda áratugnum en hefur ekki farið í tónleikaferð í nokkurn tíma, eða síðan A Bigger Bang-túrinn var farinn árið 2005.



**ÓGEÐSLEG ÁFERÐ** Jóhannes Haukur hjá höfðunum tveimur sem hafa „ógeðslega áferð“ að hans mati.

# TVÖ HÖFUÐ JÓHANNESAR

**Jóhannes Haukur Jóhannesson leikur Þorgeir Hávarsson í leikritinu Gerplu sem frumsýnt verður 12. febrúar. Leikmunadeild Þjóðleikhússins er tilbúin með fremur óhefðbundinn leikmun tengdan honum.**

„Manni finnst þetta svolítið óhugnanlegt, sérstaklega að þetta eru eftirmyndir af manni,“ segir Jóhannes Haukur Jóhannesson. Honum brá heldur betur í brún þegar hann rölti niður í leikmunadeild Þjóðleikhússins fyrir skömmu. Höfuð hans hafði þá verið steypt í silíkon.

Starfsmenn deildarinnar voru að leggja lokahönd á höfuð Þorgeirs sem verða notuð í sýningunni. Tvö silíkonhöfuð hafa verið búin til, eitt sem lítur út fyrir að vera nýhöggvið af búknum og annað sem er farið að rotna. „Það var rosalega erfitt að sitja inni í þessu móti. Það tók fjörutíu mínútur og ég þurfti að sitja útataður í silíkon-dóti. Svo eru þeir búnir að föndra við þetta í rúman mánuð og þetta er útkoman,“ segir Jóhannes sem finnst áferðin á höfðunum sérlega ógeðsleg.

Leikritið, sem Baltasar Kormákur leikstýrir, er byggt á Gerplu og fer Björn Thors með hlutverk hins fóstbróðurins, Þormóðs, sem fær höfuð Þorgeirs sent til sín. Jóhannes tekur fram að hann fái alveg að leika í sýningunni þrátt fyrir höfuðleysið. „Við fáum líka að sjá áður en ég er drepinn. Svo er ákveðinn kafli þar sem höfuðið sér bara um þetta fyrir mig og ég er bara í kaffisopa.“

Undirbúningurinn fyrir verkið hefur verið langur og hafa æfingar verið haldnar með hléum síðan í maí í fyrra. „Það eru fjórtán mánuðir síðan Baltasar talaði fyrst við mig um að gera þetta. Þetta er búin að vera löng fæðing en skemmtileg og það er bara endaspretturinn eftir,“ segir hann. „Þetta er uppáhaldsbók margra og það eru margir spenntir að sjá hvernig til tekst. Ég held að við getum verið stolt af því sem við erum að gera. Ég held að fólk eigi eftir að verða ánægt með þetta.“ **-fb**

# Fox ræðir við Conan

**Bandaríska sjónvarpsstöðin Fox hefur rætt við Conan O´Brien um að hann stjórni spjallþætti á stöðinni. Stutt er síðan Conan yfirgaf kvöldþátt NBC-stöðvarinnar og er hann þessa dagana að leita sér að framtíðarstarfi. Rupert Murdoch, forstjóri Fox, hefur staðfest að rætt hafi verið við Conan en engar formlegar samningaviðræður hafi átt sér stað. „Ef hægt verður að sýna fram á við getum gert þetta með hagnaði þá munum við drífa í þessu,“ sagði hann. Jay Leno, sem yfirgaf kvöldþátt NBC, tekur við gamla starfinu af Conan í næsta mánuði.**



**CONAN O´BRIEN**



**FM BELFAST** Hljómsveitin FM Belfast spilar á Hróarskelduhátíðinni í ár.

# FM Belfast á Hróarskeldu

Hljómsveitin FM Belfast spilar á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í byrjun júlí. Áður hafði þungarokksveitin Sólstafir fengið boð um að spila á hátíðinni. Íslensk atriði hafa aldrei verið fleiri en tvö á hátíðinni og því verður forvitnilegt að sjá hvort fleiri bætist við þegar nær dregur. Í fyrra stigu þar á svið hljómsveitirnar Hjaltalín og Kira Kira. Alls hafa 26 hljómsveitir verið tilkynntar á hátíðina í ár, þar á meðal Muse, Pavement og Jack Johnson.




# Sigurhátíð sama hvernig fer

„Við höldum sigurhátíð í Sjallanum á laugardagskvöldið sama hvernig fer,“ segir Valur Freyr Halldórsson, trommuleikari og söngvari Hvanndalsbræðra. Hljómsveitin flytur sem kunnugt er eitt laganna sex í úrslitum Söngvakeppninnar á laugardaginn. Það heitir Gleði og glens og er eina lagið í keppninni sem er sungið á íslensku.

Hvanndalsbræður eru sigurvissir. „Við fengum blóðbragð í munninn þegar við komumst í úrslitin. Við erum því ekkert með í þessu til að tapa,“ segir Valur. „Þetta er búið að vera svo rosalegt „plögg“ fyrir okkur að við verðum bara að fara alla leið. Það væri ekki ónýtt að vinna Eurovision. Röggi myndi reyndar detta niður dauður því honum finnst þetta svo fíflalegt. Okkur finnst það svo sem líka. Við erum komnir með stimpilinn á okkur og margir sem hafa fílað okkur lengi æla á okkur núna. Á móti eru krakkar og húsmæður farin að fíla okkur.“

Hljómsveitin hefur undirbúið sig af kostgæfni fyrir stóru stundina. „Við höfum farið í „body jam“-tíma hérna niðri í Átaki. Það eru svona konudanstímar. Á eftir höfum við farið í spa og fengið alls konar krem. Við breytum atriðinu lítið, stillum hljómsveitinni reyndar aðeins öðruvísi upp. Eina breytingin sem fólk mun sjá er að við verðum með ný bindi.“

Nú ganga ásakanir um að lögin sem Jógvan og Hera Björk syngja séu stolin og Hvanndalsbræður hafa lent í því sama. „Fréttablaðið Feykir.is í Skagafirði vill meina að lagið sé tvístolið. Við sendum það inn í óþökk Rögnvaldar og þeir slá því þannig upp að við höfum stolið því úr náttborðsskúffunni hans. Hann á svo að hafa stolið því frá sjálfum sér því lagið er svo líkt öðrum lögum sem hann hefur samið. Við erum pollrólegir yfir þessu. Eru ekki öll lög meira og minna stolin?“

Hvanndalsbræður fljúga norður strax að lokinni keppni. „Við förum í einkaþotu í boði Glitnis og Milestone og svo tekur bæjarstjórinn á móti okkur á flugvellinum,“ segir Valur. **- drg**





**MEÐ BLÓÐBRAGÐ Í MUNNI** Hvanndalsbræður og Rögnvaldur gáfaði, höfundur Gleði og glens.

Opið 11-21

# FLOTTAR VÖRUR Á FÁRÁNLEGU VERÐI

# GÖTU-MARKAÐUR

AÐEINS **4 DAGAR** EFTIR

Síðustu forvöð
að gera dúndurkaup

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



**SAMAN Á SKJÁNUM** Sólveig Eiríksdóttir og Valgerður Matthíasdóttir verða saman í Íslandi í dag og munu töfra fram holla og fljótlega rétti fyrir alla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Solla og Vala í sjónvarpið

**Valgerður Matthíasdóttir og Sólveig Eiríksdóttir verða með vikulega uppskrift í Fréttablaðinu á fimmtudögum. Sólveig sýnir síðan réttu handtökin sama kvöld í Íslandi í dag á Stöð 2.**

Völu Matt og Sollu þarf vart að kynna fyrir Íslendingum en saman hyggjast þær fræða Íslendinga um gómsæta og holla rétti sem allir ættu að geta gert á skjótan hátt. Hægt verður að sjá hvernig er rétt að bera sig að í sjónvarpsþættinum Ísland í dag og skoða upptökur inn á visir.is.

Vala bendir á að Solla sé að verða nokkuð þekkt erlendis meðal hráfæðis- og heilsuspekúlanta enda hefur hún verið í samstarfi við einn þekktasta hráfæðiskokk Ameríku. „Já, ég hef unnið með Angelu Stokes, en hún er orðin hálfgerð goðsögn í Ameríku eftir að það kom viðtal við hana á fréttastöðinni CNN og milljónir manna horfðu á hana segja frá því hvernig hún létti sig um rúm 72 kíló, hvorki meira né minna, og breytti algerlega um lífsstíl," útskýrir Sólveig og bætir því við að Stokes hafi einnig bætt heilsu sína með því einu að breyta mataræðinu. „Hún neytti einungis hráfæðis og fannst það algjör snilld að hún gat borðað eins mikið og hún vildi, hvenær sem hún vildi en hélt svo á sama tíma alltaf alveg sinni kjörþyngd. Og svo rúsínan í pylsuendanum, húðin á henni varð silkimjúk og slétt og glans kom í hárið. Hún fékk roða í kinnar og varð bara eins og ný manneskja," útskýrir Sólveig.

Vala segir fyrstu uppskriftina vera orkudrykk sem sé bæði ofboðslega góður og fljótlegur og alveg hrikalega flottur. „Þessi drykkur er eins og sælgæti á bragðið en á sama tíma hefur hann allt sem þú þarft úr morgunmat. Það er svo frábært að geta hent í hann hráefninu á nokkrum mínútum og drukkið svo á meðan verið er að gera sig til á morgnana," segir Sollu.

Að sögn Sollu er grunnurinn að drykknum nokkuð breytilegur því það sé hægt að breyta hráefninu eftir því hvað til er í skápunum. „Best er að allt sé lífrænt, ég hef til dæmis sem grunn banana og haframúslí sem er algjört sælgæti með súkkulaðibitum (eða tröllahafra). Svo set ég döðlur, möndlur og smá lífrænt kakó og stundum smá kókosmjöl. Þetta set ég allt í blandara og helli köldu vatni út í. Fólk ræður svo hvað það vill hafa drykkinn þykkan og setur vatn eftir því. Svo er gott að setja nokkra klaka í lokin."

Vala segist hafa heyrt ótrúlega margar reynslusögur þar sem fólk lýsir því hvernig það hefur hreinlega bjargað lífi sínu og stundum jafnvel læknast af ýmsum kvillum með breyttu mataræði. „Það er magnað hvað holl fæða getur verið mikið töframeðal, bæði sem forvörn og lækning og svo bara sem dúndur orkugjafi."

## ORKUDRYKKUR

Súkkulaði-orkudrykkur
1 banani (gott að kæla hann í ísskáp eða taka úr frysti)
1 bolli haframúslí eða tröllahafrar
3-4 lífrænar döðlur
½ til 1 bolli lífrænar möndlur
¼-½ bolli kókosmjöl eða kókosflögur
2-3 tsk. lífrænt kakó
Kalt vatn eftir smekk
4-5 klakar

Allt sett í blandara og þeytt saman. Ef blandarinn er ekki mjög kröftugur þá er ráð að setja fyrst banana og músli og hræra saman. Setja svo restina í blandarann og hræra allt saman í lokin. Vatn er sett eftir smekk eftir því hvað þið viljið hafa drykkinn þykkan. Njótið svo vel, því hér er hollt sælgæti á ferð!


NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS - 2 fyrir 1 MasterCard | kl. 8 | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| SKÝAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 3D | kl. 3.50 - Ísl. tal | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5.50 | 7 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 4 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 6 og 9 | 10 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 8D - 10:30D | 16 |
| WHERE THE WILD THINGS ARE | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 7 |
| UP IN THE AIR | kl. 8 - 10:20 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 5:50D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | L |

já -er svarið NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 5:50D - 8:10D - 10:40D | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 5:50D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:10 | 12 |
| UP IN THE AIR | kl. 8 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS | kl. 8 Forsýning MasterCard 2 FYRIR 1 | 12 |
| IT´S COMPLICATED | kl. 10.30 | 12 |
| IT´S COMPLICATED LÚXUS | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 3.40 - 5.50 | 7 |
| DYHAT MORGANS | kl. 8 - 10.20 | L |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 8 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.50 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 5.50 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 8 | 10 |
| NIKULÁS LITLI www.graenaljosid.is | kl. 6 - 10 .30 Íslenskur texti | L |

facebook.com / smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| CLOUDY WITH MEATBALLS 2D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 enskt tal | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 5.50 íslenskt tal | L |
| HARRY BROWN | kl. 10.30 | 16 |
| THE ROAD | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 5.30 - 8 - 10.35 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS MasterCard 2 FYRIR 1 | kl. 8 Forsýning | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 6 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | 7 |
| AVATAR 2D | kl. 10.10 | 10 |

MasterCard 2 fyrir 1 í kvöld kl. 20.00




MasterCard korthafar fá tvo miða á verði eins á sérstakar MasterCard forsýningar í kvöld 4. febrúar, kl. 20.00 í Laugarásbíói, Smárabíói og Borgarbíó Akureyri, greiði þeir með kortinu.

LAUGARÁS BÍÓ SMÁRABÍÓ BORGARBÍÓ

• KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR • HLJÓÐN
HEYRNATÓL • AUKAHLUTIR • KAPLAR • ÓTRÚLEGUR AFSL. • STY
FRÁBÆRT ÚRVAL • FARTÖLVUTÖSKUR • MINNISKORT • S
• MP3 SPILARAR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAV
NETBÚNAÐUR • PRENTARAR • VIFTUR • H
MÓÐURBORÐ • SKJÁKORT • FLAK
• TURNKASSAR • LYKLABO
PAPPÍR • HARÐIR •
• FARTÖLVU
• MIN
ARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • TAKMA

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR




**23 Philips 231E1SB**
23" TFT active matrix LCD breiðskjár með 1920x1080 dpi, 25000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.

**39.990**

FULLT VERÐ KR. 44.990



UNITED MEDIASPILARI

720P HDMI CARD

**United HD MMP 9530**
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

**10.990**

FULLT VERÐ KR. 14.990



WD

FLAKKARI

**WD Elements**
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

**24.990**

FULLT VERÐ KR. 27.990

**NOKKUR DÆMI UM GÓÐ KAUPTÆKIFÆRI**

**Prentarapappír með góðum afslætti**
**Allt að 40% afsláttur af heyrnartólum**
**Fjöldi músa og lyklaborða á útsölu**
**Mikil lækkun á völdum netbúnaði**
**Valdir flakkarar á ótrúlegu verði**
**Sjónvarpsflakkarar með allt að 30% afslætti**
**Skjákort á fáránlega góðu verði – Takmarkað magn**
**Síðustu eintök af fjölda fartölva á algjöru rýmingarverði**
**...og margt, margt fleira – Sjón er sögu ríkari!**

**19 Samsung 923NW**
19" LCD breiðskjár með 1440x 900p upplausn, 5ms viðbragðstíma, 1000:1 skerpu ofl.




**21.990**

FULLT VERÐ KR. 24.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

### > Ísland féll um tvö sæti á heimslista FIFA

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta er í 94. sæti á nýjum heimslista sem Alþjóðaknattspyrnusambandið FIFA birti í dag. Ísland féll þar með um tvö sæti en landsliðið var í 92. sæti á listanum þar á undan sem birtist um miðjan desember. Litlar breytingar voru á tíu efstu sætunum að þessu sinni fyrir utan það að Egyptaland er komið í tíunda sæti á listanum eftir sigur í Afríkukeppninni en landsliðið var áður í 24. sæti.



**sport**
sport@frettabladid.is

**PAVEL ERMOLINSKI: SPILAR SINN FYRSTA LEIK MEÐ KR Í KVÖLD Í HÖRKULEIK GEGN GRINDAVÍK Í RÖSTINNI**

# *Ætla að nýta þetta tækifæri til að finna mig aftur*

KR-ingar og Grindvíkingar hafa marga hildina háð á síðustu árum í körfuboltanum en liðin mætast í enn einum hörkuleiknum í Iceland Express-deild karla í Röstinni í Grindavík kl. 19.15 í kvöld. Íslandsmeistarar KR sitja sem stendur á toppi deildarinnar með sex stigum meira en Grindvíkingar sem eru í sjötta sæti. KR-ingar hafa enn fremur fengið mikinn liðstyrk frá síðasta leik sínum í deildinni þar sem landsliðsmaðurinn Pavel Ermolinski spilar sinn fyrsta leik fyrir Vesturbæjarfélagið í kvöld en hann kom til KR á láni frá spænska félaginu Caceres.

„Ég kom bara til landsins rétt fyrir helgi og hef bara verið á fullu við að reyna að koma mér eins vel inn í málin hjá KR og ég mögulega get. En öll umgjörð og allt svoleiðis er til fyrirmyndar hjá félaginu þannig að þetta verður bara gaman," segir Pavel í viðtali við Fréttablaðið.

Pavel er 23 ára gamall og 203 sentimetra leikstjórnandi og hefur leikið á Spáni síðan árið 2003 en áður lék hann með Skallagrími og ÍR hér á landi.




Pavel kveðst ekki gera sér almennilega grein fyrir því hvernig deildin á Íslandi sé samanborið við það sem hann kynntist á Spáni en er vongóður á að allt gangi vel.

„Það er dálítið erfitt að ímynda sér hvað maður kemur til með að kljást við þar sem það eru einhver sex eða sjö ár síðan ég spilaði síðast á Íslandi en ég er bara spenntur að sjá hvernig þetta verður. Ég hef samt auðvitað fylgst vel með hvað er að gerast í deildinni hér heima síðan ég fór út því maður á marga félaga sem hafa verið að spila hér en þetta er alltaf öðruvísi þegar maður kemur inn á völlinn. Ég veit svo sem ekki alveg hvernig Palli þjálfari vill stilla þessu upp en ég á þó von á því að spila í hlutverki leikstjórnanda. Það verður annars bara að koma í ljós. Ég vonast alla vega bara til þess að fá meira frelsi til þess að spila minn leik en ég fékk ef til vill á Spáni og fari þannig að hafa aftur gaman að því að spila körfubolta. Ég ætla að nýta þetta tækifæri til þess að finna mig aftur sem leikmann, hafa gaman og vinna að sjálfsögðu," segir Pavel að lokum.

# Hanagal frá kjúklingi bronsliðsins

## Hinn 19 ára Aron Pálmarsson stóð sig einstaklega vel á Evrópumótinu í Austurríki. Hann er með betri árangur en félagar hans í bronsliðinu náðu á sínum fyrstu mótum með landsliðinu fyrir mismörgum árum.

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson stimplaði sig inn í íslenska karlalandsliðið með frábærri frammistöðu á nýloknu Evrópumeistaramóti í Austurríki og innkoma hans í lokaleik riðilsins á móti Dönum átti mikinn þátt í að breyta örlögum liðsins í keppninni. Aron er aðeins 19 ára gamall og á sínu fyrsta stórmóti og það er því fróðlegt að bera hann saman við félaga hans í bronsliðinu þegar þeir stóðu í sömu sporum á sínu fyrsta stórmóti fyrir mismörgum árum.

Framganga Arons Pálmarssonar á móti fráfarandi Evrópumeisturum Dana og á móti heims-, Ólympíu- og Evrópumeisturum Frakka vakti vissulega mesta athygli enda tók þessi 19 ára strákur þá af skarið á móti tveimur af bestu þjóðum heims. Aron skoraði 11 mörk úr 20 skotum á móti tveim af bestu markvörðum heims (Thierry Omeyer og Kasper Hvidt) og endaði sitt fyrsta mót með 19 mörk úr 39 skotum (49 prósent) sem gera 2,4 mörk að meðaltali í leik. Með því sló Aron við öðrum lykilmönnum íslenska landsliðsins í dag.

Fyrsta stórmót Ólafs Stefánssar var HM á Íslandi 1995 þegar hann var 21 árs gamall. Ólafur skoraði 11 mörk í 7 leikjum (1,6 í leik) en besta leikinn átti hann í sigri á Túnis þar sem hann skoraði 4 mörk úr 4 skotum.

Guðjón Valur Sigurðsson var fyrst með á EM í Króatíu 2000 en hann hafði komið fyrst inn í landsliðið aðeins mánuði fyrr. Guðjón Valur var ekki í hópnum í fyrstu tveimur leikjunum en var með frá þriðja leik. Guðjón Valur skoraði 1,8 mörk að meðaltali í fjórum leikjum en kom aðeins inn á í tveimur síðustu leikjunum þar sem hann skoraði 7 mörk úr aðeins 9 skotum.

Snorri Steinn Guðjónsson og Róbert Gunnarsson voru í hálfgerðu kynningarhlutverki á sínum fyrstu mótum. Snorri Steinn fór á sitt fyrsta mót 21 árs gamall þegar hann var valinn í HM-hópinn í




**FRÁBÆR FRUMRAUN** Aron Pálmarsson í leik á EM í Austurríki. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Portúgal árið 2003. Snorri fékk þó bara að vera með í hópnum í einum leik og kom aldrei inn á völlinn í honum. Fyrsta raunverulega mót hans var því EM ári seinna þar sem hann skoraði 4,0 mörk að meðaltali í leik.

Róbert fór fyrst 23 ára gamall á EM í Slóveníu 2004 en fékk bara að vera með í hópnum í einum leik og kom þá inn á í tæpar 3 mínútur. Fyrsta raunverulega mót hans var því HM í Túnis ári seinna þar sem hann skoraði 3,8 mörk að meðaltali í leik.

Alexander Petersson kom seint inn í íslenska landsliðið þar sem hann varð ekki löglegur fyrr en á HM í Túnis 2005. Alexander var þá 24 ára gamall og skoraði 3,6 mörk að meðaltali í leik.

Arnór Atlason var eins og Alexander fyrst með á HM í Túnis 2005 en Arnór var þá aðeins 20 ára gamall. Arnór kom við sögu í fjórum af fimm leikjum og skoraði 1,8 mörk að meðaltali í leik.

Á þessu má sjá að Aron slær félögum sínum í bronsliðinu við bæði hvað varðar aldur og markaskor. Það verður því athyglisvert að sjá hvort hlutverk hans vaxi enn frekar þegar ósýnilegi „nýliðabragurinn" verður ekki á honum lengur. ooj@frettabladid.is

### FYRSTU STÓRMÓT MARKAHÆSTU LEIKMANNANNA Í BRONSLIÐINU Á EM Í Í AUSTURRÍKI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ólafur Stefánsson** | **HM 1995** | **Snorri Steinn Guðjónsson** | **HM 2003** | **Arnór Atlason** | **HM 2005** |
| 21 árs | 1,6 mörk í leik | 21 árs | 0 mörk | 20 ára | 1,4 mörk í leik |
| | Mest 4 mörk á móti Túnis | | Kom ekki inn á | | Mest 3 mörk á móti Slóveníu |
| **Guðjón Valur Sigurðsson** | **EM 2000** | **Róbert Gunnarsson** | **EM 2004** | **Aron Pálmarsson** | **EM 2010** |
| 20 ára | 1,8 mörk í leik | 23 ára | 0 mörk | 19 ára | 2,4 mörk í leik |
| | Mest 5 mörk á móti Slóveníu | | Lék í 3 mínútur samtals | | Mest 6 mörk á móti Frakklandi |











**REYNIR AFTUR** Viggó hefur fært sig niður um deild. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍR-ingar fá nýjan þjálfara:

## Viggó tekur við 1. deildarliði ÍR

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson er mættur aftur í slaginn en hann var í gær ráðinn þjálfari 1. deildarliðs ÍR.

Viggó hefur verið án vinnu síðan Fram rak hann úr starfi fyrir áramót en hvorki gekk né rak hjá Frömurum undir stjórn Viggós og situr það á botni N1-deildarinnar.

Það er verk að vinna fyrir Viggó hjá ÍR en ÍR situr í fimmta sæti deildarinnar en aðeins eru sjö lið í deildinni.

Viggó tekur við starfinu af Andrési Gunnlaugssyni sem hætti skömmu fyrir síðustu mánaðamót. - hbg

John Terry:

## Neitar að hætta sem fyrirliði

**FÓTBOLTI Sky-fréttastofan sagðist hafa heimildir fyrir því í gær að ekki kæmi til greina af hálfu Johns Terry að afsala sér fyrirliðatign enska landsliðsins í kjölfar kynlífshneykslisins sem tröllríður öllu.**

**Terry mun hitta Fabio Capello, landsliðsþjálfara Englands, á morgun og þar munu þeir fara yfir málið.**

**Hávær umræða er um það á Englandi að ekki sé stætt á því að Terry fari fyrir enska landsliðinu á HM í Suður-Afríku næsta sumar.**

**Enska knattspyrnusambandið hefur gefið það út að ákvörðun í málinu sé alfarið á herðum Capellos. Hann einn ráði ferð í þessu máli. Capello hefur staðfest að hafa kynnt sér málið en vill að öðru leyti ekki tjá sig.** - hbg

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Arnór Atlason átti þátt í 11,3 mörkum að meðaltali á Evrópumótinu í handbolta í Austurríki:

## Kominn í flokk með Ólafi Stefánssyni

**HANDBOLTI** Arnór Atlason átti þátt í flestum mörkum íslenska landsliðsins á Evrópumótinu í Austurríki sem lauk um helgina.

Arnór kom að 11,3 mörkum að meðaltali í leik og varð þar með aðeins annar leikmaðurinn á eftir Ólafi Stefánssyni sem nær því að koma að tíu mörkum

### ÞÁTTUR Í FLESTUM MÖRKUM Í LEIK Á EM:

| | |
|---|---|
| Ólafur Stefánsson, EM 2006 | 15,3 |
| Ólafur Stefánsson, EM 2002 | 14,0 |
| Ólafur Stefánsson, EM 2004 | 13,3 |
| Arnór Atlason, EM 2010 | 11,3 |
| Ólafur Stefánsson, EM 2010 | 10,8 |
| Ólafur Stefánsson, EM 2008 | 10,3 |
| Ólafur Stefánsson, EM 2000 | 10,0 |
| Snorri Steinn Guðjónss., EM 2006 | 9,7 |



**90 MARKA MAÐUR** Arnór Atlason átti þátt í 90 af 248 mörkum Íslands á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

að meðaltali í úrslitakeppni Evrópumótsins.

Arnór skoraði 41 mark og gaf 49 stoðsendingar í 8 leikjum íslenska landsliðsins á EM sem gera 5,1 mark og 6,1 stoðsendingu að meðaltali í leik. Þetta er þriðji besti árangur íslensk leikmanns á EM en met Ólafs

### ÞÁTTUR Í MÖRKUM ÍSLANDS Á EM 2010:

| | |
|---|---|
| Arnór Atlason<br>(41 mark + 49 stoðsendingar) | 11,3 |
| Ólafur Stefánsson<br>(32 mörk + 54 stoðsendingar) | 10,8 |
| Guðjón Valur Sigurðsson<br>(39 mörk + 11 stoðsendingar) | 6,3 |
| Snorri Steinn Guðjónsson<br>(35 mörk + 11 stoðsendingar) | 5,8 |

Stefánssonar er frá því að hann kom að 15,3 mörkum í leik á EM í Sviss 2006. Ólafur var líka með hærra meðaltal á bæði EM 2002 (14,0) og á EM 2004 (13,3). Þetta var sjötta Evrópumótið í röð þar sem Ólafur á þátt í tíu íslenskum mörkum að meðaltali í leik.

Ólafur Stefánsson átti enn á ný flestar stoðsendingar á mótinu (54) en 28 þeirra voru fyrir langskot og 23 þeirra á Arnór Atlason. Arnór gaf hins vegar langflestar frísendingar, eða 42, þar af 21 af þeim inn á línu.

Arnór átti flestar stoðsendinga sinna á Róbert Gunnarsson (17) og Guðjón Val Sigurðsson (15) en hann átti síðan fimm stoðsendingar á Ólaf Stefánsson. - óój

# nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*




# Sci-MX FÆÐUBÓTAREFNI

**25% afsláttur**




## GILDIR ÚT FEBRÚAR

www.markhonnun.is

Tilboðin gilda 1. - 28. febrúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin:

Fulham-Portsmouth 1-0
1-0 Jonathan Greening (74.)

### Enska bikarkeppnin:

Leeds-Tottenham Hotspur 1-3
0-1 Jermain Defoe (37.) 1-1 Luciano Becchio (45.), 1-2 Jermain Defoe (73.), 1-3 Jermain Defoe (90.).

### IE-deild kvenna:

Keflavík-Grindavík 91-77
Stig Keflavíkur: Kristi Smith 31, Bryndís Guðmundsdóttir 20, Birna Valgarðsdóttir 15, Svava Ósk Stefánsdóttir 13, Pálína Gunnlaugsdóttir 5, Hrönn Þorgrímsdóttir 3, Marín Rós Karlsdóttir 2, Sigrún Albertsdóttir 2.
Stig Grindavíkur: Joanna Skiba 14, Íris Sverrisdóttir 14, Helga Hallgrímsdóttir 13, Petrúnella Skúladóttir 12, Berglind Magnúsdóttir 10, Michele DeVault 9, Jovana Lilja Stefánsdóttir 5.

Hamar-KR 75-79
Stig Hamars: Koren Schram 19, Kristrún Sigurjónsdóttir 18, Julia Demirer 13, Sigrún Ámundadóttir 12, Fanney Guðmundsdóttir 6, Hafrún Hálfdánardóttir 4, Íris Ásgeirsdóttir 2.
Stig KR: Jenny Pfeiffer-Finora 22, Signý Hermannsdóttir 19 (16 frák.), Hildur Sigurðardóttir 16, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 12, Margrét Kara Sturludóttir 6, Helga Einarsdóttir 2, Jóhanna Sveinsdóttir 2.

Valur-Njarðvík 57-72
Stig Vals: Dranadia Roc 19, Þórunn Bjarnadóttir 8, Hrund Jóhannsdóttir 7, Birna Eiríksdóttir 7, Ösp Jóhannsdóttir 5, Sigríður Viggósdóttir 4, Ragnheiður Benónísdóttir 2.
Stig Njarðvíkur: Ólöf Helga Pálsdóttir 18, Heiða Valdimarsdóttir 17, Auður Jónsdóttir 10, Harpa Hallgrímsdóttir 8, Ína Einarsdóttir 8, Sigurlaug Guðmundsdóttir 5, Anna Ævarsdóttir 4.

Snæfell-Haukar 55-91
Stig Snæfells: Gunnhildur Gunnarsdóttir 23, Sherell Hobbs 13, Unnur Ásgeirsdóttir 5, Hrafnhildur Sævarsdóttir 3, Sara Andrésdóttir 3, Hildur Kjartansdóttir 2, Helga Björgvinsdóttir 2, Ellen Högnadóttir 2, Rósa Indriðadóttir 2.
Stig Hauka: Heather Ezell 32, Guðrún Ósk Ámundadóttir 13, María Lind Sigurðardóttir 11, Helena Hólm 8, Kiki Jean Lund 8, Bryndís Hreinsdóttir 5, Temla Björk Fjalarsdóttir 4, Sara Pálmadóttir 3, Ragna Brynjarsdóttir 3, Heiðrún Hauksdóttir 2, Kristín Reynisdóttir 2.



**BEASLEY** Hefur líklega tekið leigubíl í upphafi vikunnar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Uppákoma hjá Rangers:

## Kveikt í bíl Beasley

**FÓTBOLTI** Bandaríski landsliðsmaðurinn DaMarcus Beasley, sem leikur með Glasgow Rangers á Skotlandi, varð fyrir miður skemmtilegri reynslu síðasta mánudag.

Þá var kveikt í bíl leikmannsins fyrir utan heimili hans.

„Það sprengdi einhver upp bílinn minn. Sem betur fer slasaðist enginn,“ sagði Beasley á Twitter-síðu sinni.

Lögreglan í Glasgow lítur málið alvarlegum augum og er að rannsaka málið. - hbg

Allan Borgvardt:

## Kemur ekki til Íslands í sumar

**FÓTBOLTI Allan Borgvardt kemur ekki til Íslands í sumar eins og leit jafnvel út fyrir um tíma því Daninn snjalli hefur samið við norska b-deildarliðið Sandnes Ulf. Þetta kemur fram í frétt á vefmiðlinum fotbolti.net.**

**Allan Borgvardt hefur leikið með Bryne í Noregi síðustu ár en hann hætti hjá félaginu fyrir stuttu og var í framhaldinu að leita sér að nýju félagi. Hann fékk síðan tveggja ára samning hjá Sandnes Ulf.**

**Borgvardt stóð sig frábærlega með FH frá 2003 til 2005 og liðið vann meðal annars 18 síðustu deildarleikina sem hann spilaði. Hann skoraði alls 29 mörk í 43 deildarleikjum með Hafnarfjarðarliðinu frá 2003 til 2005.** - óój

Sigurbergur Sveinsson klárar tímabilið með Haukum:

# Fer ekki til Flensburg

**HANDBOLTI** Það verður ekkert af því að stórskyttan Sigurbergur Sveinsson gangi í raðir þýska stórliðsins Flensburg líkt og greint var frá á dögunum.

„Það er svolítið síðan að þetta datt upp fyrir. Fréttir af því að ég væri nánast kominn út voru dálítið orðum auknar. Þetta fór aldrei á neitt alvarlegt stig,“ sagði Sigurbergur en hann fór utan að æfa með liðinu í desember, gekk vel og vakti áhuga félagsins á sér. Einhverjar viðræður virðast hafa orðið í kjölfarið en þær fjöruðu fljótt út.

Var þá talað um að Flensburg vildi fá Sigurberg strax til félagsins sem var staða sem Haukar áttu erfitt með að sætta sig við enda mikilvægasti tími tímabilsins eftir.

„Það er alveg ljóst núna að ég klára tímabilið með Haukum. Það er spennandi mánuður fram undan hjá okkur þar sem við erum að spila í Evrópukeppninni og bikarnum. Þetta verður bara gaman og ég er ekkert að velta mér upp úr því að þetta mál hafi ekki gengið upp,“ sagði Sigurbergur sem hefur samt ekki gefið atvinnumannadrauminn upp á bátinn.

„Ég stefni að því að komast út næsta sumar. Eins og er þá er ekki með nein járn í eldinum en við sjáum hvað gerist næsta sumar.“

- hbg



**KLÁRAR TÍMABILIÐ HEIMA** Sigurbergur Sveinsson verður áfram í lykilhlutverki hjá Haukum út veturinn og mun hjálpa liðinu við að verja Íslandsmeistaratitilinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nú úti er Leeds-ævintýri

**Bikarævintýri Leeds lauk í gær fyrir framan tæplega 38 þúsund manns á Elland Road. Jermain Defoe skoraði þrennu og Leeds varð loksins að játa sig sigrað.**

**FÓTBOLTI** Jermain Defoe var hetja Spurs í gær er liðið sló Leeds út úr enska bikarnum. Defoe skoraði öll mörk Tottenham í 3-1 sigri liðsins.

Það var óvenju lítill broddur í liði Leeds framan af leiknum. Þessi endalausa baráttugleði og vinnsla út um allan völl var ekki til staðar. Úrvalsdeildarliðið var þar af leiðandi mun beittara framan af leik.

Jermain Defoe fékk algjört dauðafæri um miðjan hálfleikinn en Casper Ankergren sá við honum og varði glæsilega. Ankergren kom þó engum vörnum við á 37. mínútu þegar Defoe kom boltanum í netið.

Markið virkaði eins og köld vatnsgusa í andlit leikmanna Leeds sem byrjuðu loksins að spila fótbolta og berjast af þeim krafti sem þeir hafa gert í leikjum sínum hingað til í keppninni.

Pressa neðrideildarliðsins að marki Spurs var með hreinum ólíkindum og eitthvað hlaut undan að láta. Í uppbótartíma í fyrri hálfleik kom laglega sending að marki. Hinn ótrúlegi Jermaine Beckford gerði vel í því að koma skoti á markið. Gomes varði en boltinn féll fyrir fætur Luciano Becchio sem mokaði boltanum yfir línuna. Leikmenn Spurs voru afar ósáttir við markið enda virkaði Becchio rangstæður þegar sendingin kom á Beckford. Mótmæli þeirra breyttu engu því markið stóð.

Það var mikill barningur í síðari hálfleik og bæði lið áttu ágætar sóknir. Defoe skoraði um miðjan síðari hálfleikinn en markið var réttilega dæmt af vegna rangstöðu. Spurs gafst ekki upp og Defoe skoraði löglegt mark á 73. mínútu. 1-2 og Spurs hæglega getað skorað fleiri mörk en Ankergren fór algjörlega á kostum í marki heimamanna.



**ÞRENNA** Jermain Defoe var sjóðheitur í gær og skoraði þrjú gild mörk og eitt ólöglegt.
NORDIC PHOTOS/AFP

Leikmenn Leeds brugðust ekki eins hressilega við mótlætinu nú líkt og í fyrra markinu og virtist vera nokkuð dregið af þeim. Er sex mínútur lifðu leiks voru Leedsarar heppnir að lenda ekki tveimur mörkum undir er Peter Crouch átti skalla í þverslá Leeds-marksins.

Leeds lagði allt undir til þess að jafna metin og komst í tvígang nokkuð nálægt því.

Þegar uppbótartíminn var nánast liðinn fór allt lið Leeds fram. Spurs hreinsaði og Defoe komst einn gegn Ankergren, sólaði hann, lagði boltann í tómt markið og fullkomnaði þrennuna.

henry@frettabladid.is



**GAGO** Verður áfram í herbúðum Real Madrid. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Man. City fær að heyra það:

## Man. City notaði okkur

**FÓTBOLTI** Umboðsmaður Argentínumannsins Fernando Gago er ekki par sáttur við forráðamenn Man. City. Enska félagið reyndi að kaupa Gago frá Real Madrid á elleftu stundu við lok leikmannamarkaðarins.

Tímasetningin ku hafa verið glórulaus hjá City-mönnum og aldrei hafi verið raunhæfur möguleiki á að klára kaupin á tíma.

„City notaði okkur. Ég hef aldrei lent í svona uppákomu áður,“ sagði Marcello Lombilla, umboðsmaður Gago, ævareiður í viðtali við útvarpsstöð. „Ég vil ekki tala um þær upphæðir sem Man. City var til í að greiða því þeir höfðu samband við Madrid þó svo þeir vissu að það væri ekki fræðilegur möguleiki að ná þessum kaupum í gegn á tíma.“

Jorge Valdano, yfirmaður knattspyrnumála hjá Madrid, var einnig afar ósáttur við City. „Það var ekkert tilbúið hjá þeim er þeir höfðu samband. Ekki búið að skrifa undir eitt einasta blað. Þeir voru ekki einu sinni búnir að ná samkomulagi við leikmanninn og vildu samt klára allt málið á 40 mínútum,“ sagði Valdano. - hbg

Keflavíkurkonur unnu sjöunda leikinn í röð í Iceland Express-deild kvenna í gær gegn Grindavík:

# Við ætlum að verða Íslandsmeistarar

**KÖRFUBOLTI** Keflavíkurkonur vinna hvern stórsigurinn á fætur öðrum þessa daganna og í gær unnu þær sannfærandi 14 stiga sigur á Grindavík, 91-77, í Toyota-höllinni í Keflavík. Keflavíkurliðið lagði grunninn að sigrinum með frábærum fyrri hálfleik þar sem liðið steig ekki feilspor í sókninni.

Fyrri hálfleikur Keflavíkurliðsins var nánast óaðfinnanlegur, liðið skoraði 60 stig, hitti úr 55 prósentum skota sinna og tapaði aðeins einum bolta allan hálfleikinn.

Grindavíkurliðið beit aðeins frá sér í seinni hálfleiknum en Keflavík hafði efni á að slaka á. Munurinn varð á endanum fjórtán stig en Grindavík lagaði stöðuna með því að skora 10 stig í röð eftir að þær misstu bandaríska leikmann sinn útaf með fimm villur.

„Byrjunin á árinu 2010 er búin að vera framar okkar björtustu vonum. Við erum búin að vera vinna gríðarlega vinnu í allan vetur og hún er vonandi að skila sér núna. Ég er ótrúlega ánægður með stelpurnar,“ sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, en Jóhann Þór Ólafsson, þjálfari Grindavíkur, var ekki eins sáttur:

„Það kom smáorka í byrjun seinni hálfleiks og síðan aðeins í restina. Við gátum samt ekki neitt í þessum leik. Við vorum búin að tala um það sem við ætluðum að gera en það hefur farið inn um annað og út um hitt. Ef við erum eins og við vorum í kvöld, þar sem hver er í sínu horni og allar á einhverju egótryppi, þá erum við bara skítlélegt lið,“ sagði Jóhann.

Kristi Smith, Bryndís Guðmundsdóttir og Birna Valgarðsdóttir voru allt í öllu í leik Keflavíkur og átti Grindavíkurstúlkur fá svör við þeirra leik.

„Tímabilið byrjaði ekki vel hjá okkur en nú er þetta allt að smella. Ég held að hugarfarið hafi bara breyst hjá okkur. Við ákváðum að koma stemmdar inn í leikina og spila góða vörn frá byrjun,“ sagði Bryndís Guðmundsdóttir sem var með 20 stig, 8 fráköst og 9 stoðsendingar í gær.

„Ég held að við getum ekki náð KR en stefnan er bara sett á annað sætið þegar þessi A og B-hluti er búinn,“ segir Bryndís og lokamarkmiðið er það sama í Keflavík og það hefur alltaf verið: „Við ætlum að verða Íslandsmeistarar, það kemur ekkert annað til greina,“ segir Bryndís og miðað við frábæra byrjun á árinu 2010 er enginn ástæða til að draga það í efa. - óój



**STERK** Bryndís Guðmundsdóttir skoraði 20 stig fyrir Keflavík í gær.


ÁSKRIFTARTILBOÐ
AÐEINS
5.650 KR.
Á MÁNUÐI
SJÁÐU MEISTARADEILDINA OG ENSKA BIKARINN NÆSTU ÞRJÁ MÁNUÐI
UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE
SPORT
besta sætið
MEISTARADEILDIN SNÝR AFTUR
16. FEBRÚAR
RISALEIKIR
Í 16 LIÐA ÚRSLITUM
16. FEBRÚAR
AC MILAN - MAN. UTD.
LYON - REAL MADRID
17. FEBRÚAR
PORTO - ARSENAL
BAYERN M. - FIORENTINA
23. FEBRÚAR
STUTTGART - BARCELONA
OLYMPIACOS - BORDEAUX
24. FEBRÚAR
INTER - CHELSEA
CSKA MOSKVA - SEVILLA
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ HORFA Á SPORTIÐ HEIMA
512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## > Hugh Laurie

„Faðir minn var ljúfur og kurteis og ákaflega fær læknir. Það er kaldhæðnislegt að ég skuli fá betur borgað fyrir að þykjast vera ruddaleg og andstyggileg útgáfa af honum.“

***Laurie fer með hlutverk hins skapstirða dr. Gregory House í þáttum sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 21.00.***



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFIR Á HEIMILDARÞÆTTI STEPHENS FRY UM BANDARÍKIN

## *Loftbelgsflug, blágras og rotnandi lík*

Heimildarþættir Bretans Stephens Fry í Sjónvarpinu um Bandaríkin eru sérlega áhugaverðir, þar sem hann ferðast um öll ríki landsins í svörtum London-leigubíl.

Hann hóf yfirreið sína um austurströnd Bandaríkjanna, þar sem tónlistarmaðurinn Sting var óvænt á meðal viðmælenda, en í síðasta þætti var röðin komin að suðurströndinni. Þar hafði hann úr ýmsu skemmtilegu að moða. Hann flaug um í loftbelg, fór niður í kolanámu, gæddi sér á gómsætum kalkún og hlustaði á ekta bandaríska blágrastónlist, svo dæmi séu tekin. Óhugnanlegasti staðurinn sem hann fór á var vafalítið svæði þar sem gerðar eru rannsóknir á rotnandi líkum. Að slíkt svæði sé yfirhöfuð til er ótrúlegt, hreint út sagt.

Fry skilar hlutverki sínu mjög vel, enda ekki við öðru að búast hjá þessum prýðilega leikara. Með þáttunum fetar hann í fótspor kollega síns, Michaels Palin, sem hefur í sínum heimildarþáttum ferðast vítt og breitt um heiminn og kynnt sér framandi menningarheima. Báðir nálgast þeir viðfangsefni sín af virðingu og áhuga sem skilar sér auðveldlega til áhorfenda. Húmor þeirra beggja



**STEPHEN FRY Í AMERÍKU** Fry ferðast vítt og breitt um Bandaríkin í heimildarþáttum sínum.

er einnig nauðsynlegur hluti af heimildarmyndum sem þessum. Kannski ættu fleiri gamanleikarar að taka þá sér til fyrirmyndar og prófa eitthvað í svipuðum dúr. Svona þáttagerð virðist alltént vera þessum tveim bresku heiðursmönnum, Fry og Palin, í blóð borin.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00** **Paris, Texas** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.35** **30 Rock** SKJÁREINN



▶ **20.55** **NCIS** STÖÐ 2



▶ **21.15** **Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** **Mercy** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hvaða Samantha?** (16:35)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Stelpulíf** (Pigeliv) (1:4) Dönsk þáttaröð um ungar stúlkur sem sækjast eftir að komast í Stúlknakór danska útvarpsins.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Eli Stone** (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge og Sam Jaeger.

**21.05 Hrúturinn Hreinn**

▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk: Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross og Eva Longoria.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Herstöðvarlíf** (Army Wives) (26:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra. Aðalhlutverk: Kim Delaney, Catherine Bell, Sally Pressman, Brigid Brannagh og Sterling K. Brown.

**23.10 Himinblámi** (Himmelblå) (e)

**23.55 Kastljós** (e)

**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.20 Murderball**

**10.00 Tenacious D: In The Pick of Destiny**

**12.00 Draumalandið**

**16.00 Tenacious D. In The Pick of Destiny**

**18.00 Draumalandið**

▶**20.00 Paris, Texas** Dramatísk mynd um mann sem ráfar minnislaus út úr eyðimörkinni og inn í sitt gamla líf sem hann hafði sagt skilið við fyrir nokkrum árum.

**22.20 Carlito‘s Way**

**00.40 Live and Let Die**

**02.40 The Prophecy 3**

**04.00 Carlito‘s Way**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Kalli og Lóa, Harry and Toto og Íkornastrákurinn.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Sjálfstætt fólk**

**10.55 Burn Notice** (5:16)

**11.50 Gossip Girl** (1:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Worst Week** (13:16)

**13.25 Extreme Makeover: Home Edition** (15:25)

**14.10 La Fea Más Bella** (120:300)

**14.55 La Fea Más Bella** (121:300)

**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Stuðboltastelpurnar, Ruff‘s Patch og Harry and Toto, Kalli og Lóa.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.58 The Simpsons** (19:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (16:24) Fjórða sería gamanþátta um bræðurna Charlie og Alan Harper.

**19.45 How I Met Your Mother** (4:22) Sjálfstraust Teds í ástarmálum gjörbreytist þegar hann finnur aftur skyrtu sem hann hafði týnt.

**20.10 Amazing Race** (5:11) Kapphlaupið mikla er nú hafið í tólfta sinn. Sem fyrr þeysast keppendur yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.

▶**20.55 NCIS** (5:25) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum.

**21.45 Fringe** (9:23)

**22.30 Five Days** (5:5)

**23.35 Twenty Four** (2:24)

**00.20 John Adams** (2:7)

**01.50 City of Fear**

**03.20 The Glow**

**04.50 NCIS** (5:25)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Leeds - Tottenham** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

**18.05 Leeds - Tottenham** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

**19.45 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

**20.40 Augusta Masters Official Film** Masters-mótið er eitt af risamótunum fjórum í golfi. Mótið fer ávallt fram á sama velli, Augusta National, í Georgíu sem hannaður var af Bobby Jones og sigurvegarinn hlýtur ævilangan þáttökurétt á mótinu auk græna jakkans.

**21.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**22.00 Bestu leikirnir** Reykjarvíkurstórveldin KR og Fram mættust á KR-velli í lokaumferð efstu deildar karla.

**22.30 Hápunktar** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**23.25 Veitt með vinum** Veitt verður í Blöndu og allir helstu leyndardómar þessarar skemmtilegu ár skoðaðir.

**23.55 UFC 109 Countdown** Hitað upp fyrir UFC 109 þar sem mæta til leiks margir af grimmustu og færustu bardagamönnum heims.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Portsmouth.

**15.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Birmingham og Tottenham.

**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Portsmouth.

**19.00 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**19.55 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.30 PL Classic Matches**

**21.00 PL Classic Matches**

**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**22.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.55 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Bolton.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Innlit/ útlit** (2:10) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Innlit/ útlit** (2:10) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.20 Girlfriends** (13:23) (e)

**16.45 7th Heaven** (14:22)

**17.30 Dr. Phil**

**18.15 Britain‘s Next Top Model** (e)

**19.00 Game Tíví** (2:17)

**19.30 Fréttir**

**19.45 King of Queens** (2:25) (e)

**20.10 The Office** (14:28) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin.

▶**20.35 30 Rock** (16:22) Jack er að verða fimmtugur og hann reynir að endurlifa ánægjulegar stundir frá æskuárunum. Fyrrum kærasti Liz snýr aftur með óvænta játningu.

**21.00 House** Skapstirði læknirinn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans reyna þau að komast að því hvað hrjáir konu sem hné niður á matreiðslunámskeiði og komast fljótt að því að hún var virtur læknir sem sagði skilið við læknavísindin í leit að lífshamingju.

**21.50 CSI. Miami** (14:25) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.

**22.40 The Jay Leno Show**

**23.25 The Good Wife** (4:23) (e)

**00.15 The L Word** (2:12) (e)

**01.05 Fréttir** (e)

**01.20 King of Queens** (2:25) (e)

**01.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ólöf Nordal og Ólína Þorvarðardóttir mæta til leiks.

**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm með góða gesti.

**21.30 Birkir Jón** Varaformaður Framsóknarflokksins, Birkir Jón Jónsson, skoðar pólitískt landslag dagsins í dag.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.45**

### Fringe

Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Office**

### Skjár einn kl. 20.10

Skjár einn sýnir fimmtu þáttaröðina af bandarísku gamanþáttunum The Office sem byggðir eru á breskri fyrirmynd og fjalla um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin. Í þættinum í kvöld fylgjumst við með þegar Dwight tekur hlutverk sitt sem öryggisfulltrúi skrifstofunnar full alvarlega og setur í gang brunaæfingu án þess að láta samstarfsfólk sitt vita. Sú ákvörðun hefur skelfilegar afleiðingar og gæti kostað Dwight starfið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
**15.25** Mánafjöll
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Myrkir músíkdagar 2010
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.20** Leikritakvöld útvarpsins: Horft af brúnni
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Gilmore Girls** (4:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**18.30 Seinfeld** (15:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Gilmore Girls** (4:22)

**20.30 Seinfeld** (15:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 Mercy** (4:22) Þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna á Mercy-spítalanum í New Jersey. Þær eru allar einhleypar eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju enda verja þær alltof miklum tíma í vinnunni þar sem baráttan upp á líf og dauða er daglegt brauð.

**22.35 Ghost Whisperer** (2:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.

**23.20 Tell Me You Love Me** (4:10) Djarfir þættir frá HBO sem fjalla um þrjú pör sem eiga það sameiginlegt að leita til sama hjúskapar- og kynlífsráðgjafans, Dr. May Foster.

**00.10 Sjáðu**

**00.40 Fréttir Stöðvar 2**

**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Lab Rats **12.40** Blackadder Goes Forth **13.10** Absolutely Fabulous **13.40** Robin Hood **14.25** Robin Hood **15.10** My Hero **15.40** The Inspector Lynley Mysteries **16.25** Hustle **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Absolutely Fabulous **19.00** Sensitive Skin **19.30** New Tricks **20.20** Torchwood **21.10** Sensitive Skin **21.40** Only Fools and Horses **22.10** Lab Rats **22.40** Blackadder Goes Forth **23.10** Absolutely Fabulous **23.40** Torchwood

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Hvad er det værd? **13.30** Undercover chef - Falck **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Substitutterne **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Dodsbilisten **19.30** Onskehaven **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** The Devil's Own - En fjende iblandt os **22.50** Kretz tager verdens temperatur **23.45** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Med hjartet på rette staden **13.30** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Tid for tegn **16.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Krafttaket **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Team Antonsen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Spekter **23.00** Honningfellen **23.55** Kvitt eller dobbelt

## SVT 1

**12.30** Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Med huvudduk och höga klackar **16.25** Hitlåtens historia **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** Debatt **21.15** Allt för Martin **22.15** Mästarnas mästare **23.15** Uppdrag Granskning




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta ekki mikið á tónlist í vinnunni heldur mest á leiðinni í og úr henni. Á morgnana hlusta ég á annaðhvort Bylgjuna eða morgunútvarpið á Rás 2. Svo hef ég verið að hlusta á Ást og trega sem eru lög eftir Heimi Sindrason. Síðan hlusta ég líka á ABBA.“*

Nanna Briem geðlæknir.

# Þóra framleiðir myndir í Noregi



**TIL NOREGS** Þóra verður framleiðslustjóri yfir nokkrum heimildarmyndum í Noregi.

„Ég var boðuð í atvinnuviðtal um leið og mér var sagt upp á RÚV,“ segir Þóra Tómasdóttir, fyrrverandi sjónvarpsmaður í Kastljósinu.

Þóra flytur til Noregs á næstu vikum og hefur störf hjá kvikmyndafyrirtækinu Svensk Filmindustri (SF). Fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Svíþjóð en Þóra mun starfa hjá fyrirtækinu í Ósló. SF framleiðir og dreifir kvikmyndum, sjónvarpsefni og heimildarmyndum.

„Þetta er rosalega spennandi. Ég verð framleiðslustjóri yfir nokkrum heimildarmyndum,“ segir Þóra. „Svo verð ég í öðrum fjölbreyttum verkefnum.“ Þóra gerði heimildarmyndina Stelpurnar okkar, sem var frumsýnd í fyrra og fjallar um frábæran árangur íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta. Heimildarmyndagerð er að hennar sögn fjársveltur iðnaður á Íslandi í dag og hún segir ótrúlegt að geta nú unnið við heimildarmyndir. „Það er allavega ekki hægt á Íslandi,“ segir hún.

Þóra fór út um síðustu helgi, gekk frá starfinu skriflega og tók íbúð á leigu.

Hún hyggst búa í Noregi í sjö mánuði og sjá svo til hvort hún vilji dvelja þar áfram.

Ertu komin í draumastarfið?

„Ég veit það nú ekki, en þetta er að minnsta kosti mjög spennandi vinna og það sem mig langar að vinna við. Ég læri hvernig almennilega fjármögnuð verkefni eru unnin.“

Nánar verður rætt við Þóru í helgarblaði Fréttablaðsins á laugardag. - afb



**LÁRÉTT**
**2.** rönd, **6.** frá, **8.** hlóðir, **9.** fugl, **11.** skóli, **12.** gorta, **14.** vinna, **16.** stefna, **17.** óvild, **18.** að, **20.** óreiða, **21.** blóðsuga.

**LÓÐRÉTT**
**1.** svik, **3.** í röð, **4.** greftrunar, **5.** nægilegt, **7.** pedali, **10.** þrot, **13.** hald, **15.** skraut, **16.** erlendis, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** brún, **6.** af, **8.** stó, **9.** lóm, **11.** fg, **12.** státa, **14.** starf, **16.** út, **17.** kal, **18.** til, **20.** rú, **21.** igla. **LÓÐRÉTT: 1.** fals, **3.** rs, **4.** útfarar, **5.** nóg, **7.** fótstig, **10.** mát, **13.** tak, **15.** flúr, **16.** úti, **19.** ll.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Sergei Lavrov.
2. Hjá Straumi fjárfestingarbanka.
3. Hópur villihunda.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

STEED LORD: Á LEIÐ Í TÓNLEIKAFERÐ UM AMERÍKU

# Steed Lord í auglýsingu með Jason Lee og Stormare

Íslenska hljómsveitin Steed Lord leikur eitt aðalhlutverkanna í nýrri auglýsingu sænska fatamerkisins WESC sem nú er sýnd um öll Bandaríkin. Meðal annarra sem koma fyrir í auglýsingunni eru Jason Lee, aðalstjarnan úr sjónvarpsþáttunum vinsælu My Name Is Earl, og Peter Stormare en hann er sænskur og hefur leikið í kvikmyndum á borð við Fargo og Dancer in the Dark. WESC er feikilega vinsælt í hipp/hopp-heiminum í Svíþjóð og hefur smám saman haslað sér völl í Bandaríkjunum. Steed Lord er á samningi hjá merkinu og hafa myndir af hljómsveitarmeðlimum í klæðnaði frá fyrirtækinu birst í Billboard Magazine og öðrum tísku-og tónlistartímaritum.

Að sögn Björgvins Halldórssonar, föður Svölu Björgvins, söngkonu sveitarinnar, eru Steed Lord-liðar nú á fullu við upptökur á nýrri plötu. Síðan er stefnt á stóran Ameríkutúr í mars og apríl á þessu ári. „Þetta merki sem þau eru á samning hjá er svona „trendy“-sportmerki og gerir bæði heyrnartól og fatnað,“ útskýrir Björgvin en Steed Lord hefur auglýst heyrnartólin fyrir WESC í sjónvarpi. Björgvin segir jafnframt að sveitin hafi verið talsmenn þessa merkis í tvö ár og að hún hafi leikið í fjölmörgum öðrum auglýsingum. „Þetta merki gerir út á listasenuna og svo er Steed Lord náttúrlega líka miklu meira en bara hljómsveit; þau eru „a band and a brand,“ útskýrir Björgvin og bætir við að það hafi verið það fyrsta sem WESC kom auga á. Og svo hafi þeim líka litist vel á þá tónlist sem sveitin flytur.

Björgvin kveðst vera stoltur af krökkunum, þau séu einfaldlega að elta drauminn sinn. „Þetta er mikil vinna, þau eru nánast að allan sólarhringinn. Þau eru með góðan umboðsmann og eru virkilega að vinna í sínum málum,“ útskýrir Björgvin og bendir á að þau séu að eftirvinna lögin sín í hljóðveri þar sem flestar Beastie Boys-plöturnar hafa fæðst.

freyrgigja@frettabladid.is



**Í TÍSKUAUGLÝSINGU**

Svala Björgvins í fötum frá WESC í nýrri auglýsingu frá fyrirtækinu. Meðal annarra sem koma fyrir í umræddri sjónvarpsauglýsingu eru leikararnir **Jason Lee** og **Peter Stormare** en sá fyrrnefndi er stjarnan úr My Name Is Earl. Sá síðarnefndi varð heimsfrægur fyrir leik sinn í Coen-myndinni Fargo.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fólkið á bak við vaktarþættina og kvikmyndina Bjarnfreðarson ætlar á næstunni að hittast á bensínstöðinni við Laugaveg, þar sem Næturvaktin var tekin upp. Hópurinn ætlar að taka upp átta grínatriði sem eiga að styðja við bakið á íslenskri kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð vegna hugsanlegs niðurskurðar á styrkjum frá ríkinu. Georg, Daníel og **Ólafur Ragnar** hittast því á ný á fornfrægum slóðum, en atriðin verða sýnd á Edduverðlaunahátíðinni í febrúar.



Rapparinn **Diddi Fel** hefur vakið athygli fyrir lagið Sjúkur, en í viðlaginu segist hann vera sjúklega freðinn og sjúklega graður. Nú er ljóst að platan Hesthúsið með Didda er væntanleg í febrúar – rappunnendum landsins til mikillar gleði. Diddi er enginn nýgræðingur og hefur mundað hljóðnemann með hljómsveitinni Forgotten Lores undanfarin ár. Þá hafa ástarmál rapparans verið á milli tannanna á fólki, en Séð og heyrt greindi nýlega frá því að hann ætti í ástarsambandi við fyrirsætuna Ornellu Thelmudóttur. Hún varð þekkt á síðasta ári fyrir að sitja fyrir hjá Playboy, þó að birting myndanna standi á sér.



Útvarpsþættir spretta upp eins og gorkúlur þessa dagana. Útvarpsrisaeðlan Þossi og rappmógullinn Dóri DNA eru komnir með þætti á Rás 2 og nú hefur söngvarinn silkimjúki, **Snorri Helgason**, úr Sprengjuhöllinni, bæst í hóp útvarpsmanna og byrjar með poppperraþáttinn Yoko Onó á X-inu á laugardaginn klukkan 14. Þátturinn ku vera fyrir fólk sem hefur óvenju mikla ánægju af því að pæla í tónlist og tónlistarsögu. - afb

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
GLÆNÝ LÍNUÝSA
RAUÐMAGI
ÝSA Í RASPI
PLOKKFISKUR
FISKIBOLLUR
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Gunnar leitar að Sollu Stirðu

„Það verða opnar prufur og þær fara fram laugardaginn 13. febrúar á Hilton Nordica-hóteli við Suðurlandsbraut. Hefjast stundvíslega klukkan tíu og fólk á að mæta tímanlega því við finnum fyrir miklum áhuga og búumst við miklum fjölda,“ segir Gunnar Helgason, leikstjóri Latabæjarskemmtunarinnar sem fram fer í Laugardalshöll hinn 27. mars. Stelpur á aldrinum 8-28 ára geta þá mætt og reynt fyrir sér í hlutverki hinnar skeleggu Sollu stirðu en sú sem verður fyrir valinu mun hafa í nógu að snúast því næg verkefni eru fram undan hjá Latabæ á næstunni. „Við viljum gefa öllum umsækjendum nægan tíma til að láta ljós sitt skína og þess vegna verða tvær dómnefndir; Magnús Scheving og Máni Svavarsson verða auk systranna Guðfinnu og Birnu Björnsdætra. Þá mun Margrét Eir verða sérstakt tóneyra,“ útskýrir Gunnar.

Solla er vafalítið einhver þekktasta íslenska stelpan í heiminum í dag, fyrir utan kannski Björk, þótt ekki séu margir áhorfendur í útlöndum sem gera sér grein fyrir þjóðerni hennar. Svo skemmtilega vill til að sú sem lék Sollu áður, Linda Ásgeirsdóttir, er að leika undir stjórn Gunnars í öðru leikriti um þær Skoppu og Skrítlu.

Gunnar vildi hvetja allar stúlkur á þessum aldri til að mæta því Latibær væri alltaf að leita eftir hæfileikafólki. „Okkur vantar alltaf dansara og það er alltaf gott að vera kominn á lista.“ Skráning hefst á vísir.is á mánudaginn í næstu viku en hægt verður að nálgast lögin hennar Sollu á Latibær.is og Bylgjan.is. - fgg



**ALLIR EIGA AÐ MÆTA** Stelpur á aldrinum 18-28 ára eru hvattar til að mæta í áheyrnarprufur fyrir hlutverk Sollu stirðu hjá Latabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Tvær frábærar sýningar kveðja
PBB, Fréttablaðið
Söngva Seiður
Vinsælasti söngleikur ársins kveður!
Síðustu sýningar
6. og 7. febrúar
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Ingvar E. Sigurðsson
Höfundur og leikstjóri | Jón Atli Jónasson
DJÚPIÐ
PBB, Fréttablaðið
Síðasta tækifæri að sjá Ingvar E. Sigurðsson
fara á kostum í þessari mögnuðu sýningu.
Allra síðasta sýning fimmtudaginn 11. febrúar
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ

9 771670 387005

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sinnepsþrá Kananna

Enn ein fjöðurin hefur bæst í hatt vinsælasta pylsusala landsins, Bæjarins beztu við Tryggvagötu. Menachem Kaiser, blaðamaður tímaritsins The Atlantic, var á ferð um Ísland fyrir skömmu og skrifar lærða grein um pylsumenningu Íslendinga á vefsíðu tímaritsins. Segir hann Bæjarins beztu tróna á toppi menningar sem teygir anga sína inn í allar sjoppur og verslunarkjarna landsins og hafi meðal annars þjónað sjálfum **Bill Clinton**. Í athugasemdum undir greininni taka saddir Bandaríkjamenn undir og einn segir pylsurnar fínar, en sinnepið eitthvað sem hann þráir.



- afb

### Íhugar að kæra The Sun

Fótboltakappinn **Eiður Smári Guðjohnsen** íhugar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að höfða mál gegn breska slúðurblaðinu The Sun fyrir að birta frétt um að hann hefði átt í ástarsambandi við frönsku undirfatafyrirsætuna Vanessu Perroncel. Óvíst er þó hvort af henni verði því bresk slúðurblöð þykja sérlega slungin þegar kemur að meiðyrðamálum. Eiður Smári var sagður einn af fimm fyrrverandi og núverandi leikmönnum Chelsea sem hefðu átt vingott við fyrirsætuna. Bæði Eiður Smári og Vanessa vísuðu þessu á bug í fjölmiðlum í gær. Eiður stendur sem kunnugt er í meiðyrðamáli hérlendis líka, en þar stefnir hann DV fyrir brot gegn friðhelgi einkalífsins vegna frétta af fjármálum hans.



- fb

### Mest lesið visir.is

1. Kærir líflátshótun á Facebook til lögreglunnar
2. Eiður Smári neitar ásökunum um framhjáhald
3. Vanessa neitar að hafa átt í ástarsambandi við Eið Smára
4. Leita að þrjátíu þúsund lítra vatnstanki
5. Maður á áttræðisaldri dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir misnotkun

TILBOÐ..!
- 20% AFSLÁTTUR
SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
• ELDHÚSINNRÉTTINGAR
• BAÐINNRÉTTINGAR
• ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR
• FATASKÁPAR
• VASKAR OG BLÖNDUNARTÆKI
Af hverju að borga meira?
ORMSSON
• SMÁRALIND · Sími 530 2908
• LÁGMÚLA 8 · Símai 530 2821
• ORMSSON–AKUREYRI · Sími 461 5003
• MODEL/ORMSSON–AKRANESI · Sími 431 3333

Lokahelgi
ÚTSALA
50%
afsláttur af öllum vörum
herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410
BOSS HUGO SAND strellson POLO RALPH LAUREN CANALI
PAL ZILERI bugatti LLOYD eterna Van Gils gardeur FINUCCI collezione

